FRÉTTABLAÐIÐ

39. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 15. FEBRÚAR 2020

Ég hef horft upp á fólk missa ástvini sína.

Sama um slæmt umtal

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir komst í fréttir þegar gengið var fram hjá henni við ráðningu þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum og enn við ráðningu útvarpsstjóra. ➔ 22

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Við elskum Ísland

Casper Christensen úr Klovn í einkaviðtali. ➔ 28

Tónlistin heilandi

Hildur Vala um ferilinn og Eurovision. ➔ 24

Vonskuveður um allt land

Veðurhamurinn í máli og myndum. ➔ 2 og 4

Veður



Lægir talsvert á landinu í kvöld og nótt. Gengur í A og NA 13-20 m/s á morgun, en 20-25 um tíma syðst. Rigning eða slydda um landið S- og A-vert, en snjókoma á Vestfjörðum. SJÁ SÍÐU 42

Wei Li afhenti 170 kíló af mynt.

Nýta myntina í uppbyggingu

SAMFÉLAG „Við munum nota þetta í uppbyggingu í Hlaðgerðarkoti, það er alltaf þörf," segir Guðmundur G. Sigurbergsson, fjármála- og rekstrarstjóri Samhjálpar, um myntina sem samtökin fengu að gjöf frá kínverska ferðamanninum Wei Li.

Li hafði ferðast frá Kína með 170 kíló af skemmdri íslenskri mynt en var neitað um að fá að skipta myntinni hér á landi. Gaf hann því Samhjálp stóran hluta hennar.

Guðmundur segir að gjöfin muni nýtast samtökunum vel og að starfsfólk Samhjálpar sé afar þakklátt Li. „Við erum ótrúlega ánægð með að fá þessa peningagjöf, því að þetta eru náttúrulega bara peningar," segir Guðmundur.

Hann segist ekki trúa öðru en að auðvelt reynist að koma myntinni í verð. „Ég sé enga ástæðu fyrir því að við ættum ekki að geta skipt þessu," segir Guðmundur.

„Mynt glatar ekki verðgildi sínu þó hún beyglist og peningaseðill glatar ekki verðgildi sínu þó hann rifni eða verði sjúskaður. Þannig að ég sé bara enga ástæðu fyrir því að við ættum ekki að geta innleyst þetta," segir hann.

Guðmundur segist ekki vera búinn að telja myntina en að samtökin muni um allt. „Ég geri mér ekki grein fyrir því hversu mikil verðmæti þetta eru en ég veit að okkur munar um þetta." **– bdj**

Ágjöf við Hörpuna

Vart fór fram hjá neinum að austan bál gerði um sunnan-, vestan- og norðanvert landið í gær og í aðdraganda þess var gefin út rauð viðvörun í fyrsta sinn á höfuðborgarsvæðinu. Eins og sjá má var hásjávað í Reykjavík um það leyti sem vindasamast var og gengu öldurnar yfir hafnargarðana við Hörpuna. Veður tók að lægja þegar leið á daginn en búast má við að hvessi á ný í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Brynhildur mun stýra leikhúsinu

MENNING Brynhildur Guðjónsdóttir hefur verið ráðin leikhússtjóri Borgarleikhússins en Kristín Eysteinsdóttir, fráfarandi leikhússtjóri, óskaði eftir að fá að ljúka störfum þó að skipunartími hennar renni ekki út fyrr en á næsta ári.

Brynhildur Guðjónsdóttir.

Brynhildur hefur starfað við Borgarleikhúsið síðastliðin átta ár en hún hefur yfir tuttugu ára leikhúsreynslu og hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir framlag sitt til lista. Þá hefur hún verið sæmd riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf í þágu íslenskrar leiklistar. **– ilk**

Semja um 2,6 milljarða verkefni á Asóreyjum

Jarðboranir munu bora níu jarðhitaholur á Asóreyjum. Forstjóri félagsins segir stöðu á heimamarkaði erfiða og telur að borframkvæmdir hér verði í lágmarki næstu tvö árin. Félagið sækir því frekari verkefni erlendis.

ORKUMÁL Jarðboranir hf. hafa tryggt sé verkefni fyrir 2,6 milljarða króna á Asóreyjum að því er kemur fram í tilkynningu sem fyrirtækið sendi frá sér. Forstjórinn segir borframkvæmdir á Íslandi verða í lágmarki næstu tvö árin.

„Sú neikvæða umræða sem er á Íslandi varðandi frekari orkuvinnslu er áhyggjuefni. Ef sú umræða verður til þess að hér verða engar framkvæmdir í framtíðinni þá mun það leiða til þess að sú sérfræðiþekking sem við höfum byggt upp á undanförnum áratugum mun smám saman hverfa," segir Sigurður Sigurðsson, forstjóri Jarðborana.

Hið nýja verkefni á Asóreyjum sem er portúgalskur eyjaklasi í miðju Norður-Atlantshafinu, snýst um borframkvæmdir á eyjunum Sao Miguel og Terceira. Samningur Jarðborana er við portúgalska orkufélaginu EDA Renováveis.

Sigurður segir Jarðboranir hafa fengið verkið í samkeppni við tvö önnur evrópsk borfyrirtæki í útboði á Evrópska efnahagssvæðinu. Bora eigi níu holur sem verði á bilinu 1.000 til 2.300 metra djúpar. Verkið á að taka eitt til eitt og hálft ár.

„Þessi samningur er mikilvægur fyrir félagið, þar sem borframkvæmdir á Íslandi verða í lágmarki næstu tvö árin. Eins og staðan er núna á okkar mikilvæga heimamarkaði, þá munu Jarðboranir reyna að sækja frekari verkefni erlendis, á meðan starfsemi á Íslandi verður í lágmarki," segir Sigurður.

Að sögn Sigurðar er áætlað að flytja borinn Óðin á vordögum frá eyjunni St. Vincent í Karíbahafi, þar sem Jarðboranir eru að ljúka við þrjár jarðhitaholur. „Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist á Asóreyjum í sumar, fyrst á eyjunni Sao Miguel þar sem fyrir eru tvö raforkuver sem nýta jarðhitann úr holum sem boraðar voru af Jarðborunum fyrir um átta til fimmtán árum," segir hann.

Sigurður segir að á síðustu fimmtán árum hafi fyrirtækið unnið mikið starf í að sækja verkefni erlendis og borað jarðhitaholur í tíu löndum víðs vegar um heiminn.

„Félagið nýtur virðingar á hinum alþjóðlega markaði vegna sérþekkingar sinnar sem það hefur aflað sér hér á landi og erlendis. Áhugi á nýtingu jarðhita til orkuvinnslu og húshitunar fer vaxandi víða erlendis, þar sem um er að ræða vistvæna og endurnýjanlega orku." segir forstjóri Jarðborana. **david@frettabladid.is**

Jarðboranir hafa áður borað eftir jarðhita á Asóreyjum. Félagið undirbýr nú nýtt stórverkefni þar upp á 2,6 milljarða króna. MYND/JARÐBORANIR

> **Eins og staðan er núna á okkar mikilvæga heimamarkaði, þá munu Jarðboranir reyna að sækja frekari verkefni erlendis.**
>
> Sigurður Sigurðsson, forstjóri Jarðborana

+PLÚS





Austanhvellur gekk yfir í gær

Ljósmyndarar Fréttablaðsins voru á kreiki í illviðrinu sem gekk yfir hluta landsins í gær. Enda er sagt að mynd segi meira en mörg orð.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

LADY málning
25% afsláttur

Hillurekkar
20% afsláttur

GROHE
Blöndunartæki
25% afsláttur

Flísar
25% afsláttur

RAUÐIR DAGAR
Í HÚSASMIÐJUNNI

Vinyl parket
30% afsláttur

Ryksugur
20% afsláttur

Fjölskyldufjör í Skútuvogi

Latibær skemmtir laugardag kl. 14

Gefum ÍS
alla helgina
kl. 12-15

36% afsláttur

BLACK+DECKER

15.995 kr
~~24.995 kr~~
Borvél 18V + 80 fylgihlutir
Rafhlöður 2 stk.
5245561

9 ltr.
25% afsláttur
Græn vara

7.796 kr
~~10.395 kr~~
Verð á lítra 866 kr
Jotun vegg- og loftamálning
Auðveld í notkun, þekur vel.
7119781,7119784

30% afsláttur
NEO TOOLS

31.995 kr
~~45.495 kr~~
Verkfæraskápur NEO 84-221
NEO, skápur á hjólum, 6 skúffur, hæð 103, breidd: 68, dýpt 46 cm.
5024494

Vinsæl vara

damixa
38.990 kr
Eldhústæki
Damixa, Silhouet, svart.
8000048

VALENTÍNUSAR-HELGI Í BLÓMAVALI

2 FYRIR 1 Í BÍÓ
FYLGIR ÖLLUM BLÓMVÖNDUM
Gildir á nýju KLOVN myndina á meðan birgðir endast

10 STK.
Túlípanar 10 stk.
25% afsláttur
1.490 kr
~~1.990 kr~~

Sjáðu verðið

Electrolux
58.490 kr
~~64.990 kr~~
Uppþvottavél
Orkunýting A++., 30 minútna hraðkerfi, 6 þvottakerfi.
1805695

25% afsláttur
GROHE

11.993 kr
~~15.990 kr~~
Handlaugartæki
Grohe Start, stærð-M.
7910818

30% afsláttur
Monstera
Verð frá:
1.990 kr
~~2.690 kr~~

30% afsláttur
Orkidea, 12 cm pottur
1.880 kr
~~2.690 kr~~

OUTLET ÚTSÖLUMARKAÐUR Í SKÚTUVOGI | OPNAR Í DAG OUTLET

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

TÖLUR VIKUNNAR 02.02.2020 TIL 08.02.2020

1,3
tonna flugeldur var sprengdur í Bandaríkjunum, sá stærsti í heiminum hingað til.

62
tillögur bárust fyrir nafn á nýju sameinuðu sveitarfélagi á Austurlandi.

3.186
fyrirtæki og félög voru nýskráð á síðastliðnu ári samkvæmt Hagstofu.

80
prósent landsmanna 15 ára og eldri eru með rafræn skilríki.

44
stundir var meðalvinnuvika einstaklinga á síðasta ári miðað við fullt starf.

Þrjú í fréttum

Óskarinn, íslensk mynt og uppsögn

Hildur Guðnadóttir
tónskáld

vann Óskarsverðlaun fyrst Íslendinga fyrir tónlist sína í kvikmyndinni Joker. Meðal tilnefndra voru skáld á borð við John Williams og Randy Newman. Hildur hefur hlotið fjölda verðlauna undanfarið fyrir tónlist sína í Joker og HBO-þáttunum Chernobyl.

Wei Li
ferðamaður

fékk ekki skipt 1,6 milljónum króna, eða um 170 kílóum af íslenskri mynt, sem hann ferðaðist með til landsins. Fulltrúi Arion banka sagði bankanum ekki skylt að taka við peningum frá aðilum sem eru ekki í viðskiptum við bankann en Li gaf síðar Samhjálp hluta myntarinnar.

Birni H. Halldórssyni
framkvæmdastjóra Sorpu

var sagt upp störfum á fundi stjórnar Sorpu. Í tilkynningu frá stjórninni segir að ákvörðunin eigi sér meðal annars stoð í skýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Í yfirlýsingu til fjölmiðla lýsti Björn yfir vonbrigðum með niðurstöðuna og sagðist telja að stjórnin væri að varpa athygli frá sjálfri sér með uppsögninni.

Óveður gekk yfir landið í gær

Áhrifa óveðursins sem gekk yfir landið í gær gætti víða. Bátur sökk í Vestmannaeyjahöfn. Rýma þurfti hús í Garði er kjallarinn fylltist af vatni. Maður slasaðist í Hvalfirði og nokkur truflun varð á rafmagni.

ÓVEÐUR Óveðrið sem gekk yfir landið í gær hafði áhrif víða en rauð viðvörun var í gildi fyrir sunnanvert landið aðfaranótt föstudags.

Aldrei fyrr hefur verið gefin út rauð viðvörun fyrir höfuðborgarsvæðið.

Rýma þurfti hús í Garði þar sem sjór var farinn að flæða inn í kjallara eftir mikinn sjógang í bænum. Töluvert var af vatni inni í húsinu og fengu mæðgur sem þar búa aðstoð björgunarsveitar við að komast út. Þær komust ómeiddar í öruggt skjól.

Vélbáturinn og fyrrum varðskipið Blátindur sökk í Vestmannaeyjahöfn í óveðrinu í gær þar sem vindur fór í 50 metra á sekúndu. Báturinn var í eigu bæjarfélagsins og talinn mikil menningarverðmæti fyrir bæinn.

Blátindur var til sýnis á Skansvæðinu og um klukkan hálf tíu í fyrrakvöld fór hann á flot. Skömmu síðar var honum komið fyrir við bryggjuna þar sem hann svo sökk.

Þá losnuðu smábátar frá bryggjunni í Vestmannaeyjahöfn og einn bátur á Suðurnesjum.

Lögreglan í Vestmannaeyjum segir að viðvaranir og undirbúningur íbúa og eiganda fyrirtækja í Vestmannaeyjum hafa átt lykilþátt í því að ekki varð meira tjón í óveðrinu. Björgunarsveitir og lögregla höfðu sinnt á fjórða tug verkefna um miðjan dag í gær.

Karlmaður slasaðist þegar þakplata fauk á hann í Hvalfirði. Björgunarsveitarmenn frá Kjalarnesi voru kallaðir út ásamt lögreglu og gekk vel að koma manninum af vettvangi. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar en ekki liggja fyrir upplýsingar um ástand hans.

Allt skólahald í leik- og grunnskólum höfuðborgarinnar féll niður í gær og fjöldi verslana og fyrirtækja lokaði starfsemi sinni vegna veðurs. Þá varð þó nokkur röskun á almenningssamgöngum.

Sömu sögu má segja um landið allt nema á Akureyri þar sem skólar voru opnir.

Rafmagn fór af víðs vegar um landið, til að mynda á Höfn í Hornafirði og í Vík í Mýrdal. Í Vík var rafmagn skammtað og þar var fólk beðið að fara sparlega með rafmagn.

Í Landeyjum brotnuðu 27 rafmagnsstaurar.

birnadrofn@frettabladid.is

Björgunarsveitarmenn þurftu að vanda sig við að standa í fæturna við Reykjavíkurhöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fauk ofan af fjölskyldu á Rangárvöllum

„Það varð töluvert tjón á nokkrum stöðum, sérstaklega á húsum og bæjum uppi á Rangárvöllum," segir Grímur Hergeirsson, settur lögreglustjóri á Suðurlandi.

Óveðrið sem gekk yfir landið í gær varð ekki síst öflugt á Suðurlandi. „Við höfum ekki fengið neinar tilkynningar um að það hafi orðið slys á fólki hérna hjá okkur," segir Grímur. „Það voru fáir á ferðinni og það hefur hjálpað til þess að fólk var ekki að lenda í vandræðum."

Að sögn Gríms var aðallega um að ræða fok á lausamunum og þakplötum og skemmdir á útihúsum.

„Það gaf sig veggur á skemmu á einum bæ. Á öðrum bæ féll fóðursíló og lenti á fjósinu. Síðan féll fjárhús. Það var töluvert mikið af rafmagnsstaurum sem brotnuðu," segir Grímur.

Á bænum Lambhaga þurfti heimilisfólkið að sögn Gríms að yfirgefa íbúðarhúsið er burður í þaki gaf sig. Ábúandinn gaf sér ekki tíma til að ræða við blaðamann í gær. – **gar**

FRÉTTABLAÐIÐ
Meira á frettabladid.is



FRELSI TIL AÐ FERÐAST

Jeppasýning Toyota er fyrir löngu orðin fastur liður í tilveru jeppamanna og útivistarfólks. Við sýnum Toyota jeppa í öllum stærðum og gerðum. Toyota Hilux verður heiðraður með sögusýningu.

Stjörnur sýningarinnar eru:
Konungur jeppanna Land Cruiser 150 og Hilux sem gerir alla daga að Hilux dögum ásamt alhliða sportjeppanum RAV4.

Komdu með okkur í fjörið í dag, laugardag, frá kl. 12 - 16 í Kauptúni.

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ, sími: 570-5070

Ellingsen: Kynnir fjórhjól, sexhjól, Buggy-bíla o.fl.
Arctic Trucks: Kynnir jeppabreytingar o.fl.
Hafsport: Græjar allt í sjósportið.
Klettur: Með dekkin undir jeppann.
Feed the Viking: Veganesti fyrir ævintýrin.
Ferðafélag Íslands: Myndir af Fjallabaksleið og Tómas Guðbjartsson sýnir myndir frá hjarta Íslands.
Neyðarlínan: Kynnir starfsemi sína.
Blái Herinn: Tekur á móti nýjum Hilux.
Brenderup-kerrur til sýnis og sölu.
Prince Polo - fastur gestur í ferðalaginu.

FÉLAG RAFEINDAVIRKJA
STOFNAÐ 1968

Framboð í trúnaðarstöður

FRV

Samkvæmt 35. gr. laga Félags rafeindavirkja skal auglýsa frest til framboðs.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til **kl. 12 á hádegi 2. mars 2020**

Reykjavík 15. febrúar 2020

Stjórn Félags rafeindavirkja





Með því að svara spurningum birtast niðurstöður um persónuleikann á myndrænan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landinn áhugasamur um persónuleika sinn

Um 35 þúsund manns tóku þátt í persónuleikarannsókn Íslenskrar erfðagreiningar fyrsta sólarhringinn sem prófið var á netinu. Kári Stefánsson segir að setja megi rannsóknina í samhengi við aðrar rannsóknir fyrirtækisins.

VÍSINDI „Þetta gerðist þannig að það voru 100 til 200 starfsmenn sem féllust á að taka þetta próf og fengu leyfi til að deila niðurstöðunum á Facebook. Á sólarhring voru allt í einu 35 þúsund manns búnir að taka prófið. Þannig að þetta gerðist ansi hratt og dálítið óvænt," segir Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, um rannsókn fyrirtækisins á persónuleika.

Um er að ræða próf sem hægt er að taka á heimasíðunni personuleiki.is en þátttakendur verða að hafa rafræn skilríki til að taka þátt. Fólk svarar spurningum um persónuleika sinn og birtast niðurstöðurnar á myndrænan hátt. Hægt er að sjá hvernig viðkomandi kemur út í samanburði við aðra þátttakendur.

Kári leggur áherslu á að gögnin sem berist séu algjörlega ópersónugreinanleg en rannsóknin hefur hlotið leyfi Vísindasiðanefndar. „Við höfum engan áhuga á persónuleika einstaklingsins. Við erum eingöngu að reyna að finna út hvað það er sem skilgreinir hóp af fólki sem er með sams konar persónuleika," segir Kári.

> **Okkur langar að skilja hvernig heilinn býr til persónuleika og hvaða líffræðilegu ferlar búa þar að baki.**
>
> Kári Stefánsson, forstjóri ÍE

Íslensk erfðagreining hefur í rúm 20 ár leitað skýringa á því hvernig breytileikar í erfðamengi mannsins leiði til mannlegs fjölbreytileika. Kári segir að þá skipti töluverðu máli að skilja hvernig heilinn virki.

„Okkur langar að skilja hvernig heilinn býr til persónuleika og hvaða líffræðilegu ferlar búa þar að baki. Þegar þú ert kominn með slíka breytileika sem hafa áhrif á persónuleika er spennandi að kanna hvort þeir tengjast einhverjum sjúkdómum."

Það sé ljóst að persónuleiki hafi áhrif á það hvernig við bregðumst við umhverfinu. „Hvernig við bregðumst við okkar umhverfi hefur meðal annars áhrif á það hvaða sjúkdóma við fáum. Það má setja þessa rannsókn í samhengi við margar aðrar rannsóknir sem við erum að vinna núna og höfum unnið fram til dagsins í dag."

Kári segir að miðað við hvernig viðtökurnar hafi verið í upphafi megi búast við að enn bætist í þátttökuna um helgina.

„Þetta var sett í loftið rétt fyrir óveður. Þá sátu menn heima og höfðu ekkert að gera og hafa sjálfsagt tekið þetta sem einhvers konar samkvæmisleik. Það má kannski segja að það sem maður hafi lært af þessu sé að það beri að setja í loftið rannsóknir sem eru gerðar í gegnum netið daginn fyrir óveður."

Sjálfur segist Kári ekki enn vera búinn að taka prófið. „Ég var að koma frá Kaliforníu og þegar maður er nýkominn þaðan hefur maður allt annan persónuleika heldur en venjulega. Ég ætla að bíða með þetta þangað til ég er búinn að ná mér af jet-laginu."

sighvatur@frettabladid.is

Hæstiréttur býður í 100 ára afmæli

TÍMAMÓT Hæstiréttur efnir til hátíðarsamkomu í Þjóðleikhúsinu á morgun, 16. febrúar, til að fagna 100 ára afmæli réttarins en fyrsta þinghald réttarins var 16. febrúar 1920 og hefur sá dagur síðan verið talinn afmælisdagur Hæstaréttar.

Hátíðarsamkoman er fyrir boðsgesti eingöngu og munu forseti Íslands, forseti Alþingis, forseti Hæstaréttar, forseti Hæstaréttar Noregs, forsætisráðherra og dómsmálaráðherra flytja ávörp.

Utan ávarpa verða tvö erindi flutt; Markús Sigurbjörnsson, fyrrverandi forseti Hæstaréttar, fjallar um Hæstarétt í aldarspegli og norski prófessorinn Mads Bryde Andersen fjallar um framsækni, innan og utan norræns réttar.

Hæstiréttur fær veglega afmælisgjöf frá Alþingi, en í tilefni af aldarafmælinu hefur Alþingi falið forseta þess að ganga til samstarfs við Þjóðskjalasafn Íslands og Sögufélag um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi. Alþingi hefur samþykkt að styrkja útgáfuna fjárhagslega um 10 milljónir á ári næstu 10 ár. **– aá**

Ávörp, erindi og tónlist munu einkenna afmælisdagskrá réttarins á morgun.

> **Fyrsta þinghald Hæstaréttar fór fram 16. febrúar 1920.**

TAX FREE DAGAR

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

TAXFREE* AF ÖLLU GARNI OG BÚSÁHÖLDUM

13. - 17. FEBRÚAR

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

HAGKAUP

Hefja starfsemi bílastæðasjóðs á Seltjarnarnesi í næsta mánuði

SELTJARNARNES Samþykkt um Bílastæðasjóð Seltjarnarnesbæjar og gjaldskrá hefur verið samþykkt í bæjarstjórn og mun starfsemi sjóðsins að öllum líkindum hefjast í næsta mánuði.

„Það var tekin ákvörðun um þetta síðastliðið haust og nú erum við að fara í innleiðingu," segir Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness.

Ekki stendur til að taka upp gjaldskyld stæði í bænum og verður gjaldskrá sú sama fyrir umferðarlagabrot og í Reykjavík. „Við ætlum ekki að setja upp stöðumæla, þetta byggir á því að hafa möguleikann á því að beita sektum ef um umferðarlagabrot er að ræða. Svo sem að leggja uppi á gangstétt, í veg fyrir gangandi vegfarendur eða stæði fyrir sjúkrabíla eða fatlaða," segir Ásgerður og bætir við að þó nokkuð sé um brot af þessu tagi í bænum.

„Það hefur verið ósk um það í bænum að þetta kerfi sé tekið upp og vonandi fer þetta í gang strax í næsta mánuði," segir Ásgerður. **– bdj**

Bærinn svarar kallinu um ráðstafanir gegn stöðubrotum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Við ætlum ekki að setja upp stöðumæla, þetta byggir á því að hafa möguleikann á að beita sektum ef um umferðarlagabrot er að ræða.**
>
> Ásgerður Halldórsdóttir

Tilkynning



Elva Dögg Jóhannesdóttir
Augnlæknir

Það gleður okkur að tilkynna að **Elva Dögg Jóhannesdóttir** augnlæknir hefur hafið störf á augnlæknastofunni Augljósi

Tímapantanir í síma
414 7000

AUGLJÓS
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

S. 414 7000 · Glæsibær / Vesturhús, 2. hæð · 104 Reykjavík · www.augljos.is

Atkvæðagreiðsla um aðgerðir hefst á mánudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Víðtækar aðgerðir BSRB

KJARAMÁL Frístundaheimili á höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi verða lokuð frá og með 9. mars komi til verkfallsaðgerða aðildarfélaga BSRB. Atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun hefst á mánudaginn og nær til sautján aðildarfélaga.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá BSRB. Aðgerðirnar gætu náð til um 18 þúsund starfsmanna ríkis, sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar. Samningar BSRB hafa verið lausir frá byrjun apríl á síðasta ári.

Um er að ræða hóp félagsmanna BSRB sem starfa meðal annars á Landspítalanum og í annarri heilbrigðisþjónustu, velferðarþjónustu, skólum, leikskólum og frístundaheimilum. Einnig er um að ræða starfsfólk í sundlaugum, íþróttahúsum og starfsfólk sem sinnir þjónustu við aldraða og fatlaða.

Verða aðgerðirnar tvískiptar en þannig myndi þorri félagsmanna leggja niður störf á ákveðnum dögum. Hins vegar færu ákveðnir hópar í ótímabundið verkfall frá 9. mars. Þar á meðal eru starfsmenn grunnskóla og frístundaheimila á höfuðborgarsvæðinu og á Akranesi.

Verkfallsaðgerðir myndu halda áfram fram í dymbilviku en ótímabundið allsherjarverkfall félagsmanna tæki við 15. apríl. Atkvæðagreiðsla um aðgerðirnar stendur til næsta miðvikudags.

Þrjú aðildarfélög BSRB sem ekki hafa verkfallsrétt hafa lýst yfir stuðningi við aðgerðirnar. Það eru Landssamband lögreglumanna, Tollvarðafélag Íslands og Félag starfsmanna stjórnarráðsins.

Sameyki, sem er stærsta aðildarfélag BSRB, kannaði nýlega hug félagsmanna sinna til verkfallsaðgerða. Niðurstöðurnar voru þær að um 90 prósent styðja verkfallsboðun til að þrýsta á um samninga. **– sar**

JEPPADAGAR

GOTT ÚRVAL FJÓRHJÓLADRIFINNA BÍLA
Á FRÁBÆRU VERÐI

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Klettháls 2
Bílakjarnanum Eirhöfða 11
110 Reykjavík
Sími 590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Föstudaga 10–17
Laugardaga 12–16

Skoðaðu úrvalið á notadir.is

HYUNDAI SANTA FE PREMIUM
Árgerð 2016, ekinn 38 þús. km,
dísil, 2.199 cc, 200 hö, sjálfskiptur.
Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Raðnúmer: 994662
4.990.000 kr.
Verð áður 5.390.000 kr.

MERCEDES-BENZ GLS 350 D
Árgerð 2019, ekinn 10 þús. km,
dísil, 2.987 cc, 259 hö, sjálfskiptur.
Staðsetning: Bílakjarninn Eirhöfða
Raðnúmer: 391136
13.900.000 kr.

MERCEDES-BENZ GLK 220 CDI
Árgerð 2012, ekinn 77 þús. km,
dísil, 2.143 cc, 170 hö, sjálfskiptur.
Staðsetning: Klettháls
Raðnúmer: 994514
3.350.000 kr.

TOYOTA LAND CRUISER 150 GX
Árgerð 2012, ekinn 110 þús. km,
dísil, 2.982 cc, 191 hö, sjálfskiptur.
Staðsetning: Klettháls
Raðnúmer: 994736
4.790.000 kr.
Verð áður 5.190.000 kr.

KIA SORENTO EX
Árgerð 2017, ekinn 56 þús. km,
dísil, 2.199 cc, 200 hö, sjálfskiptur.
Staðsetning: Klettháls
Raðnúmer: 994199
5.490.000 kr.
Verð áður 5.890.000 kr.

KIA SPORTAGE EX
Árgerð 2018, ekinn 59 þús. km,
dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur.
Staðsetning: Klettháls
Raðnúmer: 994502
4.690.000 kr.

Birt með fyrirvara á verðbreytingum, innsláttarvillum og myndarugli

Rauði þráðurinn

Audi e-tron 50 quattro er drifinn aflgjafa íslenskrar náttúru. 100% rafdrifinn sportjeppi með allt að 328 km drægni sem kemur þér í rafmagnað samband við landið allt. Með 600 lítra farangursrými að aftan að viðbættum 60 lítrum að framan tekurðu með þér það sem þig langar.
Fjórhjóladrifinn rífur hann sig í hundraðið á sjö sekúndum og nýtur fulltingis allra nýjustu tækni og aðstoðarkerfa sem halda þér á jörðinni.

Rauði þráðurinn er 50 ára samleikur HEKLU + AUDI sem færir þér e-tron 50 á fádæma afmælisverði.

– Skoðaðu úrvalið og tryggðu þér eintak á afmælisverðinu í sýningarsalnum á netinu: hekla.is/audisalur

e-tron 50

50 ára samleikur

+ Afmælispakki Basic	+ Afmælispakki Advanced	+ Afmælispakki Advanced S-line
7.390.000 kr.	7.990.000 kr.	8.890.000 kr.

*Búnaður á mynd getur verið frábrugðinn bílum á tilboðsverði.

www.audi.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilstöðum

Gáleysi breytt í ásetning
Brenna

Í héraði var ekki talið að Vigfús Óskarsson hefði haft ásetning til að bana fólkinu sem lést í eldsvoðanum á Selfossi. Var hann sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi og fékk fimm ára dóm.
Landsréttur sakfelldi Vigfús hins vegar bæði fyrir brennu og fyrir manndráp af ásetningi og er vísað til líkindaásetnings í forsendum. Hann hafi vitað af fólkinu á efri hæð hússins og að mikill eldsmatur var í húsinu. „Gat honum ekki dulist að svo gæti farið að þau, sem uppi voru, kæmust ekki undan ef kviknaði í húsinu og líklegt væri að þau gætu beðið bana, eins og reyndin varð.

Gat honum ekki dulist að svo gæti farið að þau, sem uppi voru, kæmust ekki undan ef kviknaði í húsinu.

Líkamsárás breytt í manndráp
Án vopns eða tækja

Valur Lýðsson var sakfelldur fyrir stórfellda líkamsárás á bróður sinn og dæmdur í sjö ára fangelsi í héraði. Héraðsdómur taldi hvorki sannað að fyrir Val hefði vakað að ráða bróður sínum bana, né að honum hefði mátt vera ljóst hverjar afleiðingar atlögu hans gætu orðið.
Landsréttur taldi atlögu hans hins vegar svo ofsafengna að Val hefði hlotið að vera ljóst að langlíklegast væri að bani hlytist af henni. Var hann því sakfelldur fyrir manndráp af ásetningi og refsing hans þyngd í 14 ára fangelsi.

Tilraun til manndráps
Hnífstunga

Ingibjörg Löve fékk fimm ára fangelsi fyrir atlögu að fyrrverandi kærasta sínum. „Þótt ósannað sé að sá ásetningur hafi vaknað hjá ákærðu á fyrri stigum að ráða brotaþola bana var atlaga hennar að honum heiftúðug. Linnti hún ekki látum þó að brotaþoli stæði vopnlaus frammi fyrir henni, þá þegar sár eftir höfuðhöggið sem hún hafði veitt honum. Lagði hún til hans með hnífnum, sem hún vissi að var flugbeittur. Gat henni ekki dulist á verknaðarstundu að mannsbani gæti hlotist af atlögu í brjóstkassa með svo hættulegu vopni.“

Linnti hún ekki látum þó að brotaþoli stæði vopnlaus frammi fyrir henni.

Stórfelld líkamsárás
Hálstak og æsingsóráð

Þótt Arnar Jónsson Aspar hafi ekki lifað þá atlögu af sem hann varð fyrir á Æsustöðum í Mosfellsdal, var talið að svonefnt æsingsóráð hefði átt hlut í dauða hans og það var niðurstaða bæði ákæruvalds og dómstóla að Sveinn Gestur Tryggvason hefði ekki haft ásetning til að bana Arnari og hann hefði ekki mátt geta sér til um það æsingsóráð sem Arnar Jónsson Aspar var í þegar hann varð fyrir atlögunni að Æsustöðum. Sveinn Gestur var því ákærður og sakfelldur fyrir stórfellda líkamsárás en ekki manndráp.

Tilraun til manndráps
Hálstak

Ákærði var sakfelldur fyrir að hafa stöðvað för barnsmóður hans úr íbúð þeirra er hún reyndi að flýja ofbeldi hans „með því að taka hana hálstaki og hert þannig að öndunarvegi hennar að hún hafi ekki megnað að streitast á móti og „hafi dottið út“, það er misst meðvitund um stund með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæruskjali héraðssaksóknara. Ákærði hafi látið sér afleiðingar af þessari háttsemi sinni í léttu rúmi liggja.“ Var hann sakfelldur fyrir tilraun til manndráps. Hann var einnig sakfelldur fyrir nauðgun og frelsissviptingu og dæmdur til fangelsis í tíu ár.

Ákærði hafi látið sér afleiðingar af þessari háttsemi sinni í léttu rúmi liggja.

Hvenær drepur maður mann?

Hæstiréttur mun veita úrlausn um mörk gáleysis og ásetnings í máli manns sem sakfelldur var fyrir manndráp af ásetningi í Landsrétti en gáleysisbrot í héraði. Fréttablaðið ræðir við varahéraðssaksóknara um hugtakið ásetning í líkamsmeiðingamálum.

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Hvernig fer ákæruvaldið að því að skyggnast inn í huga þess sem fremur brot til að átta sig á hugarfari hans og ásetningi til að fremja alvarlegustu brot sem kveðið er á um í almennum hegningarlögum? Hvað ræður því hvort maður er ákærður fyrir manndráp (211. gr.) manndráp af gáleysi (215.) eða líkamsárás sem leiðir til dauða (2. mgr. 218.)?

Fréttablaðið ræddi við Kolbrúnu Benediktsdóttur varahéraðssaksóknara um hugtakið ásetning í alvarlegum líkamsmeiðingamálum og þær ákvarðanir sem ákæruvaldið stendur frammi fyrir þegar mannsbani eða alvarlegt líkamstjón hlýst af samskiptum manna á milli.

Ásetning þarf líka til afleiðinga

„Til að ákæra mann fyrir manndráp af ásetningi þarf ákæruvaldið að sýna fram á að hann hafi bæði haft ásetning til verknaðarins sjálfs og til afleiðinga hans,“ segir Kolbrún en öll brot á hegningarlögum áskilji ásetning nema ákvæði þeirra heimili sérstaklega að ákært sé fyrir gáleysisbrot.

Þótt unnt sé að sýna fram á að viðkomandi hafi framið sjálft verkið, og jafnvel sanna ásetning til að valda líkamstjóni, er ekki þar með sagt að hann hafi ætlað sér að verða manni að bana.

Hæstiréttur mun fjalla um mörk gáleysis og ásetnings í brennumálinu á Selfossi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Ákærða mátti vera ljóst“

Kolbrún vísar til kenninga í refsirétti og dómafordæma sem gefa ákæruvaldinu leiðbeiningar um mat á ásetningi.

„Þegar um tjónsbrot er að ræða erum við með nokkur ásetningsstig. Efsta stigið er beinn ásetningur en næst á eftir kemur líkindaásetningur sem er algengasta stigið í þessum alvarlegustu málum,“ segir Kolbrún og tekur dæmi um hnífstungur.

„Ef maður stingur einhvern með hnífi í brjósthol eða kviðarhol má honum vera ljóst að líklegast er að þolandinn deyi.“ Í dómafordæmum er líkindaásetningi yfirleitt lýst með þeim orðum að gerandanum hefði ekki getað dulist er hann veittist að brotaþola með hnífnum að langlíklegast væri að bani hlytist af atlögunni.

Til að lýsa líkindaásetningi betur nefnir Kolbrún þekkt fordæmi um líkamsárás sem leiddi til dauða en gerandinn gat engan veginn séð fyrir að mannsbani hlytist af, svokallaðan Ásláksdóm. Gerandinn var ákærður fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa greitt öðrum manni hnefahögg á veitingastað í Reykjavík. Við höggið rofnaði slagæð við hálshrygg mannsins sem fyrir árásinni varð, sem leiddi til heilablæðingar sem dró manninn til dauða.

Kolbrún segir að þarna hafi verið ásetningur um verknaðinn sjálfan en gáleysi um afleiðingarnar. Gerandinn hafi haft fullan ásetning til að kýla manninn en ekki til að drepa hann. Var ákærði sakfelldur fyrir stórfellda líkamsárás.

„Lét sér í léttu rúmi liggja“

Kolbrún lýsir lægsta stigi ásetnings um afleiðingar brots þannig að gerandinn kæri sig kollóttan um afleiðingar gjörða sinna.

Aðspurð segir Kolbrún að brunamálið á Selfossi kunni að vera á mörkum þessa stigs og líkindaásetnings. „En þetta lægsta stig ásetnings er líka oft á mörkum gáleysisbrots,“ segir Kolbrún. Hún segist ekki geta tjáð sig efnislega um brennumálið enda liggi endanleg niðurstaða ekki fyrir í því en hafa þurfi í huga að í málinu sé ákært fyrir tvö brot; brennu og manndráp. „Þegar svo er þarf ekki að vera sama ásetningsstig fyrir bæði brotin. Ákærði gæti hafa haft beinan ásetning um að kveikja í húsi og látið sér í léttu rúmi liggja hvort eldsvoðinn verður þeim að bana sem sofa í húsinu,“ segir Kolbrún.

Hún segir mikilvægt að hafa í huga að ákæruvaldið ber alltaf sönnunarbyrðina fyrir öllu, bæði varðandi styrkleika ásetningsins og að hann nái til allra þátta brotsins, bæði verknaðarins og afleiðinganna. „Auðvitað látum við stundum reyna á hlutina, jafnvel þótt við teljum einhvern vafa á sakfellingu. Réttarkerfið þróast aldrei áfram nema við látum reyna á hluti,“ segir Kolbrún.

Ákæruvaldið þurfi þó alltaf að hafa gott mál í höndunum til að láta reyna á eitthvað sem ekki eru til fordæmi fyrir. Hún nefnir nýlegan dóm þar sem hálstak hafi í fyrsta sinn leitt til sakfellingar fyrir tilraun til manndráps. Dómarar hafi á sínum tíma ekki einu sinni viljað heimfæra hálstak sem alvarlega líkamsárás. „Þetta mál var svo alvarlegt og gróft að við urðum að láta á það reyna. Og þannig verður framþróun.“

Sheer
Driving Pleasure

NÝR BMW X3 30e PLUG-IN HYBRID.

*Drægi miðast við uppgefnar tölur framleiðanda samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi í raunverulegum aðstæðum.

ENNEMM / SÍA / NM98252

FRUMSÝNING Í DAG FRÁ 12–16

Nýr BMW X3 Plug-in Hybrid, með einstöku xDrive fjórhjóladrifi er nú í fyrsta skipti fáanlegur með rafhlöðu og drægi allt að 50 kílómetra samkvæmt nýjum samræmdum WLTP mælingum.* Bensín og rafmótor skila samtals 292 hestöflum og veita þér hina einu sönnu BMW upplifun sem gerir hverja ferð að spennandi ævintýri.

BMW X3 30e. **Verð frá: 7.190.000 kr.**

Nánari upplýsingar á www.bl.is

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Til allra heilla fyrir Ísland

Davíð Stefánsson
david@frettabladid.is

Eitt veigamesta verkefni sem Ísland hefur tekist á hendur á alþjóðavettvangi á síðari árum var þegar Ísland tók óvænt sæti í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í júlí 2019 og sat þar fram að síðustu áramótum.

Þeir eru til sem sögðu að verkefnið yrði smáríkinu Íslandi ofviða og það ætti ekki erindi þar.

Hlutverk Mannréttindaráðsins er að auka og vernda mannréttindi, fjalla um mannréttindabrot og beina tilmælum til einstakra ríkja um úrbætur. Ráðið er einn helsti vettvangur ríkja heims til hreinskiptinna samræðna um mannréttindamál. Starfið byggir á þeirri trú að mannréttindi spretti af samfélagslegu mikilvægi gagnkvæmrar virðingar og að viðurkenndur sé réttur allra til mannlegrar reisnar. Mannréttindi eru algild og óháð félagslegri stöðu, eignum, kynferði, kynþætti, hörundslit, trú, tungu, skoðunum og þjóðerni.

Þátttaka Íslands í ráðinu var vel til fundin enda eru mannréttindi einn hornsteina utanríkisstefnunnar og standa Íslendingum nærri. Þátttaka Íslands í mannréttindaráðinu gaf einstakt tækifæri til að láta gott af sér leiða. Þar voru áherslurnar einkum í jafnréttismálum, réttindum hinsegin fólks, barna, umbótum á starfsemi ráðsins og tengslum mannréttinda við umhverfismál.

Framganga Íslands í ráðinu vakti mikla athygli á alþjóðavettvangi og uppskar lof þeirra sem láta sig þessi mál sérstaklega varða. Fulltrúar landsins lögðu áherslu á mikilvægi þess að alþjóðalög væru virt, ekki síst alþjóðleg mannúðarlög og mannréttindi. Hafði Ísland góða sögu að segja og margt til málanna að leggja.

Setu Íslands í Mannréttindaráðinu bar brátt að þegar Bandaríkin sögðu sig óvænt úr því. Ísland sat því þar einungis hálft kjörtímabil, nærri átján mánuði, en ekki í þrjú ár eins og venja er.

En þrátt fyrir að þátttaka Íslands í ráðinu væri tímabundin var hún til vegsauka, skóp því góðan sess og sérstöðu í alþjóðastarfi. Hún sýndi einnig að smáríkið Ísland réði vel við verkefnið. Vel var að verki staðið og íslensk utanríkisþjónusta verðskuldar hrós fyrir störf sín.

Ísland á að sækjast eftir fullri aðild að Mannréttindaráðinu. Slíkt er alls ekki sjálfgefið. Væntanlega þarf að tilkynna slíkt framboð með nokkurra ára fyrirvara og vinna markvisst að því og stöðugt til að tryggja nægan stuðning við framboðið. Marka þarf slíkri þátttöku áherslur í málaflokki. Seta í þrjú ár, eða heilt kjörtímabil, krefst úthalds og langtímahugsunar og ber með sér kostnað.

Við eigum þar erindi. Fámennar þjóðir geta oft lagt mikið af mörkum öllum til heilla.

Ísland á að sækjast eftir fullri aðild að Mannréttindaráðinu. Við eigum þar erindi.

Gunnar

Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



Lítils metið líf

Florence Widdicombe, sex ára breskrar stúlku, biðu óvænt skilaboð í pakka af jólakortum sem hún hugðist senda vinum sínum um jólin. Kortin höfðu foreldrar hennar keypt í stórmarkaðnum Tesco og voru þau skreytt mynd af ketti með jólasveinahúfu á höfðinu. Þegar Florence hófst handa við jólakortaskrifin uppgötvaði hún sér til furðu að eitt kortanna hafði þegar verið fyllt út. Í kortinu voru skilaboð frá fanga í kínverskum þrælkunarbúðum: „Við erum erlendir fangar í Qingpu-fangelsinu í Shanghai í Kína. Við erum þvingaðir í þrældóm. Gerðu það hjálpaðu okkur og láttu mannréttindasamtök vita. Hafðu upp á hr. Peter Humphrey."

Faðir Florence hélt í fyrstu að um hrekk væri að ræða. En þegar hann fann á netinu frétt um breskan blaðamann, Peter Humphrey, sem hafði verið fangi í umræddu fangelsi vissi hann að alvara var á ferðum. Hann fann Humphrey.

Humphrey hafði verið handtekinn þegar hann rannsakaði fjársvik stórfyrirtækja í Kína og fangelsaður án réttarhalda í tvö ár. Hann var enn í sambandi við fyrrverandi samfanga. Þeir lögðust í rannsóknarvinnu og komust að því að aðstæður í fangelsinu höfðu snarversnað eftir að kínversk stjórnvöld tóku í auknum mæli að gera fangelsi landsins að tekjulindum fyrir sig með því að þvinga fanga til að vinna fyrir helstu nauðsynjum. Fyrrverandi fangar staðfestu að þeir höfðu unnið við vörur fyrir Tesco sem og önnur alþjóðleg fyrirtæki.

Tesco brást hratt við málinu. „Við erum miður okkar," sagði í yfirlýsingu frá fyrirtækinu. „Við höfum andstyggð á hegningarvinnu og líðum ekki slíkt í aðfangakeðju okkar." Kortin voru tekin úr sölu. Um síðustu helgi bárust fréttir af því að Tesco hefði lokið rannsókn á málinu og verslunin væri hætt öllum viðskiptum við verktakann, fyrirtæki í Kína, sem framleiddi kortin.

Féll úr stiga

Síðastliðinn þriðjudag mátti lesa á forsíðu Fréttablaðsins frétt um Bosníumann sem hyggst höfða mál gegn fasteignafélaginu H-26 á Akureyri vegna vangoldinna launa og líkamstjóns sem hann varð fyrir í vinnuslysi. Maðurinn, Radenko Stanisic, kom til Íslands í febrúar í fyrra eftir að hafa fengið tilboð um vinnu hér á landi. Hinn 27. mars stóð Stanisic í stiga og festi handrið á svalir. Hann féll niður og var fluttur á Sjúkrahúsið á Akureyri þar sem hann gekkst undir aðgerð. Við útskrift af spítalanum ók verkstjóri hans honum suður á Keflavíkurflugvöll þar sem hann var sendur með flugvél úr landi.

Fyrir þær sjö vikur sem Stanisic starfaði á Íslandi í tíu tíma á dag, sex daga vikunnar fékk hann greiddar 165.000 krónur. Hann er enn óvinnufær eftir slysið.

Fasteignafélagið H-26 þvær hins vegar hendur sínar af manninum. Félagið hafnaði nýverið kröfu Stanisic um bætur og greiðslu vegna vangoldinna launa. Segir það Stanisic ekki hafa verið starfsmann félagsins – félagið hafi aldrei átt samskipti við hann og ekki gert honum atvinnutilboð – heldur hafi Stanisic verið starfsmaður undirverktaka í Serbíu. Öryggismál hafi verið á ábyrgð undirverktakans og það sé því ekki við fasteignafélagið að sakast að starfsmenn störfuðu við verk ótryggðir og án atvinnuleyfis.

Tesco átti aldrei „í samskiptum" við fangana í Shanghai. Fyrirtækið „gerði þeim aldrei atvinnutilboð" og þeir voru aldrei „starfsmenn félagsins". Engu að síður ber Tesco ábyrgð á eigin starfsemi, aðfangakeðju, vali á verktökum og þar með undirverktökum.

Hvort H-26 beri lagalega ábyrgð á afdrifum manns sem lagar fyrir það svalahandrið mun koma í ljós síðar. Siðferðileg ábyrgð liggur þó þegar í augum uppi. Viðbrögð forsvarsmanna H-26 eru landi og þjóð til skammar. Er það svona lítils sem við metum líf farandverkafólks sem hér starfar – við látum eins og það komi okkur ekki við?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

HONDA

HANNAÐUR FYRIR BORGINA
KNÚINN AF ÍSLANDI

Honda e

Forpöntun hafin á einum snjallasta rafmagnsbíl markaðarins.
Hvert smáatriði í Honda e er hannað frá grunni með rafmagnsorku í huga, sem skilar auknum aksturseiginleikum, einstökum tækninýjungum og óviðjafnanlegum þægindum. Nútímalegt mælaborð, háskerpumyndavélar í stað spegla, einstaklega öflug hraðhleðsla, snjallsímaforrit, jöfn þyngdardreifing og sjálfstæð fjöðrun hönnuð sérstaklega fyrir rafmagnsbíl er dæmi um þau fjölmörgu smáatriði sem aðgreina Honda e frá samkeppninni.

Honda e kostar

3.950.000 kr.

Sjálfskiptur, 136 hestöfl,
315 Nm tog, drægi allt að 222 km

Forpantaðu þitt eintak á www.honda.is

ASKJA

ASKJA · Krókhálsi 11 - 13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Honda á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/hondaisland

100% rafdrifnir sigurve

Nýr Hyundai IONIQ
Stærri rafhlaða og meiri búnaður

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai IONIQ er nú frumsýndur í nýju útliti og með ríkulegri búnaði. Ný 38,3 kWh rafhlaða skilar nýjum IONIQ allt að 311 km* á einni hleðslu. Meðal nýjunga er breyttur framendi og LED ljós að framan og aftan, nýjar álfelgur og 10,25“ upplýsingaskjár í mælaborði sem miðlar m.a. rauntímaupplýsingum um rafmagnsnotkun og hleðslu á myndrænan hátt.

Hyundai IONIQ rafmagn
Verð frá 4.790.000 kr.

Veldu rafmagn, veldu stíl

Hyundai er einn fremsti framleiðandi heims á sviði umhverfisvænna bíla. 100% rafdrifnir Hyundai KONA og Hyundai IONIQ hafa slegið í gegn og unnið til fjölda verðlauna fyrir orkunýtingu og drægi og nú frumsýnum við nýjan Hyundai IONIQ með stærri rafhlöðu og enn meira drægi. Komdu á rafbílasýningu Hyundai og upplifðu það nýjasta í ferðamáta framtíðarinnar. Veldu rafmagn, veldu stíl, veldu umhverfisvænan Hyundai með 5 ára ábyrgð.

5 ÁRA ÁBYRGÐ
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU
ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 160.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.

egarar.

Hyundai KONA
Tvær útfærslur, 39 kWh og 64 kWh

Nýr 100% rafdrifinn Hyundai KONA er fyrsti rafdrifni jepplingurinn á markaðnum. Nú er hægt að fá KONA í tveimur gerðum, KONA Comfort 2WD með 39 kWh rafhlöðu og drægi allt að 289 km* eða KONA Premium 2WD með 64 kWh rafhlöðu og drægi allt að 449 km*. Meðal búnaðar í nýjum Hyundai KONA er skynvæddur hraðastillir, sjálfvirk neyðarhemlun, sjónlínuskjár sem miðlar upplýsingum um hraða ásamt leiðsögn, Krell hljóðkerfi, nýr 10,5" upplýsingaskjár í Premium útfærslu og margt fleira.

Hyundai KONA rafmagn
Verð frá 4.590.000 kr.

Opið í dag frá 12–16
Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur

HYUNDAI

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

ENNEMM / SÍA / NM98110 *Uppgefnar tölur um drægi taka mið af nýjum WLTP prófunum. Aksturslag, hitastig og ástand vega hefur áhrif á drægi rafbíla.

Markmiðið er að gera enn þá betur

Kvennalið Selfoss hefur fengið góðan liðsstyrk fyrir tímabilið til að byggja ofan á besta árangur í sögu félagsins síðasta sumar. Bikarmeistaratitillinn gaf leikmannahópnum smjörþefinn af því að vinna titla og er markmiðið að taka næsta skref á þessu ári.

Leikmenn Selfoss fagna bikarmeistaratitlinum í Laugardalnum síðasta sumar. Það var fyrsti stóri titill félagsins í knattspyrnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FÓTBOLTI Óhætt er að segja að kvennalið Selfoss ætli ekki að slá slöku við árið eftir að félagið vann sinn fyrsta stóra titil í knattspyrnu. Selfyssingar tilkynntu á dögunum að félagið hefði samið við fjórða leikmanninn í vetur og þann þriðja sem á leik að baki í NWSL-deildinni í Bandaríkjunum, einni af sterkustu deildum heims.

Íþróttalífið á Selfossi tók stórt skref í rétta átt á síðasta ári þegar kvennaliðið vann bikarmeistaratitilinn og náði besta árangri Selfoss í efstu deild stuttu eftir að handboltadeild félagsins vann sinn fyrsta Íslandsmeistaratitil.

„Ég er alveg sammála því og það er gott að heyra að gusturinn finnst í Reykjavík," segir Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari meistaraflokks Selfoss í kvennaflokki, léttur í lund þegar hann er spurður út í meðbyrinn sem Selfoss tók frá síðasta ári fyrir komandi tímabil.

„Það hefur alltaf verið metnaður á Selfossi til að gera vel en ég verð að viðurkenna að metnaðurinn er meiri til að gera enn betur eftir gott gengi síðasta árs og taka þetta næsta skref. Titillinn í fyrra braut vissan ís fyrir okkur, sýndi okkur að þetta væri hægt. Það er gott undirlag í hópnum, ungar stelpur sem hafa verið að byggja þetta upp til framtíðar í staðinn fyrir að hafa þetta eitthvað svona einstakt (e. one season wonder) og við höfum verið að styrkja innviðina í hópnum."

Selfoss er í vor að hefja sitt þriðja tímabil í efstu deild eftir óvænt fall árið 2016.

„Það voru einhverjir sem spáðu okkur falli í fyrra og við hlustum ekkert á það sem aðrir eru að segja. Við erum að byggja upp lið eftir okkar hugsunarhætti. Það er ekki langt síðan við féllum þó að við höfum sýnt stöðugleika árin þar á undan en okkur vantaði þennan titil til að taka næsta skref og sýna að við getum farið að gera tilkall til einhverra titla. Allt síðasta tímabil var í raun frábært, við töpum fyrstu tveimur leikjunum en töpum bara fjórum eftir það og vorum hálf svekktar yfir að tímabilið væri að baki síðasta haust."

Alfreð tekur undir að það sé hvalreki fyrir Selfoss að fá Dagnýju Brynjarsdóttur heim, lykilleikmann úr íslenska landsliðinu, sem hefur leikið með Portland Thorns í NWSL-deildinni undanfarin ár.

„Algjörlega, það er mjög jákvætt að fá Dagnýju til okkar. Það er ákveðin lyftistöng fyrir félagið og gerir okkur auðveldara fyrir að sannfæra leikmenn um að hægt sé að taka næsta skref. Þetta hvetur hinar stelpurnar áfram, gefur þeim von og trú á því sem við ætlum okkur að gera en hún gerir þetta ekki ein. Við þurfum sameiginlegt liðsátak til að ná markmiðum okkar."

Þá eru Selfyssingar búnir að semja við tvo leikmenn sem voru á mála hjá NWSL-liðum og eiga að baki leiki fyrir yngri landslið Bandaríkjanna. Framherjinn Tiffany McCarthy var á sínum tíma tekin með öðrum valrétti í nýliðavalinu og á að baki 84 leiki í efstu deild. Kaylan Marckese var valin í nýliðavalinu í fyrra og kemur til með að verja markið í sumar.

> **Það hefur alltaf verið metnaður á Selfossi en metnaðurinn er meiri til að gera enn betur eftir árangur síðasta árs.**
>
>
>
> Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari Selfoss

„Við höfum að ég held aldrei sótt erlendan leikmann með jafn flotta ferilskrá. Við höfum yfirleitt verið að taka leikmenn sem eru nýkomnir út úr háskólaboltanum og skortir aðeins reynslu og við ákváðum að sækja reynslumeiri leikmenn núna. Tiffany á að geta skorað mörk fyrir okkur. Hún var öflugur markaskorari í háskólaboltanum og hefur spilað lengi í efstu deild í Bandaríkjunum. Ég hef fulla trú á því að hún smellpassi inn í liðið og styrki hópinn vel."

Aðspurður hver markmiðin séu fyrir komandi tímabil með þessum liðsstyrk segir Alfreð að það sé að taka framförum.

„Við stefnum á að gera betur en í fyrra, það er ekkert leyndarmál. Það væri skrýtið að stefna á að standa í stað. Við gerðum mjög vel í fyrra og það eru markmiðin að byggja ofan á það. Það verður erfitt en við setjum pressu á okkur að gera eins vel og hægt er og reyna að vinna alla leiki. Pressan er enn þá á Breiðablik og Val að vinna titlana, þau eru með besta mannskapinn. Þetta verður forvitnilegt í sumar, ég held að deildin sé sterkari en oft áður og erfiðara fyrir toppliðin." **kristinnpall@frettabladid.is**

ÞAÐ VIÐRAR VEL TIL LESTURS!



Bold fjölskyldan kemur til hjálpar
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.499.-

Hæ afi gæi!
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-



Múmínsnáðinn og gullna laufið
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.299.-



Kopareggið (Silfurlykillinn 2)
TILBOÐSVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 4.999.-



Norrænu goðin
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 6.999.-

Hundmann
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 3.999.-

Fíasól - í hosiló / á flandri
TILBOÐSVERÐ: 2.999.- (stk.)
Verð áður: 3.499.- (stk.)

Sipp, Sippsippanipp og sippsippanippsippasúrumsipp
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 3.999.-

PAX - Útburðurinn / Uppvakningurinn / Níðstöngin
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 3.599.- (stk.)
Verð áður: 3.999.- (stk.)

Lang-elstur - að eilífu / í leynifélaginu / í bekknum
TILBOÐSVERÐ FRÁ: 2.399.- (stk.)
Verð áður frá: 2.999.- (stk.)

Hulduheimar - Sápukúlutindur / Sykursæta bakaríið
TILBOÐSVERÐ: 1.499.- (stk.)
Verð áður: 1.699.- (stk.)

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 17. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



RÝMING

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

SELJUM SÝNINGAREINTÖK OG STAKA SÓFA, HÆGINDA- STÓLA, BORÐSTOFUBORÐ OG -STÓLA, SKÁPA, SÓFABORÐ, TEPPI OG SMÁVÖRU MEÐ

50–80%

AFSLÆTTI

ÞÚ VILT ALLS EKKI MISSA AF ÞESSU!

BOYD

Glæsilegur 3ja sæta sófi í dökkbláu sléttfaueli. Bólstraðir hnappar í baki og innan á hliðum/örmum. Sethæð um 43 cm. Bakhæð um 42 cm. Stærð: 215 × 87 × 78 cm

89.993 kr.
~~119.990 kr.~~

CONNECT

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit. Stærð: 230 x 160 x 88 cm

129.193 kr.
~~189.990 kr.~~

LA-Z-BOY

PINNACLE

3ja sæta sjónvarpssófi. Svört eða brúnt leðure. Innbyggðir skemlar í hliðarsætum og miðjusæti með niðurfellanlegu baki, sem verður borð. Stærð: 210 × 95 × 105 cm

299.993 kr.
~~399.990 kr.~~

CANNES

Hægindastóll með skemli. Grátt, rautt eða svart leður á slit-flötum.

110.492 kr.
~~129.990 kr.~~

LA-Z-BOY

GRAND CANYON

Þetta er stóll fyrir hávaxna. Klæddur leðri á slitflötum. Fæst í brúnu og svörtu.
Stærð: 95 × 100 × 110 cm

151.992 kr. ~~189.990 kr.~~

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.

NÝTT 2020

FYRIR LIFANDI HEIMILI

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN

CLEVELAND

Ein allra vinsælasta húsgagnalína okkar, Cleveland, er nú komin í nýju áklæði og með viðarfótum. Áklæðið heitir SOFT og er fáanlegt í bæði ljósbleikum lit (Rose) og ljósgráum. Við eigum 2ja og 3ja sæta sófa, tungusófa, hægindasstól og skemil. Cleveland SOFT er nú á sérstöku kynningarverði.

Tungusófi, hægri eða vinstri, stærð: 231 x 140 x 81 cm

2ja sæta stærð: 179 x 86 x 81 cm 3ja sæta stærð: 208 x 86 x 81 cm

65 x 70 x 75 cm

75 x 60 x 42 cm

CLEVELAND
Cleveland sófar, stóll og skammel
NÝTT ÁKLÆÐI – KYNNINGARVERÐ

Tungusófi	2ja sæta	3ja sæta	Stóll	Skammel
97.493 kr.	**63.743 kr.**	**71.243 kr.**	**23.993 kr.**	**23.993 kr.**
~~129.990 kr.~~	~~84.990 kr.~~	~~94.990 kr.~~	~~31.990 kr.~~	~~31.990 kr.~~

MIRANDA
skálar margir litir
6.990 kr.

NÝJAR VÖRUR FRÁ
Iittala

NAPPULA
blómapottar, tvær stærðir
23 cm 11.290 kr. 26 cm 12.590 kr.

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
15. FEBRÚAR 2020 LAUGARDAGUR

Ása segir það hafa skipt sig miklu að kynnast stelpu sem einnig hafði barist við eitlafrumukrabbameinog hjá henni hafi hún fengið svörin við öllum sínum spurningum. FRÉTTABLAÐIÐ/

Mikilvægt að tala við einhvern

Kraftur, stuðningsfélag, og Krabbameinsfélagið settu í byrjun mánaðarins af stað vitundarvakningu um mikilvægi jafningjastuðnings undir slagorðinu Ég skil þig. Ása Nishanti Magnúsdóttir er ein stuðningsfulltrúanna.

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Félögin starfrækja Stuðningsnetið þar sem einstaklingar með reynslu veita öðrum faglegan jafningjastuðning og er þjónustan hugsuð fyrir þá sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra. Ég skil þig herferðin fer að mestu fram á samfélagsmiðlum þar sem birtar eru sögur fólks sem hefur þegið og veitt jafningjastuðning í gegnum Stuðningsnetið. Markmiðið er að opna umræðuna og kynna Stuðningsnetið fyrir þeim sem gætu haft gagn af.

Allir þeir sem veita jafningjastuðning hafa lokið námskeiði til að auka færni í að miðla reynslu sinni og veita stuðning. Netið telur í dag um 100 stuðningsfulltrúa vítt og breitt um landið og eru námskeiðin haldin reglulega.

Missti báða foreldrana

Ása Nishanthi Magnúsdóttir er 34 ára, einstæð móðir úr Hafnarfirðinum og ein þeirra sem boðið hafa fram krafta sína sem stuðningsfulltrúi Stuðningsnetsins.

Ása var aðeins nokkurra mánaða gömul þegar hún var ættleidd hingað til lands af foreldrum sínum Jacqueline Friðriksdóttur og Magnúsi Jónssyni. „Ég er uppalin í Reykjavík en flutti í Hafnarfjörðinn 2008 og bý þar með gullmolanum mínum, syninum Breka.

Þjálfar og metur alla stuðningsfulltrúana

„Það getur verið hjálplegt að ræða við einhvern sem hefur gengið í gegnum svipaða reynslu og þú ert að ganga í gegnum, einhvern sem hefur þann skilning sem einungis fæst með því að upplifa hlutina sjálfur. Þess vegna fór Kraftur á sínum tíma í að búa til vettvang fyrir jafningja til að miðla reynslu sinni á faglegan máta. Ég sjálfur þjálfa alla þá sem vilja vera stuðningsfulltrúar í Stuðningsnetinu og met hvort þeir séu í stakk búnir til að veita jafningjastuðninginn því það skiptir vissulega máli hvernig jafningjastuðningur er veittur," segir Þorri Snæbjörnsson, sálfræðingur Krabbameinsfélagsins og Krafts.

Móðir mín var bresk en faðir minn íslenskur og þau voru bæði enskukennarar. Mamma vann mikið við enskukennslu hér á landi og gaf út margar kennslubækur. Pabbi var prófessor í ensku við Háskóla Íslands og vann einnig mikið við rannsóknarverkefni erlendis."

Ása á tvær systur, þær Völku og Dagnýju Michelle, og segist hafa átt gott samband við foreldra sína sem hún ferðaðist mikið með erlendis.

„Árið 2010 greinist mamma með lungnakrabbamein og var helmingur annars lungans fjarlægður í aðgerð. Eftir það tók við lyfjameðferð en því miður tapaði hún baráttunni og lést árið 2013."

Ása var enn að syrgja móður sína í mars árið 2014 þegar hún sjálf greindist með eitlafrumukrabbamein, einnig kallað Hodgkins krabbamein.

„Það var mjög mikið sjokk og mjög mikil hræðsla fylgdi greiningunni því ég var nýbúin að missa mömmu og ég var hrædd um að ég færi sömu leið og hún." Við tók mjög ströng níu mánaða lyfjameðferð sem Ása segir hafa verið erfiða enda hafi mikil veikindi fylgt henni auk hármissis auk þess sem sonurinn var á þessum tíma ungur.

„Þessi tími tók mikið á bæði andlega og líkamlega þar sem ég gat lítið sinnt þriggja ára drengnum mínum."

Ása hafði rétt lokið strangri lyfjameðferð og sigrað í sinni baráttu þegar nákvæmlega ári eftir hennar greiningu kom enn eitt reiðarslagið, faðir Ásu greindist með krabbamein í vélinda í mars 2015.

„Meinið var þá komið á fjórða stig og því var aðeins hægt að halda því niðri með lyfjagjöf og lést hann í nóvember sama ár. Ég upplifði mikinn tómleika, einmanaleika og söknuð þegar ég missti foreldra mína því þau voru mín stoð og stytta," útskýrir Ása.

Fékk öll svörin

Ása segir mikilvægt að geta rætt reynslu sína og tilfinningar við einhvern sem hefur upplifað svipaða hluti. „Ég var mjög heppin að kynnast stelpu sem hafði fengið eitlafrumukrabbamein og ég gat leitað til hennar þegar ég greindist, en á þeim tíma vissi ég ekki af Krafti. Hjá henni fékk ég stuðninginn sem mig vantaði: skilninginn, svörin við öllum mínum spurningum og svo margt fleira. Svör við þessum spurningum er erfitt að fá annars staðar en hjá þeim sem hafa verið í sömu sporum."

Ása segist sjálf eiga þétt stuðningsnet og hennar fólk hafi staðið þétt við bakið á henni í gegnum þessi miklu áföll. „Helstu stuðningsaðilar voru samstarfskonur mínar, fjölskylda og vinir og er ég þeim ótrúlega þakklát."

Ása er nú nýbúin með fimm ára eftirlitið á Landspítalanum þar sem hún reyndist krabbameinslaus. Hún ákvað að kynna sér betur hvað Kraftur, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess, hefur upp á að bjóða.

„Þegar ég sá að verið var að auglýsa eftir stuðningsfulltrúum ákvað ég að slá til. Mér finnst skipta miklu máli að geta hjálpað einstaklingum sem eru að fara í gegnum svona áfall og geta verið til staðar fyrir þá."

1/3 Þriðji hver Íslendingur greinist með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni.

1.600 Árlega greinast hér á landi um 1.600 manns.

70 Af þeim sem greinast árlega eru um 70 manns á aldrinum 18 til 40 ára.

16.000 Ef hver einstaklingur hefur 10 manns í sínum innsta hring má segja að krabbamein hafi áhrif á 16.000 manns á ári.

71% Krabbamein er ekki dauðadómur og hlutfallsleg lifun fimm árum eftir greiningu er 71 prósent hjá konum.

66% Samkvæmt síðustu tölum frá Krabbameinsskrá Íslands er hlutfallsleg lifun karla fimm árum eftir greiningu 66 prósent.

Mun fleiri lifa með krabbamein en áður og það hefur áhrif á alla, bæði þann greinda og aðstandendur.

PEUGEOT

FRUMSÝNING Í DAG KL. 12-16!

100% HREINN RAFBÍLL

NÝR PEUGEOT e-208

- 340 KM DRÆGNI Á 100% RAFMAGNI
- 50 KWH RAFHLAÐA MEÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ
- EINFÖLD OG HRÖÐ HLEÐSLA
- VARMADÆLA EYKUR DRÆGNI OG VIRKNI MIÐSTÖÐVAR
- FORHITAÐU BÍLINN MEÐ MYPEUGEOT APPINU
- KRAFTMIKILL 0-100 KM KLST. 8,1 SEK

KOMDU Á FRUMSÝNINGU Í DAG OG STÖKKTU INN Í NÝJUSTU KYNSLÓÐ AF TÆKNI!

5 ÁRA PEUGEOT ÁBYRGÐ

8 ÁRA ÁBYRGÐ Á RAFHLÖÐU

*Forsendur framlengdrar verksmiðjuábyrgðar og ábyrgð á rafhlöðu er á peugeotisland.is

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

Nýir og notaðir bílar:
Opið mán-fim kl. 9-17 föstudaga 9-16.15
og laugardaga kl. 12-16

peugeotisland.is

Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is

Það hefur margt neikvætt verið sagt um Ólínu á samfélagsmiðlum og í opinberri umræðu. Hún lætur slíkt ekki á sig fá. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Uppreisn Ólínu

Frá því að Ólína Þorvarðardóttir hætti á þingi fyrir sjö árum hefur hún meðal annars stundað fræðimennsku og björgunarstörf. Hún lét hart mæta hörðu vegna ráðningar þjóðgarðsvarðar Þingvalla.

Sem björgunarsveitarkona hef ég lært það, sem er hinn heimurinn í tilveru minni þar sem verið er að kljást við lífið og dauðann, að opinbert líf, svekkelsi yfir „umræðunni“ eða mótstreymi í pólitík er hégómi. Auðvitað geta pólitísk átök, það að standa af sér atlögur og árásir, tekið á andlega og verið særandi, en það eru bara verkefni. Ég á góða fjölskyldu, góðan vinahóp, það er það er skiptir mig máli. Ég hef horft upp á fólk missa ástvini sína. Ekki eru nema tvær vikur síðan ég var kölluð út vegna snjóflóðs þar sem 23 ára gamall maður lét lífið. Missir fjölskyldu hans og vina er raunverulegt mótlæti. Ég geri greinarmun þarna. Það er ekkert mótlæti þó að fólk sé ekki sammála manni. Ekki heldur þó að skerist í odda. Það eru gustir og sviptivindar. Á meðan ég þykist vita fyrir hvað ég stend, finn lífsfyllingu með fólkinu mínu og fæ að njóta samvista við ástvini, þá er ég gæfusöm.

Ekkert breyst

Ólína vill þó ekki gera lítið úr þeirri baráttu sem hún hefur staðið í að undanförnu enda segist hún hafa löngun til að uppræta samfélagslegar meinsemdir eða í það minnsta vekja athygli á þeim. „Slagurinn sem ég þurfti að taka þegar gengið var fram hjá mér við ráðningu þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum er að mörgu leyti grundvallandi fyrir stöðu kvenna. Þess vegna tók ég þennan slag. Það var mín uppreisn gegn karllægri kvenfyrirlitningu og pólitískum hrossakaupum við opinberar ráðningar.“

Hún segir að þrátt fyrir það sem áunnist hafi í jafnréttismálum síðustu áratugi hafi ótrúlega lítið breyst þegar kemur að sjálfu viðhorfinu.

„Við sjáum hvernig talað er um sjálfstæðar konur. Þær eru sagðar erfiðar í samskiptum og kallaðar frekjur. Slík lýsingarorð eru óhugsandi um karlmenn. Þeir eru bara ákveðnir og fylgnir sér. Þetta hefur sáralítið breyst og engu skiptir hvað konur eru að fást við. Hvernig var ekki talað um Torfhildi Hólm þegar hún var hefja sinn rithöfundarferil eða Guðrúnu frá Lundi? Ritsmíðar þeirra voru kallaðar „kerlingabækur“. Hvernig var ekki talað um Helgu Kress þegar hún var að sækja rétt sinn vegna stöðuráðninga í háskólanum? Ætli séu ekki fjörutíu ár síðan. Í dag er 2020 og enn er verið að niðra konur í opinberri umræðu.“

Ólína þekkir þetta á eigin skinni. Nýlega reis netumræða vegna samkomulags sem hún gerði við ríkið um bætur eftir að gengið hafði verið fram hjá henni við ráðningu þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum. Á samfélagsmiðlum var dreift mynd af Ólínu með orðunum „20 milljónir“ en við hliðina sagt frá fólki sem misst hafði barn vegna læknamistaka og undir stóð „5 milljónir“. Hún segir að sér hafi sárnað þessi samanburður. „Að stilla upp skaðabótum mínum – reiknuðu fjártjóni – við hliðina á óbætanlegum miska og sorg fólks sem misst hefur barn er mikil illgirni. Ég átti lögvarða kröfu á bótum vegna þess að á mér var brotið við stöðuráðningu. Til þess að lágmarka kostnað ríkisins og komast hjá málsókn af minni hálfu var mér boðið samkomulag sem ég féllst á. Þá er mér, konunni, stillt upp en engum þeirra karla sem nýlega hafa fengið mun hærri fjárhæðir fyrir það eitt að hætta í störfum sínum, einn fékk 150 milljónir og annar 60 milljónir. Þingmaður sem talaði um mínar bætur sem „himinhrópandi“ hneyksli hafði sjálfur tekið við 22 milljónum króna fyrir að hætta sem útvarpsstjóri. Sá maður situr meira að segja í Þingvallanefnd sem með lögbroti sínu kallaði bótaskylduna yfir ríkið.“

Ólína er með doktorspróf í íslenskum bókmenntum og þjóðfræðum. Hún hefur umtalsverða stjórnunarreynslu af opinberum störfum auk fjölmiðlareynslu frá fyrri tíð. Hún sótti um starf útvarpsstjóra. Það gerðu einnig Herdís Þorgeirsdóttir, doktor í lögum með tjáningarfrelsi fjölmiðla sem sérsvið, og Kristín Þorsteinsdóttir, fyrrverandi aðalritstjóri 365 miðla, auk fleiri fjölmiðlakvenna. Engin þeirra komst í síðari umferð viðtala. „Samt er það er megininntak jafnréttislöggjafarinnar að ef karl og kona eru jafnhæf í starf skuli ráða konuna ef konur eru í minnihluta á viðkomandi starfsvettvangi. Karlinn þyrfti, lögum samkvæmt, að hafa mikla yfirburði til þess að vera tekinn fram yfir hæfa konu. Þarna sóttu um konur sem ég fullyrði að voru margar hæfari en sá sem ráðinn var, engin þeirra virðist hafa komið til álita hjá pólitískt skipaðri stjórn Ríkisútvarpsins.“

Ætlar hún aftur í hart? Hún hugsar sig um. „Satt að segja vona ég að einhver önnur taki keflið núna, en þar sem stjórn RÚV hefur synjað um rökstuðning fyrir ráðningunni yrði ég ekki hissa þó að eftirmál yrðu. Það er lágmark að stjórnendur opinberra stofnana skýri gjörðir sínar. Ríkisútvarpið er jú þjóðareign.“

Vill brjóta glerþakið

Er hún í baráttu gegn andverðleikasamfélaginu? „Já, í raun. Ég vil ekki að konur sem koma á eftir mér rekist á sömu veggi. Ég hef enn trú á því að með umræðu megi hafa áhrif til góðs. Að með því að neita meðvirkninni muni dropinn hola steininn. Það er ekki í lagi árið 2020 að konur skuli enn líða fyrir forneskju herraveldis og karlrembuviðhorfa,“ segir Ólína einbeitt.

„Glerþakið er á sínum stað en það brotnar ekki nema rekist sé á það með látum. Það er það sem ég hef viljað að gera.“

Hamagangurinn hefur lítil áhrif á hana sjálfa en hún er ekki viss um ástvini sína. „Það sem særir mig helst þegar ég verð fyrir neikvæðri umræðu er vitneskjan um að börn og ástvinir geta lesið það versta sem skrifað er í virkum í athugasemdum. Fjölskylda mín hefur aldrei kvartað við mig, en ég þykist vita að þetta hafi verið þeim erfitt stundum. Ég vona samt að ég sé þeim sæmileg fyrirmynd. Ég hefði gjarnan viljað vernda yngstu börnin mín fyrir sviptingum síðustu ára, en það á maður ekki val um. Það er ekkert hugsað út í það þegar ráðist er að fólki á Íslandi að það eigi fjölskyldu.“

Ólína var fréttakona á Sjónvarpinu á níunda áratugnum og naut hylli í því starfi. Þaðan var hún fengin árið 1990 til forystu fyrir Nýjan vettvang sem þá var nýtt stjórnmálaafl jafnaðar- og félagshyggjufólks í Reykjavík. Hún hlaut brautargengi sem borgarfulltrúi og varð oddviti minnihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur næstu fjögur árin. „Þá byrjaði ballið. Sjálfstæðismennirnir sáu ofsjónum yfir mér og ætluðu sannarlega að taka mig niður. Þeir beittu öllum brögðum í bókinni og ég varð fyrir ótrúlegum persónuárásum. Sumar aðferðirnar voru svo soralegar að sómakærir Sjálfstæðismenn báðu mig afsökunar á þeim síðar. Eftir þá reynslu þekki ég öll skólabókardæmin úr kynjafræðinni um hvernig tekið er á konum sem ógna valdhöfum á opinberum vettvangi.“

Ólínu gafst meiri tími til samverustunda með fjölskyldunni og áhugamála eftir að hún hætti á þingi.

> ÞARNA SÓTTU UM KONUR SEM ÉG FULLYRÐI AÐ VORU MARGAR HÆFARI EN SÁ SEM RÁÐINN VAR, ENGIN ÞEIRRA VIRÐIST HAFA KOMIÐ TIL ÁLITA HJÁ PÓLITÍSKT SKIPAÐRI STJÓRN RÍKISÚTVARPSINS.

Ólína og Skutull hafa verið á útkallslista Landsbjargar síðustu tíu árin.

Ólína gekk til liðs við Björgunarhundasveitina árið 2005.

Hraður þroski

Um miðjan tíunda áratuginn flutti Ólína með Sigurði, eiginmanni sínum og börnum þeirra, til Danmerkur. Þar vann hún að doktorsverkefni sínu við Hafnarháskóla. Stuttu eftir heimkomuna var hún ráðin skólameistari Menntaskólans á Ísafirði. Þá endurnýjaði Ólína kynni sín af Ísafirði þangað sem hún flutti með foreldrum sínum fjórtán ára gömul þegar faðir hennar varð bæjarfógeti og sýslumaður í Ísafjarðarsýslum. Á Ísafirði eignaðist hún sitt fyrsta barn, nýorðin 17 ára gömul. Stuttu síðar kynntist hún þar mannsefninu sínu og saman eiga þau fjögur börn að auki.

„Ég þurfti að hraða þroskanum þegar ég varð ófrísk 16 ára,“ segir Ólína. „Samfélagið var öðruvísi í þá daga en ég sé ekki eftir neinu,“ bætir hún við og brosir. „Ef að hlutirnir blessast þá má maður bara þakka fyrir.“ Brosið stækkar þegar hún klárar að telja hvað elsta barnið er orðið gamalt. „Hann er að verða 45 ára og löngu búinn að ná mér,“ segir hún glettin á svip.

Fjölskyldan hélt heimili á Ísafirði frá aldamótum allt til 2017 að hún flutti aftur í höfuðborgina. Nú deila þau tímanum milli Reykjavíkur og Laugarvatns þar sem þau kenna bæði við ML, Sigurður í fullri stöðu en Ólína kennir íslensku í hlutastarfi, nemendum með erlendan bakgrunn. „Það er gaman að kenna ungu fólki. Laugarvatn er dásamlegur staður. Gott mannlíf í nálægð við náttúruna.“

Þræll í þágu þjóðar

Ólína sat á þingi fyrir Samfylkinguna frá 2009 til 2013, var síðan varaþingmaður og sat á þingi 2015-2016. Hún saknar ekki þingmennskunnar sem hún segir vera mikið annríkisstarf. „Þingmaður nýtur engrar friðhelgi. Hann er í vinnunni alla daga, öll kvöld, alla frídaga. Á mínum tíma voru launin ekki í neinu samræmi við álagið. Þingmaður sem sinnir sínu starfi vel er þræll í þágu þjóðar.“

Báðir stóru vinstriflokkarnir kljást við trúverðugleikavanda gagnvart almennum launþegum segir Ólína. „Það hefur orðið rek frá verkalýðshreyfingunni sem er alvarlegra en margur gerir sér grein fyrir. Ef Samfylkingunni tekst ekki að byggja upp samband og verða trúverðugri fulltrúi verkafólks á Íslandi en hún er í dag þá er ég hrædd um að flokkurinn sé í erfiðum málum. Samfylkingin átti að sameina félagshyggjufólk, en nú eru ný stjórnmálaöfl komin inn á sviðið og tala beint inn í verkalýðshreyfinguna.“ Ólína dregur djúpt andann. „Ég er samt ekkert í pólitík lengur, sit bara heima í stofu með mínar skoðanir,“ segir hún og hlær.

> SVO VIRÐIST SEM MENN VERÐI VANHELGIR AF AÐ SITJA Á ALÞINGI ÍSLENDINGA. FÓLK FÆR EKKI VINNU.

Endurkoma í samfélagið

Það hefur ekki gengið sem skyldi fyrir ýmsa fyrrverandi þingmenn, þar á meðal Ólínu, að fá starf hjá hinu opinbera að lokinni þingmennskunni. Hún segir þetta áhyggjuefni. „Mér finnst ekki að þingmennskan eigi að vera ævistarf. Tvö til þrjú kjörtímabil eru alveg nóg. Vandinn er hins vegar sá að fólk þarf að geta átt endurkomu í samfélagið. Það er ekki þannig á Íslandi því svo virðist sem menn verði vanhelgir af að sitja á Alþingi Íslendinga. Fólk fær ekki vinnu,“ segir hún hvöss. „Erlendis eru fyrrverandi þingmenn eftirsóttur starfskraftur, bæði í einka- og opinbera geiranum, sem stjórnendur eða ráðgjafar. Það er eitthvað allt annað í gangi hér sem veldur því að þegar fólk kemst inn á þing þá hangir það eins og hundar á roði, enda hafa margir ekki að neinu að hverfa eftir þingmennsku.“

Ólína og Skutull að síga með þyrlu Landhelgisgæslunnar. MYND/AÐSEND

Hún bendir á að ef fólk ætti endurkomu út í samfélagið þá gæti átt sér stað eðlileg og heilbrigð nýliðun í þinginu í staðinn fyrir stöðnun og „daunilla lykt pólitískra hrossakaupa og ráðninga“ eins og hún orðar það. „Flokkarnir að koma sínum mönnum á alla pósta og líta á það sem sitt hlutverk að stoppa annarra flokka fólk í því að nýta krafta sína og hæfileika. Þetta er skaðlegt fyrir samfélagsheildina.“

Nornaveiðar

Ólína fann fyrir miklum létti þegar þingmennskan var yfirstaðin. „Mestu munaði um samverustundir með fjölskyldunni en líka áhugamálin. Ég elska að grúska. Það var alveg frá mér tekið á meðan ég var á þingi. Þá spilaði ég sjaldnast á píanóið, ég orti ekki ljóð og greip aldrei gítarinn. Þegar ég hætti kom þetta allt aftur. Ég fór að syngja, yrkja og skrifa, og er nú búin að koma frá mér bók.“

Fimmta bók Ólínu, Lífgrös og leyndir dómar. Lækningar, töfrar og trú í sögulegu ljósi, kom út í haust og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. „Bókin varð til upp úr doktorsverkefninu mínu, Brennuöldinni, sem fjallaði um galdramálin á Íslandi og munnmæli sem þeim tengdust. Þá áttaði ég mig á því að flestir sem voru brenndir á báli fyrir galdra hér á landi voru að reyna að stunda lækningar. Hér voru engir læknar á þeim tíma og öll viðleitni til slíks var litin hornauga, jafnvel sem galdrar og guðlast. Þegar ég var búin að gera göldrunum skil þá voru lækningar næsta rökrétta skrefið.“

Ólína lifnar öll við þegar talið berst að því sem hún hefur verið að grúska í. „Grasakonur og ljósmæður í Evrópu voru margar brenndar á báli. Hér á landi voru það frekar karlar sem gáfu sig út fyrir að geta farið með læknisdóma og því voru þeir í meirihluta þeirra sem brenndir voru hér.“ Hún segir að nornir í Evrópu og galdramenn á Íslandi séu skólabókardæmi um hvernig hægt sé að notfæra sér fáfræði, búa til óvin og valda ótta. „Við sjáum þetta aftur og aftur þegar þjóðir eru að undirbúa stríð. Gyðingaofsóknirnar. McCarthy-isminn. Alltaf sama aðferðafræðin. Nornaveiðar.“

Fólki bjargað frá dauða

Hin ástríðan í lífinu var hestamennska, lífsstíll og íþrótt sem hún stundaði í 40 ár áður en hún lagði hana á hilluna. Í staðinn kom björgunarhundasveitin sem hún gekk til liðs við árið 2005. „Ég átti orkumikinn hund sem mig langaði til að fengi útrás. Þessi hundur varð nú aldrei alvöru leitarhundur. Í dag á ég Skutul, 12 ára gamlan höfðingja sem hefur verið á útkallslistanum hjá Björgunarhundasveit Íslands síðustu tíu árin. Hann er endurmetinn á hverju ári og við erum saman félagar í Landsbjörgu.“ Hundar eru afar mikilvæg leitartæki segir Ólína. „Þeir þurfa ekki að sjá til að leita. Það má vera myrkur og hríð. Í víðavangsleit fara þeir yfir stór svæði, og þeir eru ómetanlegir í snjóflóðum þar sem það tekur þá 2-3 mínútur að vinna verkefni sem tæki mann 45 mínútur. Þetta kom í ljós í snjóflóðunum fyrir vestan árið 1995. Ekkert annað leitartæki jafnast á við hund í slíkum aðstæðum.“

Sum útköllin hafa verið heilmikil lífsreynsla og nefnir hún sem dæmi þegar hátt í tvö hundruð björgunarsveitarmenn tóku þátt í að bjarga 49 ferðamönnum og leiðsögumönnum í námunda við Langjökul 7. janúar síðastliðinn. Hópurinn var í vélsleðaferð og tepptist þegar veðrið versnaði fyrr en áætlað var. „Það útkall var bæði krefjandi og gefandi því þarna var lífi fólks sannarlega bjargað. Krafturinn í veðrinu var þvílíkur að á köflum óttaðist björgunarfólkið um sitt eigið öryggi. Menn skiptust á að ganga á undan farartækjunum langleiðina frá Gullfossi í Geldingarfell. Þar settum við upp neyðarhjálp fyrir fólkið þegar komið var með það á snjóbílum fyrsta spölinn. Við gáfum því heitt að drekka og klæddum það í þurrt, en svo tók við tímafrekur flutningur að Gullfossi þar sem læknar og hjúkrunarfólk biðu þess í fjöldahjálparstöðinni. Þetta var raunveruleg björgun og okkur leið öllum mjög vel á eftir.“

Hvað er svo næst á dagskrá?

Ólína gjóar augum í átt að vinnuaðstöðunni sinni. Þar er opin fartölva og bunki af þykkum bókum sem bera öll merki grúsks. Hún kímir. „Ég get ekki tjáð mig um það að svo stöddu.“

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Hildur Vala segir það ekki hafa hvarlað að henni að hún gæti orðið tónlistarkona. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tónlistin heilandi

Hildur Vala Einarsdóttir varð þjóðþekkt aðeins 23 ára gömul þegar hún sigraði Idol stjörnuleit fyrir fimmtán árum. Nú keppir hún aftur, í Söngvakeppni sjónvarpsins, með sitt eigið lag, Fellibylur.

Hildur Vala samdi og flytur lagið með eiginmanninum, Jóni Ólafssyni, en samband þeirra vakti mikla athygli í upphafi og varð tilefni til þess að þjóðin var spurð hvort hún hefði trú á að það myndi endast.

„Ég hef alltaf haft áhuga á tónlist, lærði á píanó í nokkur ár sem barn og var í barnakór hjá Jóni Stefánssyni í Langholtskirkju. Ég var líka í Söngskóla Reykjavíkur í klassískum söng í örskamman tíma en tók það ekki mjög alvarlega og fór frekar á kaffihús en í tónfræðitíma," segir Hildur Vala aðspurð um upphafið.

„Ég átti mér enga sérstaka drauma um að verða tónlistarkona, held ég, þó ég hafi haft gríðarlegan áhuga á tónlist. Ef ég hef haft þá, þá hafa þeir verið geymdir einhvers staðar lengst í dýpsta hafi jarðar. Það hvarflaði ekki að mér að ég gæti orðið tónlistarkona," segir hún.

Skondið og merkilegt að vinna

Það var árið 2005 sem Hildur Vala, þá 23 ára bar sigur úr býtum í hinni vinsælu Idol Stjörnuleit. „Mér finnst dálítið skondið en merkilegt að ég hafi unnið. Ég var algjörlega blaut á bak við eyrun, þannig séð, og hugsaði ekki um neitt nema að syngja, ekkert um athyglina sem við fengum.

Ég var upptekin af því að kynnast nýju fólki og hafa gaman. En svo kitlaði þetta hégómagirndina hjá ungri stúlku, sem fékk alls konar dót gefins og ferðir til útlanda og þetta var bara fallegt ferli."

Hildur Vala fékk í kjölfarið umboðsmann og nóg af verkefnum, meðal annars að syngja með Stuðmönnum sumarið eftir um land allt.

„Þetta var stórskemmtilegt en haustið eftir var ég komin með nóg og flúði til Ítalíu í eitthvað ítölskunám, en endaði þó á að ferðast með lestum um Toscana með Jóni og kann vart stakt orð í ítölsku," segir hún og hlær.

Bransinn erfiður og flókinn

Hildur Vala segist hafa áhuga á ýmsu öðru en tónlist og á tímabili hafi hana alls ekki langað að leggja hana fyrir sig. „Á þessum tíma menntaði ég þó mig í tónlist og söng í Tónlistarskóla FÍH og fékk þar útrás fyrir tónlistarástríðuna." Leiðin lá svo í kennaranám og er Hildur hálfnuð með meistararitgerð í faginu. „Auk þess gekk ég með og ól upp ásamt Jóni tvo litla stráka.

Mér fannst bransinn dálítið erfiður og flókinn, þessi lína milli þess að vera listamaður en vera líka að selja sig sem vöru. Ég sagði nei við ýmsu sem mér bauðst og fannst mun ánægjulegra að vera heima með strákunum mínum en að vera að syngja einhvers staðar. Í dag hugsa ég þetta þó öðruvísi og geri bara það sem mér finnst skemmtilegt og rétt," segir Hildur ákveðin en bætir við; „Og mér finnst eiginlega allt skemmtilegt sko, og rétt."

Vegfarendur spurðir um Jón

Eins og fyrr segir er Hildur Vala gift Jóni Ólafssyni tónlistarmanni og eiga þau saman þrjú börn. Hildur og Jón kynntust þegar hann stýrði upptökum á fyrstu sólóplötu Hildar. Platan var hluti sigurverðlaunanna í Idol og grínast Hildur því með að sigurinn hafi sannarlega verið örlagaríkur.

„Mér fannst hann skemmtilegur og með góðan húmor. Ég vissi jú að hann væri eitthvað eldri en ég, en hafði þó ekki hugmynd um að hann væri svona gamall," segir Hildur og hlær en á milli þeirra eru 19 ár. „Ég var ekkert að spá í það. Þetta var bara dásamlegur tími, þegar við vorum að byrja saman." Parið fór þó ekki varhluta af fjölmiðlaumfjöllun en Hildur segir þau bara hafa haft gaman af því þegar miðlarnir gerðu sér mat úr aldursmuninum. „Ég man að DV spurði fólk úti á götu hvort það hefði trú á þessu sambandi og hverjar það teldi líkurnar á að það myndi endast," segir Hildur og hlær að upprifjuninni.

„Við finnum ekki fyrir aldursmuninum, almennt, nema hann er aðeins betur að sér í eldri tónlist, eðlilega. En við höfum sömu gildi í lífinu, sameiginleg áhugamál og svipaðar skoðanir á því sem skiptir máli. Ég hef lært margt af honum alveg eins og hann hefur lært margt af mér."

Saman eiga þau Hildur og Jón þrjú börn, drengi sem eru 10 og 13 ára og fjögurra ára dóttur. Fyrir átti Jón svo tvær dætur frá fyrra sambandi. „Ég er mikil barnakona, áhugamanneskja um barnamenningu og hef mjög mikið yndi af börnum á öllum aldri. Mér finnst ég svo innilega lánsöm að hafa fengið að eignast þessi þrjú dásamlegu börn."

Hildur hefur starfað við tónlistarkennslu síðustu ár. „Nú kenni ég söng í tónlistarskóla FÍH þar sem ég stundaði söng- og tónlistarnám. Ég elska að kenna tónlist og miðla því sem ég hef lært og gengið í gegnum sem tónlistarkona. Söngur og tónlist er líka svo heilandi einhvern veginn, og stuðlar oft að bættri líðan og aukinni hamingju."

Hildur Vala segist lengi hafa haft áhuga á feminisma. „Síðastliðinn áratug hef ég lesið mér mikið til um konur og tónlist, þar sem bæði lokaritgerð mín og meistararitgerð hverfast um þetta efni. Það hefur í gegnum tíðina verið mikill kynjahalli í bransanum og það er ekki af því að stelpur séu ekki nógu duglegar að spila á trommur eða semja lög. En þróunin er mjög jákvæð, þó mér finnist hún stundum vera of hæg. Kítón, Félag kvenna í tónlist, og fleiri aðilar, hafa þó lyft umræðunni upp á yfirborðið sem er mikilvægt."

Hildur Vala hefur gefið út þrjár sólóplötur. Sú fyrsta var ábreiðuplata þar sem Hildur söng sín eftirlætis lög og næsta innihélt ný lög frá íslenskum höfundum. „Við tókum hana upp í Danmörku þegar ég var ólétt að frumburðinum. Svo þegar hún kom út var ég bara dottin inn í ungbarnabúbbluna og hafði lítinn tíma eða áhuga á að fylgja henni eftir."

> ÉG MAN AÐ DV SPURÐI FÓLK ÚTI Á GÖTU HVORT ÞAÐ HEFÐI TRÚ Á ÞESSU SAMBANDI OG HVERJAR ÞAÐ TELDI LÍKURNAR Á AÐ ÞAÐ MYNDI ENDAST.

Árið 2018 kom loks út platan Geimvísindi þar sem Hildur syngur lög eftir sjálfa sig. „Það fannst mér hrikalega skemmtilegt og get ekki beðið eftir að komast af stað í næsta sköpunarferli."

Þegar Hildur Vala kemur fram leikur eiginmaðurinn oftast undir. „Við vinnum mjög vel saman, og erum yfirleitt sammála um hlutina þegar við erum að taka upp nýja tónlist. En ég get alveg hugsað mér að vinna með einhverjum öðrum við tækifæri, kannski einhverjum upptökustýrum. Það er bara svo hagkvæmt fyrir heimilið að við vinnum saman," segir hún og brosir.

Þarf ekki alltaf stuð og læti

Eins og fyrr segir eiga þau hjón lagið Fellibyl í Söngvakeppninni en Hildur segir þau hafa verið beðin af RÚV af koma með lag og henni hafi fundist liggja beinast við að segja já. „Að fara með sitt eigið lag, á sínum eigin forsendum og stýra útkomunni algjörlega sjálf, það er bara stórkostlegt. Auk þess er gott fyrir mig að fara út fyrir þægindahringinn og láta bara vaða."

Lagið er angurvært og jafnvel nokkuð draumkennt en Hildur Vala segist hafa viljað tefla fram hægu lagi. „Á móti öllu teknóstuðinu sem hefur einkennt stóru Eurovision keppnina. Það þarf ekki alltaf að vera stuð, ljósasjóv og læti þó að maður sé glaður og hamingjusamur."

NÝTT

NJÓTTU **NÁTTÚRÚLEGRA AUGNABLIKA** LÍFSINS.

NATURALLY **GOOD**

INNIHELDUR **LÍFRÆNT ALOE VERA**
FYRIR NÁTTÚRULEGAN LJÓMA

100% ENDURNÝTANLEGAR PAKKNINGAR

NÁTTÚRULEGASTA UMÖNNUNIN OKKAR

99% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI

LÍFSKJARASAMNINGURINN 2019-2022

HVAÐ ER

Samtök launafólks, atvinnulífið og stjórnvöld tóku höndum saman 3. apríl 2019 um fjölþættar aðgerðir til að treysta kaupmátt launa, minnka verðbólgu og lækka vexti.

Ríkisstjórn Íslands leggur til 80 milljarða króna til að styðja við markmið Lífskjarasamningsins.

Viltu vita meira? Kynntu þér málið á vef SA.



Í HENDI?

Hagur heimilanna hefur batnað og verðbólgan er horfin

- **Samið hefur verið um kjör 97% starfsfólks** á almennum vinnumarkaði og félagsmanna 18 af 19 aðildarfélögum SGS sem starfa hjá sveitarfélögum um land allt.
- **Lægstu laun hækka hlutfallslega mest**, eða um 90 þúsund krónur á mánuði á samningstímanum.
- Lífskjarasamningurinn hefur skilað ríkulegum ávinningi. Verðbólga er mjög lítil og **vextir hafa ekki verið lægri í 70 ár**. Ráðstöfunartekjur skuldsettra heimila aukast vegna lægri vaxta og mögulegrar endurfjármögnunar lána.
- Lækkun tekjuskatts á lægri tekjur hefur tryggt lágtekjufólki **auknar ráðstöfunartekjur** um allt að 10 þúsund krónur á mánuði.
- Lífskjarasamningurinn stuðlar að **styttri og sveigjanlegri vinnutíma** sem tekur mið af mismunandi þörfum fólks og fyrirtækja.
- Framlag ríkisstjórnarinnar felst í því að á næstu misserum verður fjárfest í framtíðinni fyrir 80 milljarða króna. Mestu skiptir **lenging fæðingarorlofs, lækkun tekjuskatts, hækkun barnabóta og lausnir í húsnæðismálum**. Aðgerðirnar gagnast best ungu og tekjulágu fólki.
- **Aðalatriðið er að launin verða verðmætari** og meira fæst fyrir þau vegna jákvæðra breytinga sem samkomulag náðist um milli samtaka launafólks, atvinnulífs og stjórnvalda.

Lífskjarasamningurinn er lykill að betri kjörum landsmanna.

SA
SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Casper segir þá Frank alltaf skemmta sér við gerð Klovn en þriðja bíómyndin þeirra sem er komin í sýningar á íslandi verði þó sú síðasta. MYND/PER ARNESEN

Ástarkveðja Klovn til Íslendinga í bíó

Casper Christensen úr Klovn segir þá Frank bera sterkar taugar til Íslendinga sem tóku þeim strax fagnandi. Síðasta bíómyndin þeirra sé því virðingarvottur við land, þjóð og íslenskan húmor.

Þetta verður síðasta bíómyndin. Við Frank höfum eytt rúmlega fimmtán árum í Klovn og þurfum á tilbreytingu að halda núna, segir Casper Cristensen. „Stundum verður maður að hætta á meðan það er gaman og við erum mjög ánægðir með þessa mynd og af hverju ekki að hætta þá bara þar?“ spyr Casper en dregur aðeins í land þegar hann er spurður hvort sjónvarpsþættirnir verði ekki heldur fleiri.

„Aldrei segja aldrei. Aldrei segja aldrei, vegna þess að okkur finnst svo gaman að gera þetta. Klovn hefur ætið verið gæluverkefni gert af ást og við höfum haldið svona lengi áfram vegna þess að okkur finnst alltaf jafn skemmtilegt að gera þetta. Maður veit aldrei hvað mun gerast en þetta er lokamyndin.“

Þannig að þessi lokakafli í kvikmyndasögu Klovn er ekki til marks um að þið eruð orðnir þreyttir hvor á öðrum?

„Málið með okkur Frank er … sjáðu til. Þetta er Frank. Þú færð stundum nóg. Þú færð nóg,“ segir Casper glettinn og bendir á að þeir hafi öll þessi ár fengist við önnur verkefni hvor í sínu lagi. „Ég held að við Frank eigum eftir að finna eitthvað annað sem við munum vilja gera saman en hann er mikið í uppistandsgríni í augnablikinu en ég vil ekki fara út á kvöldin og þar erum við staddir akkúrat núna.“

Eitt af þessum öðrum verkefnum Franks var lítið hlutverk í einum þætti Game of Thrones. Fannstu þá fyrir afbrýðisemi?

„Já. Auðvitað. Þetta er Game of Thrones, komon maður. Hver myndi ekki vilja vera í því? Við Frank þekkjum mannskapinn á bak við Game of Thrones og þegar þau báðu Frank en ekki mig þá súrnaði vináttan pínulítið en ég mun lifa þetta af.“

Lofsöngur

Klovn 3 hefst á því að Casper gefur Frank strákaferð til Íslands í fimmtugsafmælisgjöf en eins og vera ber þegar Frank er annars vegar rennur ferðaáætlunin út í tóma vitleysu. „Málið er að Ísland var fyrsta landið fyrir utan Danmörku til þess að sýna Klovn og við höfum alltaf verið ykkur mjög þakklátir fyrir það þannig að auðvitað varð síðasta bíómyndin að hafa eitthvað með Ísland að gera þannig að þessi mynd er virðingarvottur.“

Casper finnur einnig snertiflöt milli þeirra félaga og Íslendinga í áþekku og frjálslegu skopskyni. „Okkur Dönum er jú sagt að við séum frjálslegir. Ég hef verið mikið á Íslandi og mér finnst þið ekki síður skora ansi hátt þarna. Við höfum oft verið á Íslandi og ég held að við Frank elskum landið ykkar svona mikið vegna þess að húmorinn er nánast sá sami þannig að við finnum sterkari tengingar við Ísland frekar en Svíþjóð og Noreg.“

Nýr línudans

Þeir sem þekkja til Klovn vita að grínið sprettur ekki síst upp á mörkum þess sem boðlegt getur talist og aðspurður segir Casper að vissulega finni þeir Frank fyrir því að rammi þess sem má gera grín að þrengist hratt.

„Það er satt. Það er svo satt. Við þurfum meira að segja að takast á við þetta í Danmörku en þetta eru bara nýjar reglur. Ég og Frank höfum eytt svo miklum tíma í að finna þessi landamæri. Þetta takmark á því hversu langt grínið má ganga og núna hefur þetta breyst. Það er komið nýtt strik, nýjar takmarkanir og við vinnum þá bara í kringum það og höfðum þannig klárlega áhyggjur af því hversu langt við gætum gengið að þessu sinni og þessi mynd er ekki jafn villt og númer tvö.

Hún er aðeins léttari vegna þess að ég held að við Frank höfum ekki viljað kasta fólki burt. Við vildum ekki sjokkera fólk svo mjög að það gæti ekki lengur hlegið. Andrúmsloftið er bara … þetta er í fyrsta skipti sem fólk sagðist ekki vilja gera ákveðna hluti. Þetta er fyrsta myndin þar sem við Frank þurftum að velta fyrir okkur hvort við værum að ganga of langt,“ segir Casper og bætir við að þegar þeir tveir loki sig af í algeru öryggi sé markaleysið algert og þeim er ekkert heilagt.

„En þegar við sýndum fólki fyrsta uppkastið að handritinu þá fengum við bara: „Nei,“ og þau sögðust ekki lengur geta hlegið að þessu vegna þess að þetta væri yfirgengilegt. Og þá þurftum við að fara til baka og spyrja: „Hvað við viljum gera? Við viljum gera grín, ekki satt? Við viljum fá fólk til þess að hlæja og skemmta sér. Þannig að við þurftum stanslaust að vera að breyta einhverju.“

Samt besta myndin

Casper er engu að síður hæstánægður með myndina og þann dans sem þeir Frank stíga þar á nýjum markalínum. „Ég held að þetta séu bestu viðbrögð sem við höfum nokkru sinni fengið. Fólk elskar myndina og sjálfum finnst mér hún besta myndin af þessum þremur sem við höfum gert.

> ÞETTA ER FRANK. ÞÚ FÆRÐ STUNDUM NÓG.

Vegna þess,“ segir Casper, „að þetta er enn þá Klovn. Þér finnst hún enn ganga of langt án þess þó að við förum yfir landamærin þannig að þetta fari að verða óþægilegt. Þetta er of mikið en samt akkúrat nóg vegna þess að þegar það verður markmið í sjálfu sér að fara yfir strikið þá geturðu misst áhorfendurna og húmorinn,“ segir Casper.

Skemmtilegur fáviti

„Það má ekki gerast þannig að þú vilt komast nákvæmlega að mörkunum þar sem þú getur látið fólk hlæja þannig að því líði pínulítið óþægilega en samt verið réttum megin línunnar og ég held að okkur hafi tekist það með þessari mynd.“

Casper segir nafna sinn einhvers kona ýkta skopstælingu af honum. „Það fyndna er að þegar ég var sem líkastur honum var minna gaman að leika hann. Núna er ég á allt öðrum stað en Casper og það er búið að vera svo skemmtilegt að leika þennan fávita,“ segir hinn eini sanni Casper sem horfir nú til Jim Carrey. „Vegna þess að hann gefur skít í þetta allt, og ég stefni í sömu átt. Að láta ekki festa mig því að leika alltaf sömu persónuna.“

FÓLK
Helgin

LAUGARDAGUR 15. FEBRÚAR 2020

Megas stuðar sálina

Margrét Kristín Blöndal eða Magga Stína, hefur þekkt Megas frá því hún var barn. Textarnir hans og tónlist hafa haft djúp tilfinningaleg áhrif á hana. Undir þeim áhrifum stígur hún á svið í Eldborg. →2

Það verður sko ekki barist við neitt rok á tónleikunum hennar Möggu Stínu en hún þarf að „berjast“ við Megas sjálfan. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Einstök blanda fyrir liðina

EINSTAKT KOLLAGEN RAKAKREM

GEFUR GÓÐA NÆRINGU OG MIKINN RAKA

Fæst í flestum apótekum, Heilsuver, www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Það hefur lítið farið fyrir slökun að undanförnu hjá söngkonunni. Það er flókið verkefni að setja upp stóra tónleika.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Magga Stína segir að Megas hafi verið góður vinur foreldra hennar og þess vegna hafi leiðir þeirra legið saman í langan tíma. Hún hefur oftsinnis sungið lögin hans og gerir það eins og henni einni er lagið. Það fer henni einmitt afar vel að taka fyrir þessa tegund tónlistar eins og hún ætlar að gera í Eldborg þann 22. febrúar. „Jú, það má segja að Megas hafi fylgt mér lengi. Einhvern veginn hafa guðirnir ákveðið að þannig skuli þetta vera. Ég finn mig vel í tónlist hans, textum og hugmyndum og fæ mikið út úr því að flytja hana," segir hún.

„Tónleikarnir mínir nefnast Magga Stína syngur Megas en ég gaf út samnefnda plötu árið 2005. Það hefur blundað lengi í mér að flytja lögin á þennan hátt á sviði," segir hún. „Sá draumur er að rætast núna og ég hef fengið gríðarlegan fjölda listamanna til að vera með mér. Þetta hefur verið flókinn undirbúningur þar sem mörgum hnöppum þarf að hneppa en nú er þetta allt að smella saman. Það er mikið umfang í kringum svona stóra tónleika."

Vekur sterkar tilfinningar

Þegar Magga Stína er spurð hvort henni þyki Megas skemmtilegur, svarar hún: „Mér finnst hann ekki bara vera skemmtilegur, hann getur örugglega verið alveg hundleiðinlegur. Megas er allt, hann er óþægilegur, hann dregur okkur stundum á hárinu, hann þjarmar að okkur þangað til að við neyðumst til að líta í spegil og það finnst mér allra best þótt það sé kannski ekkert þægilegt," segir Magga Stína og á þá við texta Megasar ekki persónuna sjálfa. Allir vita að Megas er bæði elskaður og hataður og Magga Stína segir að það segi heilmikið um hve margslunginn hann er. „Megas vekur hjá fólki sterkar tilfinningar, bæði með tónlistinni, textum og hegðan. Hann stuðar í manni sálina. Megas er orðsnillingur og löngu orðinn þjóðskáld okkar Íslendinga."

Engin leyndarmál gefin upp

Það kemur örlítið hik á Möggu Stínu þegar hún er spurð hvort Megas muni sjálfur láta sjá sig á sviðinu. „Ég verð að svara því eins og stjórnmálamaður. Það hefur ekkkkkkkki verið ákveðið," segir hún og hlær án þess að neita spurningunni. Magga Stína er stolt og þakklát fyrir það hversu margir snillingar verða með henni á tónleikunum. Þar má nefna Sigrúnu Eðvaldsdóttur, konsertmeistara Sinfóníunnar, Diddu, Björgvin Gíslason gítarleikara, hljómsveit sem skipuð er valinkunnum tónlistarmönnum á borð við Matthías Hemstock trommara, Jakob Smára Magnússon bassaleikara, Daníel Friðrik Böðvarsson gítarleikara og Tómas Jónsson hljómborðsleikara. Hvorki meira né minna en þrír kórar koma fram, Kammerkór Suðurlands, Vox Populis og Söngfjelagið undir stjórn Hilmars Arnar Agnarssonar. Þá er ónefnd Brasssveitin Látún.

„Þetta verður sannarlega eitthvað með upphrópunarmerki," segir Magga Stína. „Ég hlakka ótrúlega mikið til en ég er alveg líka að fá heilablóðfall af stressi," bætir hún við en mörg þekktustu lög Megasar munu hljóma á tónleikunum og má þar nefna Fílahirðinn frá Súrín og Gamla sorrí Grána auk þess sem fluttir verða sálmar Megasar við nokkra Passíusálma Hallgríms Péturssonar. „Þetta verða ólíkir og fjölbreyttir tónleikar," segir söngkonan. „Tónleikarnir eru mikil áskorun fyrir mig og það var kominn tími til að framkvæma þá."

Risaeðla

Möggu Stínu þarf vart að kynna fyrir landsmönnum. Hún hefur lengi verið viðloðandi tónlist. Á sínum tíma stofnaði hún hljómsveitina Risaeðluna ásamt fleirum en hljómsveitin ferðaðist víða um heim. Magga Stína hefur samið eigin lög og sungið inn á sínar plötur og með öðrum. Þá hefur hún samið tónlist við leikrit í Borgarleikhúsinu og með Nemendaleikhúsi LHÍ. Hún hóf tónlistarnám sitt með því að læra á fiðlu og hefur starfað sem tónlistarkennari en tók sér frá frí kennslu í vetur til að leggja áherslu á eigin tónlist.

Áherslan liggur í tónlistinni

Magga Stína er móðir þriggja barna en það yngsta, sonur, er 15 ára en systur hans tvær komnar yfir tvítugt. „Ég þurfti alltaf að vinna með tónlistinni meðan þau voru yngri en núna ætla ég að einbeita mér að henni eingöngu. Hef hugsað mér að gera það framvegis eða alveg þangað til ég dey," segir hún hressandi kát og hrópar: „Yfirlýsing dagsins."

Tónlistin er bæði ástríða og áhugamál Möggu Stínu. „Það hefur hún verið alla tíð," segir hún. „Tónlist er í mínum huga frábrugðin öðrum listformum, hún er abstrakt. Hún þarf enga millilið því áhrifin eru sterk, líkt og með lykt. Tónlistin bætir við óræðum víddum í þroska heilans," útskýrir Magga Stína heimspekilega. „Hún veitir fólki ákveðna líðan sem ekkert annað gerir á sama hátt. Þótt það hljómi hrokafullt þá finnst mér tónlistin vera æðsta listformið," bætir hún við.

> **Megas er allt, hann er óþægilegur, hann dregur okkur stundum á hárinu, hann þjarmar að okkur þangað til að við neyðumst til að líta í spegil og það finnst mér allra best þótt það sé kannski ekkert þægilegt.**

Kröfuhart ljóðskáld

Tónleikarnir í Eldborg taka allan tíma sólarhringsins núna hjá Möggu Stínu. „Maður fer aldrei með hálfum hug inn í tónlist Megasar. Hann er rosalega kröfuharður og hvert einasta orð skiptir máli. Hvert orð og hver tónn hefur sérstaka tilfinningu og tilgang en það er gjöfin sem hann hefur fært okkur. Tónlistin er djúp og margbrotin."

Þegar þessir tónleikar verða að baki eftir 22. febrúar segir Magga Stína að við taki nýtt verkefni þótt hún hafi ekki hugmynd um hvað það verði. „Kannski Hvalasinfónían. Hún hefur búið með mér lengi. Ég get samt ekkert lýst henni. Hún er ekki til nema inni í mér. Við verðum bara að tala um hana seinna."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103,

Ekkert jafnast á við djúpa slökun á sál og líkama eftir langan vinnudag!

Magnesíum olíur, krem og flögur frá Better You hafa reynst einstaklega vel bæði fyrir börn og fullorðna og hefur Magnesíum Joint slegið í gegn hjá bæði íþróttafólki og öðrum sem hafa verið að finna fyrir óþægindum í liðum. Magnesíum er eitt af mikilvægustu steinefnum líkamans.

Magnesíum er fjórða mikilvægasta steinefni líkamans og er gríðarlega mikilvægt fyrir heilsu okkar. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum og getur magnesíumskortur haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér. Magnesíum er nauðsynlegt til orkuframleiðslu í líkamanum ásamt því að stuðla að betri andlegri og líkamlegri heilsu.

Merki um magnesíumskort

Við fáum magnesíum úr ýmsum matvælum en samt sem áður er mjög algengt að fólk skorti það. Magnesíumskort má oft rekja til lélegs og rangs mataræðis, mikillar streitu, ýmissa lyfja og mikillar koffínneyslu. Einnig skolast steinefni út úr líkamanum þegar við svitnum, þannig að ef við æfum mikið þá töpum við steinefnum sem við þurfum að passa upp á að bæta upp aftur. Einkenni magnesíumskorts geta verið:

- Svefnerfiðleikar
- Sinadráttur
- Vöðvakrampi
- Aukin næmni fyrir stressi
- Síþreyta
- Orkuleysi
- Fjörfiskur

Krampar, fótaóeirð og flug

Magnesíum frá Better You er til í úðaformi, sem gel til að nudda á þreytta vöðva og sem flögur til að setja í baðið, allt eftir því hvað hentar. Magnesium sleep kremið inniheldur auk magnesíum lavender ilmkjarnaolíu sem er slakandi og hentar vel fyrir svefninn, til að slaka betur á og/eða losna við fótaóeirð. Recovery er sérstaklega hannað með íþrótta- og afreksfólk í huga en það inniheldur einnig kamfóru, svartan pipar og sítrusolíur til að hraða endurheimt. Original-úðinn inniheldur hreint magnesíum og hentar öllum. Nýjasta varan frá Better You er svo Magnesium Joint-úðinn sem er blanda af hreinu magnesíumklóríð sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og glúkósamíni til að styðja við liðastarfsemina og hefur verið vel tekið á móti þessari nýju vöru bæði af íþróttafólki og fólki sem á við liðverki að stríða.



Magnesíum er einstaklega slakandi og róandi fyrir sál og líkama. Það slær á þreytuverki og getur linað harðsperrur sem og slegið á fótapirring og bætt svefn. Magnesíumflögurnar eru mjög einfaldar í notkun og henta vel í baðið.

> **Sú mikla endurheimt vöðva og djúpslökun sem á sér stað þegar magnesíumflögum er bætt út í heitt bað, er engu öðru líkt.**
>
> **Andrew Thomas, stofnandi BetterYou.**

Magnesíumsalt í sérflokki

Magnesíumklóríð er ein sú ríkasta og hreinasta náttúrulega uppspretta salts sem þekkt er. En það frásogast auðveldlega og nýtist líkamanum til lengdar og er þetta gæðasalt því í sérflokki. Þessi mikla upplausn sem á sér stað í vatninu er nauðsynleg til þess að efnasamböndin komist inn í gegnum húðlagið og út í blóðrásina. Steinefnið magnesíum stuðlar m.a. að;

- Eðlilegum efnaskiptum
- Eðlilegri starfsemi taugakerfis, vöðvastarfsemi sem og viðhaldi eðlilegra beina
- Dregur úr þreytu og lúa

Slökun í heita pottinum

Magnesíum er einstaklega slakandi og róandi fyrir sál og líkama. Það slær á þreytuverki og getur linað harðsperrur sem og slegið á fótapirring og bætt svefn. Magnesíumflögur eru einstaklega einfaldar í notkun. Þær koma í 250 g og 1 kg pokum og eru fjölmargir farnir að nota þær í heita pottinn. Flögurnar henta einnig vel í baðið og í fótabaðið, en húðin drekkur í sig þetta mikilvæga steinefni. Magnesíumflögurnar eru hreinasta form magnesiums sem hægt er að fá. Fyrir gott jafnvægi, er mælt með að fara í magnesíumbað tvisvar í viku til að auka og viðhalda magnesíumgildi líkamans.

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir, heilsuhillur stórmarkaða og Costco.

Býst við áhugaverðum umræðum

Á málþingingu Má njóta níðinga? sem fer fram í dag verður velt upp siðferðislegum spurningum á borð við: Má ég lesa bækur eftir rasista, hlusta á tónlist eftir ofbeldismann eða syrgja nauðgara?

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Í lýsingu á viðburðinum á samfélagsmiðlum stendur: „Má ég halda áfram að hlusta á uppáhaldstónlistarmanninn minn, þó svo að hann hafi verið dæmdur fyrir kynferðisofbeldi? Á ég að slökkva á uppáhaldsseríunni minni þegar aukaleikari birtist á skjánum, af því að ég veit að hann hefur barið konuna sína? Má syrgja nauðgara? Halda með morðingja?“

Og áfram er spurt: „Hvað með listamenn sem ekki eru níðingar en hafa viðhorf sem ganga þvert gegn mínu eigin siðferði? Má ég lesa bækur eftir rasista? Veita hómófób YouTube-áhorf? Læka mynd hjá manni sem hatar konur?“

Á málþinginu sem er haldið á vegum Siðmenntar og er hluti af fyrsta Siðmenntarþingi félagsins verður reynt að svara þessum erfiðu spurningum. Inga Auðbjörg K. Straumland, formaður Siðmenntar, segir að hugmyndin að málþinginu hafi komið vegna þess að hún hafi mikið velt því fyrir sér hversu flókið getur verið að setja sér siðferðislegar línur um hvaða listamenn má styrkja með áhorfi sínu og athygli.

Í lýsingu málþingsins segir að sumt fólk taki harða siðferðislega afstöðu gegn listafólki sem hefur breytt rangt, á meðan öðrum finnist að listin hljóti að standa fyrir sínu, óháð gjörðum listamannsins. Þar segir einnig að flestir húki ringlaðir á milli þessara tveggja póla og eigi erfitt með að draga sína persónulegu línu í sandinn.

„Ég er oft ekki viss sjálf hvaða línu ég vil setja og hef til dæmis velt því fyrir mér hvort það sé réttlætanlegt að horfa á myndir eftir Woody Allen, eða myndir með Johnny Depp og eins hvort megi syrgja Kobe Bryant og mér fannst eiginlega kominn tími á að fá einhvern til að svara þessu fyrir mig,“ segir Inga.

Framsögufólk veltir upp erfiðum spurningum

Steinunn Ólína Haflíðadóttir, Þóra Tómasdóttir og Arnar Eggert Thoroddsen verða framsögumenn á málþinginu og munu rekja sínar hugmyndir um þessar siðferðislegu spurningar og eftir það verða umræður úr sal.

„Steinunn Ólína hefur mikið látið að sér kveða í ungmennamálum og femínisma, hún skrifaði grein í Flóru veftímarit sem var á þessari línu svo þess vegna hafði ég samband við hana,“ segir Auður.

Steinunn Ólína Haflíðadóttir situr í ritstjórn femíníska veftímaritsins Flóru og hefur undanfarin



Inga Auðbjörg K. Straumland segist sjálf ekki vita hvar hún á að draga línuna í þessum efnum. MYND/HARI

ár beitt sér fyrir femínískum verkefnum, en hún vann meðal annars að átaki Stígamóta, Sjúk ást.

Arnar Eggert er tónlistargagnrýnandi sem hefur mikið skoðað útskúfunarmenningu. Doktorsritgerð hans var á sviði dægurtónlistar og mun hann einbeita sér að útskúfunarmenningunni þar, hvernig henni er háttað og hvernig hún hefur þróast. Hann er aðjunkt í félagsfræði við Háskóla Íslands og umsjónarmaður grunnnámsins þar í fjölmiðlafræði.

„Mér fannst mjög mikilvægt að fá innsýn úr tónlistarbransanum því umfjöllunarefnið á mjög vel við þar,“ segir Inga.

„Þóra Tómasdóttir kemur úr kvikmyndabransanum og er mikill femínisti, hún hefur líka langa reynslu af blaðamennsku og mun fjalla um afhjúpun og útskúfun. Þannig að ég held að við höfum náð nokkuð breiðri skírskotun í listina með þessu framsögufólki.“

Inga býst við áhugaverðum umræðum á málþinginu í dag. „Siðmenntarþingið er í tengslum við afmæli Siðmenntar en við eigum 30 ára afmæli núna. Eitt af markmiðum félagsins er að standa fyrir umræðu um siðferðismál og húmanisma og mál tengd okkar gildum og þetta er málefni sem er fólki hugleikið.“

Málþingið hefst klukkan 14.00 í dag og stendur til 15.30. Það er öllum opið og fer fram í sal Garðyrkjufélags Íslands í Síðumúla.

Mýkri og sveigjanlegri liðir

Bætiefnin Active Joints og Stronger Bones frá Eylíf bæta heilsu liða og styrkja bein. Þau eru framleidd á Íslandi úr hreinum, íslenskum hráefnum og eru öll hráefni sjálfbær og vistvæn.

Tvær vörur frá Eylíf eru nú þegar komnar á markað, Active Joints og Stronger Bones, og tvær aðrar vörur eru væntanlegar í vor.

„Active Joints inniheldur uppbyggjandi næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á jákvæð áhrif þeirra á heilsu beina, liðamóta, húðar og tanna," upplýsir Ólöf Rún Tryggvadóttir, stofnandi Eylíf.

„Það hefur áhrif á auma og viðkvæma liði, eykur sveigjanleika þeirra, styrkir bein og eykur orku ásamt því að húð, neglur og hár njóta góðs af."

Sótt er í sjálfbærar auðlindir úr sjó og landi við framleiðslu heilsuvaranna frá Eylíf.

„Við vöndum okkur, notum hreina íslenska náttúruafurð og eingöngu hrein, náttúruleg og óerfðabreytt hráefni sem stuðla að sveigjanlegri liðum, því með sveigjanlegri líkama erum við færari til að takast á við verkefnin í dagsins önn," segir Ólöf Rún.

Spornað við beinþynningu

Ólöf Rún segir öllum nauðsynlegt að huga að beinum sínum.

„Við þurfum sterk bein alla ævi því við stöndum og föllum með því og fáir sjúkdómar skerða lífsgæði eins mikið og beinþynning. Bein eru stöðugt að eyðast og myndast en til 30 til 35 ára aldurs er jafnvægi á því. Eftir það byrja beineyðandi frumur að hafa betur og vegna hormónabreytinga á aldrinum 45 til 60 ára eykst hraði beineyðingar töluvert hjá sumum einstaklingum. Til að viðhalda þessu jafnvægi alla ævi þarf að stuðla að kalkmyndun með góðri næringu og hæfilegri áreynslu," segir Ólöf Rún.

Bætiefnið Stronger Bones inniheldur uppbyggjandi næringarefni frá Eylíf.

„Margra ára rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif þeirra á beinauppbyggingu. Það hefur fyrst og fremst áhrif á styrkingu beina en húð, liðir, neglur og melting njóta líka góðs af," útskýrir Ólöf Rún.

„Rétt eins og með Active Joints vöndum við til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð og náttúruleg og hrein hráefni sem ekki eru erfðabreytt til að stuðla að sterkari beinum, því með því að huga að beinunum stöndum við sterkari," segir Ólöf Rún.

Stronger Bones frá Eylíf inniheldur níutíu tuggutöflur í glasi. Best er að tyggja þrjár á dag með mat til að byggja upp og viðhalda sterkum beinum alla ævi.

Hrein og sjálfbær framleiðsla

„Eins og áður sagði notum við eingöngu hrein íslensk hráefni sem þróuð eru á sjálfbæran hátt í Eylíf- vörurnar," segir Ólöf Rún. „Þau helstu eru kalkþörungar, GeoSilica, smáþörungar (astaxanthín) og íslenskar jurtir. Kalkþörungar og GeoSilica eru í báðum vörunum, en smáþörungar (astaxanthín) og íslenskt birki eru aukalega í Active Joints."

Kalkþörungarnir vaxa villtir við strendur Vestfjarða og finnast helst í Arnarfirði, þar sem þeir eru tíndir neðansjávar.

„Áhrif og virkni kalkþörunga er einstök og hafa þeir verið rannsakaðir ítarlega undanfarin ár. Þeir hafa einstaka eiginleika og góð áhrif á líkamann, styrkja beinvef, byggja upp beinin, hafa góð áhrif á meltingu og húð, og hafa reynst vel gegn sliti og óþægindum í liðum, en margar rannsóknir hafa staðfest þessi áhrif," upplýsir Ólöf Rún.

GeoSilica er náttúrulegur hágæða kísill sem tekinn er úr náttúrulegu jarðhitaefni við Hellisheiðarvirkjun.

„Kísillinn hefur öflug áhrif á bandvef, beinvef og styrkir húðina og eykur teygjanleika hennar. Hann eykur líka beinþéttni, örvar hárvöxt og styrkir neglurnar, brjóskmyndun og æðakerfið," útskýrir Ólöf Rún og tekur fram að virkni GeoSilica kísilsins hefur verið staðfest með rannsóknum.

Rannsóknir hafa líka staðfest virkni astaxanthín, eða smáþörunga, en það er öflugt andoxunarefni sem er 3000 sinnum öflugra en C-vítamín.

„Astaxanthín hefur einstaka eiginleika og góð áhrif á líkamann. Má þar nefna öfluga virkni fyrir húð, vöðva, blóðrás, hjarta og heila. Það styrkir ónæmiskerfið og sjónina og virkar sem innri sólarvörn fyrir húðina, ásamt því að auka teygjanleika og mýkt hennar, en margar rannsóknir hafa staðfest þessi áhrif," segir Ólöf Rún.

Astaxanthín er framleitt í lokuðu kerfi með hreinu íslensku vatni, en framleiðslan er bæði vistvæn og sjálfbær.

„Allar jurtir sem eru notaðar í Eylíf vörulínuna eru handtíndar og þurrkaðar af íslensku fyrirtæki. Birkilauf eins og eru í Active Joints hafa frá örófi alda verið notuð við ýmsum kvillum og hafa vatnslosandi eiginleika," segir Ólöf Rún.

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu og Fjarðarkaup og á eylif.is. Nánari upplýsingar á eylif.is.

Full orku og finnur mikinn mun

Brenda Pretlove er búin að taka inn Active Joints-hylkin í tíu mánuði.

„Ég hef verið slæm í skrokknum og með slit í liðum í mörg ár. Áður fyrr tók ég inn fæðubótarefni fyrir slit í liðum og ef ég reyndi að hætta á því þá fékk ég mikla verki í liðina og leið mjög illa," upplýsir Brenda. „Þegar ég byrjaði að nota Active Joints varð ég smá hrædd um að verða aftur slæm í liðum en þær áhyggjur voru óþarfar því ég hef ekki fengið nein óþægindi eftir að ég byrjaði á Active Joints og hætti á hinu fæðubótarefninu."

Brenda er líka sterkari í hnjám en hún hefur verið síðastliðin fjörtíu ár, eftir að hún lenti í slysi.

„Svo er gaman að efnin virka líka svo vel á húðina, hárið og neglurnar. Ég finn mikinn mun á nöglunum sem vaxa sem aldrei fyrr og eru mikið sterkari og fallegri en áður," segir Brenda. „Hárið vex einnig mun betur og húðin er ekki eins þurr og hún átti til að vera áður. Fyrir konu á mínum aldri, sem vill stunda hestamennsku af fullum krafti, líta vel út og vera með flottar neglur og lipur liðamót, mæli ég eindregið með Active Joints. Þetta er frábær vara sem ég er hæstánægð með."

Brenda Pretlove

Stórbætt líðan í öllum liðamótum

„Ég hef í mörg ár glímt við liðverki og eymsli í líkamanum, en ég hef stundað íþróttir í 50 ár. Ég hef tekið Active Joints-hylkin í nokkra mánuði og eftir tæplega mánaðarneyslu varð öll líðan í liðum töluvert mikið betri.

Eftir tvo mánuði fór ég í sumarfrí erlendis og tókst að gleyma dósinni góðu heima. Fljótlega fann ég glöggt muninn og var feginn að byrja aftur á inntökunni þegar heim kom. Aftur leið þó svolítill tími þar til efnið fór að virka, en þó töluvert styttri heldur en þegar byrjaði á því fyrst.

Nú eru komnir rétt um þrír mánuðir og fleira jákvætt finnst mér fylgja með. Betri svefn og ég er mun fljótari að hvílast eftir æfingar. Mesti munurinn er þó á stórbættri líðan í öllum liðamótum.

Ég mæli því óhikað með Active Joints sem hefur reynst mun betur en þau bætiefni sem ég hef reynt áður. Nú liggur leiðin bara upp á við. Ég mæli með Active Joints."

Valbjörn Jónsson

Getur loksins prjónað aftur

Þær Dagrún Mjöll Ágústsdóttir og Brenda Pretlove hafa báðar afar góða reynslu af Active Joints.

„Ég fékk heilablóðfall fyrir tæplega fimm árum og hef síðan átt við afleiðingar af því," segir Dagrún. „Það lýsir sér helst þannig að ég hef verið stirð og lengi að koma mér á fætur á morgnana. Ég hef einnig verið mjög stíf og stirð í fingrum og fótum og átt frekar erfitt með gang."

Dagrún hefur notað Active Joints í nokkra mánuði og fann fljótlega mun á sér.

„Núna er ég orðin svo miklu betri í líkamanum, meltingin er betri, ég á auðveldara með að ganga og er fljótari að koma mér í gang á morgnana. Ég er líka loksins farin að geta prjónað aftur en það er eitthvað sem ég gat ekki í nokkur ár. Það er þvílíkur munur því mér finnst svo gaman að prjóna. Árangurinn af því að nota Active Joints hefur verið alveg ótrúlegur og ég mæli svo sannarlega með Active Joints, því það virkar mjög vel fyrir mig."

Dagrún Mjöll Ágústsdóttir

> **Ég er líka loksins farin að geta prjónað aftur því það er eitthvað sem ég gat ekki í nokkur ár. Það er þvílíkur munur því mér finnst svo gaman að prjóna.**
>
> **Dagrún Mjöll Ágústsdóttir**

Flettir albúmi á afmælisdegi

Tónlistarkonan Fríða Dís er ástríðufullur einfari en um leið mikil stemningsmanneskja. Hún segir tímabært að vera óhræddari við að tjá tilfinningar sínar og treysta öðrum.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Ljúfasta helgarminningin úr ásku tengist systur minni, Særúnu Leu og flestar af eftirlætis minningum mínum frá uppvaxtarárunum eru tengdar henni. Það var skemmtilegast að fá að tjalda úti á túni, fá snakk í skál, vasaljós og segja draugasögur fram á nótt," segir tónlistarkonan Fríða Dís Guðmundsdóttir í upphafi helgar.

Fríða Dís er uppalin í Sandgerði en hefur búið í höfuðstaðnum frá því um tvítugt.

„Ég byrja hvern dag á kaffi og tónlist setur tóninn fyrir daginn. Ég er mikil stemningsmanneskja og hrífst auðveldlega með umhverfinu svo ég reyni að hafa venjurnar góðar. Ferskt loft og útivera með syni mínum og skokk er gulls ígildi og gott til að hreinsa hugann. Ég er einfari í eðli mínu og þarf rými til að hugsa og skapa en góður matur með góðum vinum er líka í uppáhaldi. Ferðalög, sýningar, tónleikar og náttúran er allt sem veitir mér innblástur og nærir sálina," svarar Fríða Dís, innt eftir helgarlífi drauma sinna.

Fríða Dís er gift Þorsteini Surmeli og eiga þau hjónin tveggja ára son. Því eru helgarnar oftast helgaðar fjölskyldunni þegar Fríða Dís er ekki að spila einhvers staðar en hún hefur tekið þátt í mörgum tónlistartengdum verkefnum í gegnum tíðina, eins og hljómsveitunum Klassart, Eldum og Trilogiu.

„Við nýtum hverja helgi í að hitta vini okkar og leyfa börnunum að leika, sækjum viðburði og gerum eitthvað skapandi og skemmtilegt saman. Við erum líka nýflutt svo helgarnar fara gjarnan í það núverið að ditta að hérna heima. Annars er ég oftast komin mjög fljótt úr náttfötunum um helgar og vil fara að gera eitthvað. Þá er það oftast náttúran og útivera með syninum sem kallar," segir Fríða Dís.

> **Í gegnum tíðina hef ég átt fremur erfitt með að tala um tilfinningar mínar og vil helst bara halda þeim út af fyrir mig.**

Persónulegt yrkisefni

Fríða Dís hóf nýverið að vinna að sólóefni og gaf á dögunum út sína fyrstu sólóplötu, Myndaalbúm. Á henni eru átta frumsamin lög, sex á íslensku og tvö á frönsku.

„Yrkisefnið er persónulegt. Lögin tengjast minningum og reynslu úr mínu lífi og raðast eins og ljósmyndir í myndaalbúmi. Ég samdi þau á sex ára tímabili undir mismunandi kringumstæðum og hefur ferlið á plötunni verið tilfinningaleg úrvinnsla þar sem atburðum fortíðar er fundinn farvegur. Laglínan og textarnir fæðast oftast á sama tíma og svo er bassinn oftast fyrsta hljóðfærið sem kemur inn; það er svona fyrsta hljóðfæri sem ég grip í og því eru laglínur og bassalínur þéttofnar saman og eru kannski mitt helsta höfundareinkenni," útskýrir Fríða Dís sem er með B.A.-próf í listfræði.

„Í gegnum tíðina hef ég átt fremur erfitt með að tala um tilfinningar mínar og vil helst halda þeim út af fyrir mig. Það er mér mjög eðlislægt að finna tilfinningum mínum farveg í gegnum listsköpun og er það mín þerapía. Með þessari plötu langar mig aftur á móti að bæta ráð mitt og vera óhræddari við að tjá hug minn og treysta öðrum betur. Ég er mjög mikil tilfinningavera og ástríðufull í því sem ég geri og þarf að koma kvíðanum og myrkrinu úr systeminu og opna á betra flæði. Það er margt sem brennur á mér og liggur mér á hjarta svo sólóplöturnar verða örugglega fimmtán," segir Fríða Dís og kímir.

Á nýju plötunni stjórnaði hún útsendingum sjálf ásamt því að syngja, leika á bassa, rafmagnsgítar, flautu, áslátt, syngja raddir og hanna plötuumslagið.

„Ég fékk því algjört listrænt frelsi til að hafa plötuna nákvæmlega eftir mínu höfði og það var akkúrat það sem ég þurfti."

Með barnabók í pípunum

Fríða Dís á afmæli í dag, laugardaginn 15. febrúar, og verður 33 ára. Af því tilefni ætlar hún að blása til veislu í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ í kvöld og fagna útgáfu plötunnar.

„Með mér koma fram Smári Guðmundsson á gítar, Stefán Örn Gunnlaugsson á píanó og syntha, Kristinn Snær Agnarsson á trommur, Óskar Guðjónsson á saxófón, Matthías Stefánsson á fiðlu og gítar og Óskar Þór Arngrímsson sér um áslátt. Við ætlum að flytja plötuna í heild sinni og skyggnst verður á bak við lögin og töfrana sem áttu sér stað í upptökuferlinu," upplýsir Fríða Dís um tónleikana í kvöld.

„Svo er planið að fylgja plötunni minni eftir, spila sem víðast og taka upp nokkur tónlistarmyndbönd. Hljómsveitin mín, Klassart, er einnig að fara í upptökur á lögum sem við sömdum við ljóð Hallgríms Péturssonar. Svo þarf ég að dusta rykið af teiknibarðinu því ég er með barnabók og lag í stíl í pípunum sem ég þarf að koma frá mér. Ég er líka strax farin að huga að næstu sólóplötu," segir Fríða Dís og iðar í skinninu að fara að semja og útsetja eitthvað nýtt.

Fríða Dís á afmæli í dag og heldur af því tilefni tónleika í Hljómahöllinni í kvöld. MYNDIR/ÞORSTEINN SURMELI

Helgarnar hennar Fríðu Dísar

Hvort ertu morgunhani eða næturhrafn?
Ég er B+ manneskja í A+ lífsstíl.

Besti helgarmaturinn?
Sushi.

Bestu helgargestirnir?
Vinir og fjölskylda.

Besta helgardekrið fyrir þig sjálfa?
Útiskokk og langt bað með kertaljósum og tónlist.

Hvað færðu þér á kósíkvöldi?
Ég er mest bara í teinu á kvöldin og finnst gott að fá mér ber og ávexti, en papriku- eða chili-snakk er eftirlætis nammið mitt.

Á hvað hlustarðu til að koma þér í helgarskapið?
Con Todo El Mundo með Khruangbin.

Hvert ferðu á djammið?
Ég hef voða lítið stundað næturlífið undanfarin ár, en ef ég fer eitthvað út er það helst til að sækja tónleika.

Hvaða bíómynd gætirðu horft á aftur og aftur?
Spirited Away eftir Hayao Miyazaki.

Hvor er betri, laugardagur eða sunnudagur?
Laugardagur, þá á maður sunnudaginn inni.

NOTAÐIR BÍLAR

Veglegt sérblað um notaða bíla kemur út þriðjudaginn 25. febrúar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654/ jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Atvinnublaðið
Mest lesna atvinnublað Íslands*
Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is 550 5626
*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára
job

Borgarritari

Ljósm. Ragnar Th. Sigurðsson.

Reykjavíkurborg auglýsir laust til umsóknar starf borgarritara Reykjavíkurborgar.

Borgarritari er æðsti embættismaður Reykjavíkurborgar að borgarstjóra undanskildum og fer með forystu- og samhæfingarhlutverk í stjórnsýslu og þjónustu Reykjavíkurborgar. Borgarritari er einn af staðgenglum borgarstjóra og tilheyrir yfirstjórn Reykjavíkurborgar.

Launakjör borgarritara heyra undir kjaraákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Borgarritari heyrir beint undir borgarstjóra og um störf hans gilda reglur um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg. Ráðið er í starf borgarritara af borgarráði til fimm ára.

Ábyrgðarsvið:

- Forysta um að Reykjavíkurborg sé í fararbroddi í þróun og þjónustu, stjórnsýslu og rekstri á landsvísu og standist samanburð við framsæknar borgir í alþjóðlegum samanburði
- Ábyrgð á að stefnumörkun borgarráðs og borgarstjórnar sé fylgt eftir með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið borgarinnar
- Eftirlit með að framkvæmd sé í samræmi við markaða stefnu og fjárhagsheimildir
- Ábyrgð á því að stuðla að lýðræðislegum stjórnunarháttum með því að auka gegnsæi og styrkja upplýsingaflæði milli stjórnenda, sviða og stofnana borgarinnar, íbúa og annarra samráðsaðila
- Yfirumsjón með miðlægri stjórnsýslu og stoðþjónustu á vegum Reykjavíkurborgar
- Fer fyrir samningateymi Reykjavíkurborgar í samskiptum við ríkið
- Tengiliður Reykjavíkurborgar við byggðasamlög og B-hluta félög
- Tengiliður Reykjavíkurborgar við atvinnulífið í Reykjavíkurborg og á landsvísu
- Leiðir stór og flókin verkefni sem kalla á samhæfingu og samræmingu innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar og utan þess
- Undir borgarritara heyra skrifstofa borgarstjóra og borgarritara og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Framhaldsmenntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfileikar, farsæl reynsla af stjórnun ásamt reynslu af því að leiða breytingar
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu, stefnumótunarvinnu og áætlunargerð
- Þekking og reynsla af rekstri og mannaforráðum
- Þekking og reynsla af samningagerð og undirbúningi samninga
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku. Kunnátta í öðrum tungumálum er kostur

Hjá Reykjavíkurborg starfa á hverjum tíma um 9.000 starfsmenn sem sinna fjölbreyttri þjónustu á mörgum sviðum fyrir íbúa og gesti Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkurborg er einn vinnustaður í öllum sínum fjölbreytileika. Samkvæmt mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar og þeirri framtíðarsýn sem þar birtist þá einkennist starfsemi Reykjavíkurborgar af fagmennsku og framsækni. Með því að taka öra tækniþróun upp á okkar arma erum við lifandi og skemmtilegur vinnustaður með sterkt aðdráttarafl fyrir hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk á öllum aldri sem vinnur í þágu borgarbúa.

Í kjölfar aukinnar áherslu á þverfaglegt samstarf og styttri boðleiðir upplifir starfsfólk borgina sem einn vinnustað sem einkennist af fjölbreytni, sterkri menningu, sveigjanleika og samheldni.

Sjá nánar á: www.reykjavik.is

Umsókn óskast útfyllt á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Skipuð verður 3ja manna hæfnisnefnd sem mun vinna úr öllum umsóknum í samráði við Intellecta. Öllum umsóknum verður svarað að ráðningu lokinni.

Umsjón með ráðningu hefur Intellecta. Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2020. Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is), Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Lóa Birna Birgisdóttir sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs Reykjavíkurborgar (loa.birna.birgisdottir@reykjavik.is).

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Verkefnastjóri á Þjónustusvið

RÍKISKAUP

Ríkiskaup óska eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf á Þjónustusvið. Starfið er fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavini Ríkiskaupa. Öflugum og jákvæðum einstaklingi gefst nú tækifæri til að verða hluti af teymi Ríkiskaupa á sviði útboðs- og ráðgjafarþjónustu við opinber innkaup.

Meðal helstu verkefna eru:

- Ráðgjöf og greining á þörfum og markmiðum fyrir útboð og innkaup opinberra stofnana og fyrirtækja
- Gerð útboðsgagna – stjórnun útboðsferla
- Samskipti vegna markaðsverkefna
- Áætlana- og samningagerð
- Verkefna- og samningsstjórnun
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Fáguð framkoma, jákvæðni og geta til að vinna undir álagi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Æskileg er 3-5 ára reynsla af sambærilegum störfum
- Reynsla af útboðs- og samningagerð er kostur
- Þekking og skilningur á innkaupum og reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Sjálfstæði, frumkvæði og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð íslenskukunnátta og gott vald á ensku og einu Norðurlandatungumáli

Ríkiskaup er ráðgjafar- og þjónustustofnun sem veitir opinberum stofnunum og fyrirtækjum almenna þjónustu og ráðgjöf á sviði innkaupa.

Ríkiskaup annast framkvæmd útboða, innkaupa, rammasamninga og eignasölu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki.

Ríkiskaup leggja metnað sinn í að ætíð séu við störf vel þjálfaðir og hæfir starfsmenn sem sinna starfi sínu af fagmennsku, alúð og ánægju.

Ríkiskaup eru eftirsóttur vinnustaður fyrir metnaðarfulla einstaklinga með menntun, reynslu og hæfni til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni..

Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á www.rikiskaup.is

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármála- og efnahagsráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar:
Ari Eyberg (ari@intellecta.is)
Ragnar Davíðsson (ragnar.davidsson@rikiskaup.is)

Umsóknarfrestur: 2. mars 2020.
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Sérfræðingur í upplýsingatæknideild

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Landhelgisgæsla Íslands leitar að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sérfræðings í upplýsingatæknideild. Verkefni upplýsingatæknideildar ná til allra starfsstöðva Landhelgisgæslunnar en dagleg starfsemi fer fram í Skógarhlíð og á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Helstu verkefni:

- Vinna við tölvu- og netbúnað, þar með talið staðar- (LAN) og víðnetskerfi (WAN) Landhelgisgæslunnar
- Vinna við símkerfi, öryggis- og myndavélakerfi og fjarskiptakerfi
- Uppsetning og þjónusta vegna einmenningstölva, netþjóna, jaðartækja og hugbúnaðar
- Þátttaka í bakvaktarþjónustu gagnvart ofangreindum kerfum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla og menntun í kerfisstjórn, netrekstri og notendaaðstoð. Menntun í rafeindavirkjun er kostur
- Góðir samskiptahæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði
- Þekking og reynsla af VMware
- Þekking og reynsla af uppsetningu og rekstri á Microsoft netþjónum og lausnum
- Reynsla af afritunarlausnum og góð vélbúnaðar-kunnátta á miðlægum búnaði
- Þekking og reynsla af Cisco netbúnaði, WIFI og símaumhverfi. CCNA gráða er kostur
- Microsoft gráða er kostur (MCTS/MCSA)
- Þekking á fjarskiptabúnaði skipa er kostur
- Þekking og reynsla af innleiðingu og tæknilegri umsjón öryggis- og myndavélaeftirlitskerfa er kostur

Landhelgisgæsla Íslands er löggæslu-stofnun sem samkvæmt lögum er falið að gæta ytri landamæra og standa vörð um fullveldisrétt Íslands á hafsvæðinu kringum landið.

Landhelgisgæslan sinnir meðal annars löggæslu, eftirliti, leit og björgun á hafi auk þess að annast daglega framkvæmd öryggis- og varnartengdra verkefna hér á landi samanber heimild í varnarmálalögum.

Hjá Landhelgisgæslunni starfar tæplega 200 manna samhentur hópur sem hefur að leiðarljósi slagorðið: **Við erum til taks.**

Gildi Landhelgisgæslunnar eru:

Öryggi – Þjónusta - Fagmennska

Nánari upplýsingar um Landhelgisgæslu Íslands má finna á: **www.lhg.is**

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið.
Umsækjendur þurfa að standast kröfur Landhelgisgæslunnar um líkamlegt og andlegt atgervi. Einnig þurfa viðkomandi að uppfylla skilyrði fyrir öryggisvottun samanber varnarmálalög nr. 34/2008 og reglugerð nr. 959/2012. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Nánari upplýsingar:
Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is)
Torfi Markússon (torfi@intellecta.is)

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2020
Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Framkvæmdastjóri Íslenska orkuklasans

ORKUKLASINN
Land sjálfbærni og endurnýjanlegra orkugjafa

Leitað er eftir drífandi og jákvæðum stjórnanda, með góða fagþekkingu, sem er tilbúinn að takast á við fjölbreytt verkefni á víðu sviði tengt orkuiðnaði. Framkvæmdastjóri Orkuklasans leiðir sókn fjölbreyttra aðila á sviði endurnýjanlegrar orku sem er helsta svar samtímans við áskorunum vegna loftslagsbreytinga.
Framkvæmdastjóri heyrir undir stjórn Orkuklasans.

Íslenski orkuklasinn er þverskurður af virðiskeðju íslenska orkugeirans með um fjörutíu aðildarfélaga. Klasinn vinnur markvisst að því að auka samkeppnishæfni aðildarfélaga, stuðla að nýsköpun og vinna að verkefnum sem bæta nýtingu endurnýjanlegra orkuauðlinda.

Umsóknarfrestur
24. febrúar

Upplýsingar og umsókn
capacent.com/s/23540

Helstu verkefni:
- Umsjón með daglegum rekstri klasans og samskipti við stjórn.
- Kemur fram fyrir hönd klasans og kynnir starfsemi hans út á við.
- Samskipti og tengsl við hagaðila.
- Ábyrgð á framkvæmd og framvindu verkefna klasans.
- Lóðsar, skipuleggur og styður samstarfshópa innan klasans.
- Leitar tækifæra til að efla klasann.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Þekking og/eða reynsla af orkugeiranum.
- Góð tungumálakunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogahæfileikar, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af markaðsmálum og kynningarmálum er kostur.
- Menntun sem nýtist í starfi.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

We are seeking talented people to join our team of energetic and passionate people. We build products used by healthcare professionals in over 40 countries to help people sleep better. Nox Medical was founded 12 years ago and now employs more than 50 people. We have grown to more than 2 billion ISK in revenue and have been profitable for 10 years.

System Integration Engineer

The role of the System Integration Engineer is to interconnect different business systems which are important to the execution of the company's business goals. The company utilizes various different, specialized, business systems to operate specific functions in the company. The purpose of this role is to ensure interoperability between these specific systems. The systems include the company's CRM system, help center system, marketing automation system, company websites, and some of the company's own products.

This role requires a highly technical person with a passion for customer success. Strong stakeholder management skills, sense for prioritization, deep understanding of software technology and various APIs, along with excellent communication skills will make you the right candidate for this position. As a member of the Marketing and Products team, you will work with various members from the organization, such as Sales, Service, Development, and IT.

FUNCTION & RESPONSIBILITIES:

Collect requirements for integration and build a prioritized plan for integration.
- Collect requirements for custom modifications to any of the company's business platforms, work with stakeholders to prioritize and implement.
- Configure and use the APIs in the company's business platforms; Microsoft CRM, Microsoft Navision, ZenDesk Support, Mailchimp, websites, and some of the company's own products.
- Ensure continuous operations with these integrations by troubleshooting and remedying.
- Participate in change projects for the company's business platforms, such as by testing, and implementing.
- Any other related tasks that may apply.

QUALIFICATIONS:

The following qualifications and experience will be considered when evaluating applicants:
- B.Sc. in a technology degree such as computer science or engineering.
- Experience with Microsoft CRM or ZenDesk Support.
- Experience with integration projects of IT systems.
- Strong knowledge and experience with IT and networking.
- Excellent communication skills, both written and oral.
- Deep understanding of managing stakeholders and building priorities
- Have a service minded attitude towards customers.
- Ability to work independently and function as an important member of a team.

APPLICATIONS

Applications and resumé should be sent to jobs.50skills.com/noxmedical/. More information can be found on noxmedical.com/about/careers/
Deadline for applications is up to and including February 29th 2020.
All inquiries and applications will be replied to and treated with full confidentiality.

nox medical

Nox Medical | Katrínartún 2 | 105 Reykjavík | 570 7170 | info@noxmedical.com | noxmedical.com

GRUNN- OG TÓNLISTARSKÓLA-FULLTRÚI Í GARÐABÆ

Garðabær auglýsir laust til umsóknar starf grunn- og tónlistarskólafulltrúa. Starf grunn- og tónlistarskólafulltrúi hefur þann megin tilgang að efla faglegt starf í grunnskólum og Tónlistarskóla Garðabæjar.

Grunn- og tónlistarskólafulltrúi framfylgir stefnu Garðabæjar í fræðslumálum sem sérstaklega snúa að grunn- og tónlistarskólum og hefur yfirumsjón með innra starfi þeirra. Hann ber ábyrgð á faglegri stjórnun, rekstri og samskiptum við skólastjóra grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins. Vinnur að verkefnum með starfsfólki skólanna og fjölbreyttum aðilum í fræðslumálum, veitir skólunum stuðning og ráðgjöf og stuðlar að samstarfi þeirra.

Grunn- og tónlistarskólafulltrúi vinnur ásamt grunnskólanefnd og stjórn Tónlistarskóla Garðabæjar að framtíðarsýn varðandi grunn- og tónlistarskóla í sveitarfélaginu í samstarfi við yfirstjórnendur og skólastjóra.

Helstu verkefni:
- Tillögugerð og þátttaka í mótun og eftirfylgni skólastefnu sveitarfélagsins og öðrum stefnum sem snerta fræðslumál
- Yfirumsjón með rekstri grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins
- Yfirumsjón og eftirlit með fjárhags- og starfsáætlunum í fræðslumálum grunn- og tónlistarskóla sveitarfélagsins og sjá um kostnaðareftirlit
- Umsjón með samskiptum við þá aðila sem koma að fræðslumálum og aðstoðar við ýmis verkefni, umsóknir og markaðsmál
- Ýta undir og aðstoða við verkefni sem ganga út á samvinnu aðila sem sinna fræðslumálum og tómstunda- og forvarnarstarfi
- Yfirsýn yfir sérkennslu og sérfræðiþjónustu grunnskóla
- Veitir ráðgjöf til skóla varðandi einstök mál og kemur að einstaklingsmálum með beinum hætti þegar það á við
- Eftirlit með að grunn- og tónlistarskólastarf sé í samræmi við lög og reglugerðir og aðalnámskrá grunnskóla og tónlistarskóla

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Framhaldsmenntun á háskólastigi á sviði uppeldis- og kennslufræði og/eða menntastjórnunar eða önnur sambærileg menntunar
- Þekking og reynsla af skólastarfi
- Þekking og reynsla af rekstri og áætlanagerð
- Sjálfstæði og frumkvæði í að leysa verkefni og hrinda hugmyndum í framkvæmd
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni, þ.m.t. jákvæðni, færni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig skipulega í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Geta til að vinna undir álagi
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu er æskileg
- Reynsla af verkefnastjórnun æskileg
- Góð kunnátta í einu norðurlandamáli er æskileg

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá um störf umsækjanda, menntun, rekstrar- og stjórnunarreynslu og innsýn í verkefni sem viðkomandi hefur unnið og geta varpað ljósi á færni umsækjanda til að sinna starfi grunn- og tónlistarskólafulltrúa. Jafnframt er óskað eftir greinargerð að hámarki tvær blaðsíður þar sem umsækjandi lýsir framtíðarsýn sinni fyrir fræðslumál í Garðabæ.

Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2020.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, s. 525 8500, netfang **eirikurbjorn@gardabaer.is**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.
Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

LANDVERND

Ertu frábær ***miðlari****?*

Hlutfall: Hlutastarf **Tegund:** Sérfræðingur
Landvernd leitar að samskiptastjóra.
Um er að ræða 75% starf í fjölskylduvænu umhverfi.
Umsóknarfrestur til 29. febrúar 2020.
Sjá nánar á Job

job
Finnum draumastarfið saman



Skálholtsstaður

óskar eftir samstarfsaðila um rekstur á veitinga- og gistiþjónustu í Skálholti.

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af sambærilegum rekstri og fagþekkingu sem nýtist í starfið.

Hugmyndir um áherslur í rekstri ásamt upplýsingum um viðkomandi þurfa að berast í tölvupósti fyrir **24. febrúar 2020** til Hólmfríðar Ingólfsdóttur, framkvæmdastjóra í Skálholti, sem einnig veitir frekari upplýsingar.

Netfang framkvæmdastjóra er holmfridur@skalholt.is
og sími 486-8870.

Verkefnisstjóri eftirlits byggingaráforma

Skipulagssvið Akureyrarbæjar auglýsir starf verkefnisstjóra eftirlits byggingaráforma laust til umsóknar. Um er að ræða 100% dagvinnustarf og er æskilegt að umsækjandi getið hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni skipulagssviðs eru skipulagsmál, byggingareftirlit, lóða- og fasteignamál.

Helstu verkefni eru:
- Yfirferð aðaluppdrátta og annarra hönnunargagna sem fylgja umsóknum um byggingarleyfi
- Samskipti við hönnuði, verktaka og íbúa um byggingarmál
- Annast úrvinnslu umsagna um rekstrarleyfi
- Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga
- Ýmiss önnur verkefni á skipulagssviði sem snúa að umsýslu byggingarmála

Menntunar- og/eða hæfniskröfur:
- Byggingarfræðingur, -tæknifræðingur, -verkfræðingur eða önnur sambærilega háskólamenntun (B.s., B.a., B.ed.) sem nýtist í starfi.
- Góð þekking á mannvirkjalögum og byggingarreglugerð
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Skipulagsfærni, nákvæmni og hæfileiki til að vinna sjálfstætt
- Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg
- Gerð er krafa um vammleysi, s.s. að vera með gott orðspor og að framkoma og athafnir á vinnustað og utan hans samrýmist starfinu

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt.

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars 2020

Akureyrarbær

Geislagata 9 Sími 460 1000 www.akureyri.is akureyri@akureyri.is

ICE-GROUP ICELAND

ICE-GROUP er sjávarútvegsfyrirtæki, með starfsstöðvar á Íslandi, í Bretlandi og í Noregi. Eitt af tengdum félögum er þurrkverksmiðjan EMBLA í Norður Noregi.

www.icegroup.is

VERKSMIÐJUSTJÓRI – FISKVINNSLA

Óskum eftir að ráða verksmiðjustjóra í fiskþurrkverksmiðju okkar í Båtsfjord í Noregi. Verksmiðjan er búin nýjustu tækni og vann úr 7000 tonnum af hráefni á sl. ári sem samanstóð að mestu af hausum og beinum frá fiskverkunum í nágrenni verksmiðjunnar. Starfsmenn eru 24. Einbýlishús er á staðnum.

Starfssvið:

- Sjá um daglegan rekstur verksmiðjunnar í samráði við íslenska eigendur fyrirtækisins
- Hafa umsjón með hráefnisinnkaupum í samræmi við hráefnissamninga við birgja
- Stýra framleiðslu og tryggja mestu möguleg gæði vörunnar
- Sjá um starfsmannamál
- Halda utan um skýrslugerðir og samband við bókhaldsþjónustu sem sér um bókhald fyrirtækisins
- Koma að áætlunargerð fyrirtækisins
- Tryggja að viðhald fasteignar, tækja og véla sé í samræmi við viðhaldsáætlun

Hæfniskröfur:

- Reynsla/menntun á sviði framleiðslu og stjórnunar í sjávarútvegi
- Geta til að takast á við krefjandi verkefni í nýju umhverfi og vinna sjálfstætt
- Geta flutt búferlum til Norður-Noregs
- Góð enskukunnátta skilyrði og Norðurlandamál kostur
- Almenn tölvukunnátta og þekking á helstu forritum (Excel, Word o.s.frv.)

Ráðið er í starfið frá 1. maí 2020, en upphafstími starfs getur þó verið sveigjanlegur í samráði við umsækjanda.

Upplýsingar veitir Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is, s: 520 4700

Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is** **Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar 2020.** HAGVANGUR

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

HÚSVÖRÐUR Í REKSTRARSTJÓRNSTÖÐ

Isavia leitar að ábyrgum og úrræðagóðum einstaklingi með sjálfstæð vinnubrögð til að sinna störfum húsvarðar í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Um sumarstarf er að ræða í krefjandi umhverfi, unnið er á dag- og næturvöktum.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Freyr Borgarsson, **bjarni.borgarsson@isavia.is**

Hæfniskröfur

- Nám í iðnmenntun eða önnur sambærileg menntun / reynsla
- Aldurstakmark 20 ár
- Góð kunnátta í ensku og íslensku
- Góð tölvukunnátta er skilyrði

Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvarðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

STARFSSTÖÐ: **KEFLAVÍK**

UMSÓKNARFRESTUR: **1. MARS**

UMSÓKNIR: **ISAVIA.IS/ATVINNA**

isavia

Stálorka framkvæmdastjóri

Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra hjá Stálorku. Starfið felur í sér ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, stýringu verkefna, tilboðsgerð og samskiptum við viðskiptavini og öflun nýrra viðskiptatækifæra.

Hæfniskröfur
-Reynsla úr málmiðnaði
-Öguð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
-Lipurð í mannlegum samskiptum
-Frumkvæði og árangursmiðað hugarfar

Í boði er spennandi starf með mikla möguleika til framtíðar.

Umsóknarfrestur er til og með 29. febrúar 2020 og skulu frekari fyrirspurnir og umsóknir sendar á **framkvaemdastjori@stalorka.is**
Fullum trúnaði heitið.

Um Stálorku
Stálorka er rótgróið fyrirtæki í málmiðnaði og var stofnað árið 1985. Hjá Stálorku er unnið við fjölbreytt verkefni og sérsmíði bæði úr stáli og áli en í gegnum tíðina hefur verið sérstök áherslu á að þjónusta fyrirtæki í sjávarútvegi. Stálorka er um þessar mundir að flytja í nýtt húsnæði við Óseyrarbraut 29a í Hafnarfirði.

STÁLORKA

Yfirlæknir Göngudeild sóttvarna

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir laust til umsóknar starf yfirlæknis á Göngudeild sóttvarna.

Um er að ræða ábyrgðarmikið og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfni og samskiptahæfileika. Ráðið verður í starfið frá og með 1. apríl nk. eða eftir frekara samkomulagi.
Umsóknarfrestur er til 27. febrúar nk.

Verkefni og ábyrgð:
Yfirlæknir er heilbrigðisstéttum til ráðgjafar á landsvísu varðandi greiningu og meðferð berklaveiki. Hann vinnur með starfsfólki heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa við skipulagningu og framkvæmd nándarleitar, þegar smitandi berklatilfelli greinast og einnig við framkvæmd varnandi meðferðar hjá nýsmituðum. Jafnframt hefur hann það hlutverk að styðja sóttvarnastarf og gera faraldsfræðirannsóknir.

Yfirlæknir ber ábyrgð á forskoðun innflytjenda í samræmi við Sóttvarnalög 19/1997 og reglugerðir.

Yfirlæknir veitir ráðgjöf um ferðamannaheilsuvernd og bólusetningar.

Yfirlæknir Göngudeildar sóttvarna sér um skipulag, verkstjórn og samhæfingu verkefna innan deildar í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Hann tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga og er þátttakandi í vísinda- þróunar og gæðastarfi. Hann er yfirmaður Göngudeildar sóttvarna og sinnir klínísku starfi samhliða.

Hæfnikröfur:
- Íslenskt sérfræðileyfi, sem nýtist í starfi
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Áreiðanleiki, jákvæðni og sveigjanleiki
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Góð almenn tölvukunnátta

Frekari upplýsingar veita:
Kai Blöndal - yfirlæknir á Göngudeild sóttvarna
kai.blondal@heilsugaeslan.is - s. 513-5030
Sigríður D. Magnúsdóttir - framkvæmdastjóri lækninga
sigridur.d.magnusdottir@heilsugaeslan.is - s. 513-5000

Sjá nánar á www.heilsugaeslan.is undir laus störf og www.starfatorg.is

Hér fyrir þig

Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki leitar að öflugum einstaklingum í eftirfarandi störf:

Starf viðhaldsmanns.
Um er að ræða almennt viðhald og umsjón og eftirlit með tækjum og mannvirkjum afurðastöðvarinnar.
Starfið getur hentað rafvirkja eða vélstjóra eða einstakling með sambærilega menntun og eða reynslu.

Starf aðstoðarframleiðslustjóra.
Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af starfsmannastjórnun og reynslu og menntun úr matvælaiðnaði.

Allar nánari upplýsingar og umsóknir óskast sendar á netfangið edda.thordardottir@ks.is

BODYGUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Bodyguard lausa til umsóknar.
Umsóknarfrestur er til og með **17. febrúar 2020.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Umsóknir skulu sendar í gegnum Electronic Recruitment Application (ERA)

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking individual for the position of Bodyguard. The closing date for this postion is **February 17, 2020.** Application instructions and further information can be found on the Embassy's home page:https://is.usembassy.gov/embassy/jobs/
Applications must be submitted through Electronic Recruitment Application (ERA)

Garðyrkjufræðingur

Tæknideild Snæfellsbæjar óskar eftir að ráða starfsmann í tímabundið starf við garðyrkju frá apríl nk. út september eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100% á starfstímanum. Viðkomandi sér m.a. um að sinna öllum gróðri á opnum svæðum og lóðum stofnana sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að skipuleggja verkefni í garðumhirðu og hreinsun opinna svæða
- Verkstjórn smærri garðyrkjuhópa vinnuskólans
- Aðstoð við þjálfun og fræðslu flokkstjóra er snýr að garðyrkju
- Klippingar, grisjun og útplöntun á tjrám, runnum og sumarblómum
- Öll umhirða á beðum, bekkjum og blómakerum sveitarfélagsins
- Ásamt öðrum tilfallandi verkefnum er snýr að hreinsun og fegrun umhverfis sveitarfélagsins

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði skrúðgarðyrkju, garðyrkju, skógfræði eða tengdum greinum er æskileg
- Reynsla af garðyrkjustörfum er skilyrði
- Reynsla af verkstjórn er kostur
- Frumkvæði, áræðni og röggsemi til verka
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reglusemi og stundvísi
- Almenn ökuréttindi

Umsóknarfrestur er til og með 15. mars nk.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu.

Frekari upplýsingar veitir Davíð Viðarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar, í síma 433-6900 eða á david@snb.is.

Vinsamlega sendið umsóknir á netfangið david@snb.is.
Umsóknum skal fylgja starfsferilsskrá og kynningabréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is

ALLTAF FRÍ Á SUNNUDÖGUM

Sumarstörf á skemmtilegum vinnustað fyrir tvítuga og eldri

AFGREIÐSLA Í VÍNBÚÐUM UM LAND ALLT

Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum sem eru tilbúnir að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

Hæfniskröfur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Starfshlutfall er breytilegt eftir staðsetningu Vínbúðar.
Vinsamlega skráið ósk um staðsetningu í umsókn.

STARFSFÓLK Á LAGER Í DREIFINGARMIÐSTÖÐ ÁTVR

Dreifingarmiðstöð ÁTVR sér um vörumóttöku frá birgjum og dreifingu vara í Vínbúðir.
Við leitum að drífandi og jákvæðu starfsfólki á lager.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Almenn lagerstörf
- Móttaka og tiltekt vöru
- Dagleg þrif

Hæfniskröfur
- Stundvísi og dugnaður
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- Lyftarapróf er kostur

Um er að ræða fullt starf og vinnutími er virka daga frá 7.30 - 16.30.
Mögulega unnið einhverja laugardaga.

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.
Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl nk. Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**
Nánari upplýsingar veitir: Thelma Kristín Snorradóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land. Stefna ÁTVR er að vera í hópi bestu þjónustufyrirtækja landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021

VÍNBÚÐIN

SA
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

LÖGFRÆÐINGUR

Samtök atvinnulífsins leita að lögfræðingi með áhuga á vinnurétti og málefnum vinnumarkaðarins.

Helstu verkefni:
- Lögfræðileg ráðgjöf og þjónusta við aðildarfyrirtæki SA, einkum á sviði vinnuréttar
- Gerð og túlkun kjarasamninga

Menntun og hæfni:
- Meistarapróf/embættispróf í lögfræði
- Reynsla sem nýtist í starfi
- Mjög góð samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði í starfi
- Áhugi á íslensku atvinnulífi

Helstu verkefni vinnumarkaðssviðs eru þjónusta við félagsmenn við túlkun laga og kjarasamninga, þátttaka í kjaraviðræðum, umsagnir og þátttaka í nefndum og stjórnum f.h. SA, málflutningur fyrir Félagsdómi og almennum dómstólum f.h. samtakanna og aðildarfyrirtækja þeirra auk þátttöku í alþjóðlegu samstarfi. Á vinnumarkaðssviði SA starfa nú 6 lögfræðingar.

Upplýsingar veitir Ragnar Árnason, forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA, í síma 821 0019 eða á ragnar@sa.is
Umsóknir berist með hjálp Alfreðs á www.alfred.is. Umsóknarfrestur er til og með 23. febrúar nk.

Samtök atvinnulífsins eru í forystu um samkeppnishæft rekstrarumhverfi sem stuðlar að arðbæru fjölbreyttu og ábyrgu atvinnulífi sem bætir lífskjör landsmanna.

Samtök atvinnulífsins eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs með sex aðildarsamtökum sem byggja á ólíkum atvinnugreinum. Yfir 2.000 fyrirtæki í fjölbreyttum greinum eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins, allt frá sjálfstætt starfandi frumkvöðlum til stærstu fyrirtækja landsins. Hjá aðildarfyrirtækjum SA starfa um 70% launafólks á almennum vinnumarkaði. Samtök atvinnulífsins eiga heima í Húsi atvinnulífsins.

Nánari upplýsingar um Samtök atvinnulífsins er að finna á vef SA: www.sa.is

Næsta stopp er:

SUMARSTARF HJÁ STRÆTÓ

Strætó óskar eftir þjónustuliprum og ábyrgum einstaklingum til starfa í sumar

VAGNSTJÓRAR

Starfssvið

Starfið felst í akstri strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu og þjónustu við viðskiptavini. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Aukin ökuréttindi (D)
- Góð samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Samviskusemi og sjálfstæð vinnubrögð
- Íslensku- og/eða enskukunnátta er æskileg
- Hreint sakavottorð

ÞJÓNUSTUFULLTRÚAR

Starfssvið

- Þjónusta við viðskiptavini og starfsfólk Strætó bs.
- Talstöðva- og/eða símasamskipti
- Úrvinnsla ábendinga og vinna í upplýsingakerfum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Góð tölvuþekking
- Gott vald á íslensku og ensku
- Rík þjónustulund og samskiptafærni
- Skipulagshæfni og geta til að starfa undir álagi
- Reynsla af þjónustustörfum er kostur
- Hreint sakavottorð

STARFSMENN Á ÞVOTTASTÖÐ

Starfssvið

Um er að ræða hlutastarf í næturvinnu við þrif og umhirðu strætisvagna

Menntunar- og hæfniskröfur

- Næmt auga fyrir hreinlæti
- Áhuga og dugnað til að ná árangri í starfi
- Aukin ökuréttindi (D)
- Hreint sakavottorð

Vinsamlegast sækið um á **www.strætó.is**. Umsóknarfrestur er til **2. mars 2020.** Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

www.blonduos.is

Blönduósbær
- fjöldi nýrra og spennandi tækifæra

Blönduós er helsta þjónustumiðstöð landbúnaðar og ferðamennsku á Norðurlandi vestra. Staðsett á einu stórbrotnasta bæjarstæði landsins, umvafin fallegri náttúru. Blönduós er kraftmikið vaxtarsvæði með öflugri uppbyggingu iðnaðar, íbúðarhúsnæðis og þjónustu við barnafjölskyldur.

Staðsetning Blönduóss í einstakri náttúru mitt á milli höfuðborgarinnar og Akureyrar, býður upp á mikla möguleika, jafnt í afþreyingu sem og ferðamennsku og iðnaði. Fáir staðir á Íslandi vaxa nú jafnt hratt og því er framtíðin björt við Blönduós.

Leikskólakennarar

Leikskólinn Barnabær, auglýsir eftir leikskólakennurum í 100% stöður frá og með 6. ágúst 2020.

„Það heyrðist alveg: Gera menn sér grein fyrir hvaða áhættu er verið að taka hér?" segir Felix og bætir við að engin formleg kvörtun hafi þó komið. „En vitleysingarnir voru víða – eins og þetta var. En dropinn holar steininn og hlutirnir hafa sem betur fer breyst." Gunni grípur boltann á lofti. „Hommar tala um að Felix hafi breytt ýmsu því hann hafi verið í barnaefninu. Tenging homma við börn var allt öðruvísi þá en núna."

„Hún var engin," segir Felix.

„Þarna var maður sem átti ekki bara eitt barn heldur öll börn Íslands. Ég pældi ekki í því þá en maður er búinn að heyra þetta síðan. Hvað hann hafi gert fyrir þeirra líf." Það kemur svipur á Felix og hann flettir upp í höll minninganna.

Brydda upp á nýjungum

Þeir félagar hafa alltaf verið óhræddir við að gera nýja hluti. Þeir hættu jú með Stundina okkar því þeim fannst þeir vera farnir að endurtaka sig. Nú er komið að því að halda tónleika til að fagna árunum 25. „Við erum að vinna með slagorðið „Ein stór fjölskylda", eitthvað sem við komum með á hinsegin dögum þegar við sungum We are family með Sister Sledge. Við ákváðum að vera með vagn á Hinsegin dögum í fyrsta sinn og við erum voða mikið að gera eitthvað í fyrsta sinn," segir Felix.

„Sem er gaman eftir 25 ár. Nú förum við að prófa hluti. Við erum eins og gott hjónaband. Það þarf að lífga upp á hlutina eftir allan þennan tíma," bætir Gunni við og skellir upp úr.

„Já, við erum að draga aðra inn í þetta," segir Felix.

„Er það? Þetta er eitthvað öðruvísi þarna í Vesturbænum?" segir Gunni. Felix horfir á Gunna og hristir hausinn. Hann heldur áfram: „Ein stór fjölskylda passar vel því við tengjumst öllum skemmtikröftunum. Þegar þau voru börn voru þau að leika með okkur. Salka Sól er auðvitað dóttir Hjálmars og við kynntumst henni sem smábarni. Sigyn byrjaði að leika með mér í sjónvarpi árið 1992. Þá var hún 10 ára og við vorum með þátt á Stöð 2 sem hét Kýrhausinn.

> HOMMAR TALA UM AÐ FELIX HAFI BREYTT ÝMSU ÞVÍ HANN HAFI VERIÐ Í BARNAEFNINU. TENGING HOMMA VIÐ BÖRN VAR ALLT ÖÐRUVÍSI ÞÁ EN NÚNA.
>
> Gunni

„Við fáum stöðugt beiðnir um að fá efnið okkar endurútgefið þar sem svo mikið af því er orðið uppselt og enginn vill kaupa geisladiska," segir Felix.

> MENN VERÐA UNDRANDI ÞEGAR VIÐ BENDUM FÓLKI Á AÐ VIÐ VORUM BARA TVÖ ÁR Í STUNDINNI OKKAR.
>
> Felix

Jón og Frikki Dór léku í Verzlósöngleikjum sem ég leikstýrði. Jón var í aðalhlutverki í söngleik sem Felix skrifaði og við vorum báðir í fyrstu prufunni hans."

Felix man enn eftir þeirri prufu. „Það var stórkostlegt. Hann hefði aldrei orðið neitt ef við hefðum ekki uppgötvað hann," segir hann og hlær. Að auki verður sjálf Mamma Klikk, sem Valgerður Guðnadóttir leikur svo snilldarlega í Gaflaraleikhúsinu, en Valgerður var í hlutverki með þeim í West Side Story, rúmlega 18 ára.

„Felix var í aðalhlutverki. Lék Toni eins og Garðar Thor Cortes því það átti að sýna þetta svo oft að það voru tveir Toni-ar.

Mér var boðið stórt hlutverk. Ég var til í að taka minna hlutverk því við vorum að byrja með Stundina okkar. Þarna fórnaði ég mér," segir Gunni.

„Hann reyndar skaut mig til bana í sýningunni," skýtur Felix inn í.

„Já, alveg rétt. Ég gerði það," rifjar Gunni upp.

„Fyrir börnin sem komu að sjá þetta verk gat þetta verið mjög dramatísk sena," segir Felix.

„Þarna var Stundin okkar byrjuð og á generalprufunni var rosalegt drama og Toni, sem Felix lék, var nýbúinn að drepa bróður Maríu sem hann var skotinn í. Bróðirinn liggur í blóði sínu og þá kem ég, besti vinur bróðurins, með byssu og skýt Felix. Bara BANG og þögnin þrúgandi," segir Gunni.

„Það er stútfullur salur og ég dey með þvílíkum tilþrifum. Er kominn niður á hnén og varla þurrt auga í salnum. Nema hjá einum. Það var gutti sem sat uppi á svölunum í Þjóðleikhúsinu sem rýfur þögnina, stendur upp og kallar yfir allan salinn. GUNNI DRAP FELIX! Verður þá aldrei aftur Stundin okkar?" segir Felix og getur ekki annað en hlegið.

„Áhorfendur sprungu úr hlátri og líkið hristist alveg þvílíkt," segir Gunni.

Njóta sín best á sviði

Þeir félagar hafa gert ansi margt og mikið á þessum 25 árum og alltaf hefur gleðin verið við völd. Það er aldrei leiðinlegt enda er það orð varla til í þeirra orðabók. „Við njótum okkar best á sviði. Þar erum við í okkar elementi. Við erum fyrst og fremst leikarar. Þegar það heppnast vel, þá er fátt sem toppar það," segir Felix.

Tónleikarnir verða 14. mars en þá verður Páll Óskar með sína afmælistónleika sömuleiðis. Sýningin hefur því stækkað enda ætla þeir að nýta hljóðkerfi Palla – sem er ekkert slor eins og alþjóð veit. „Þetta verður mikið fjör. Við samnýtum græjurnar og þetta verður miklu stærra sjóv en við ætluðum okkur. Planið er að þetta verði tónlistarhátíð en lítið um einhverja geggjaða sögu-skýringu. Láta okkar gesti skína og svo syngjum við öll saman. Allt miðast að því að láta krakkana hlæja smá," segir Gunni.

Þegar þeir eru spurðir hvort þeir séu farnir að líta í baksýnisspegilinn segir Gunni eiginlega ekki svo vera. „Þetta er alltaf búið að vera gaman og við erum alltaf að búa til eitthvað nýtt.

Okkur fannst við vera farnir að endurtaka okkur haustið eða vorið 1996 með Stundina okkar og þá ákváðum við að hætta frekar en að byrja á endurtekningum."

„Menn verða undrandi þegar við bendum fólki á að við vorum bara tvö ár í Stundinni okkar. En ég var nú líka bara tvö ár í Greifunum. Tíminn flýgur áfram þegar það er gaman og það er svo sannarlega búið að vera gaman hjá okkur."

BÖRKUR HRAFNSSON


MARGRÉT ÁGÚSTSDÓTTIR

DAVÍÐ ÓLAFSSON

HÉÐINN BIRNIR ÁSBJÖRNSSON


RAGNHILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR

STEFÁN JÓHANN ÓLAFSSON

GUÐRÚN ANTONSDÓTTIR

BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON

GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON

INGIMAR INGIMARSSON

ÞÓRA BIRGISDÓTTIR

ÚLFAR ÞÓR DAVÍÐSSON

BRANDUR GUNNARSSON

SIGURÐUR FANNAR

BORG

FASTEIGNASALA

519 5500

SÍÐUMÚLA 23 • 108 REYKJAVÍK • FASTBORG.IS

BÓKIÐ SKOÐUN

ÖGURÁS 14 — **210 GARÐABÆR**

RAÐHÚS	5-6HERBERGI	140 m²
VERÐ: 73.5M	FALLEGT SÉRBÝLI	
	BRANDUR GUNNARSSON	897 1401

BÓKIÐ SKOÐUN

KROSSALIND 24 — **201 KÓPAVOGUR**

FJÖLBÝLISHÚS	5 HERBERGI	202 .3 m²
VERÐ: 91.9M	PARHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM, INNBYGGÐUR BÍLSKÚR.	
	BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON	660 4777

BÓKIÐ SKOÐUN



KRÓKAVAÐ 11 — **110 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLISHÚS	4 HERBERGI	164,9 m²
VERÐ: 69.9M	VÖNDUÐ EFRI SÉRHÆÐ MEÐ BÍLSKÚR	
	SIGURÐUR FANNAR	897 5930

BÓKIÐ SKOÐUN



DRÁPUHLÍÐ 4 — **105 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLISHÚS	6 HERBERGI	175.9,m²
VERÐ: 79.9M	FALLEG HÆÐ MEÐ RISI Á GÓÐUM STAÐ Í HLÍÐUNUM	
	ÚLFAR 897 9030 OG BÖRKUR 832 8844	

BÓKIÐ SKOÐUN

SEILUGRANDI 3 — **107 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLISHÚS	4 HERBERGI	86.6 m²
VERÐ: 44.9M	BJÖRT OG VEL SKIPULÖGÐ ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM	
	ÚLFAR 897 9030 OG BÖRKUR 832 8844	

BÓKIÐ SKOÐUN



SKIPHOLT 11-13, ÍB. 303 — **105 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLISHÚS	2 HERBERGI	77,3 m²
VERÐ: 43.9M	STÓR 2JA HERBERGJA ÍBÚÐ Á BESTA STAÐ	
	ÚLFAR DAVÍÐS 788 9030 OG GUNNLAUGUR 844 6447	

BÓKIÐ SKOÐUN



GNOÐAVOGUR 86 — **104 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLISHÚS	4 HERBERGI	93.9 m²
VERÐ: 45.9M	NÝUPPGERÐ 4RA HERB ÍBÚÐ Á EFSTU HÆÐ.	
	GUNNLAUGUR ÞRÁINSSON	844-6447

OPIÐ HÚS SUNNUDAG 16.FEB KL.15.00- 15.30

ÁLFHEIMAR 72 — **108 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLISHÚS	5-6 HERBERGI	149 m²
VERÐ: 55.9M	FJÖLSKYLDUVÆN ÍBÚÐ, EFSTA HÆÐ OG RIS	
	ÞÓRA BIRGISDÓTTIR	777 2882

OPIÐ HÚS MÁNUDAG 17.FEB KL. 17.00 -17.30

HVASSALEITI 30 — **107 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLISHÚS	5-6 HERBERGI	169.8m²
VERÐ: 59.9M	BÍLSKÚR-HERBERGI Í KJALLARA STUTT Í ÞJÓNUSTU	
	BRANDUR GUNNARSSON	897 1401

OPIÐ HÚS MÁNUDAG 17.FEB KL.17:00-17:30

RAUÐÁS 14. ÍBÚÐ. 101 — **110 REYKJAVÍK**

FJÖLBÝLISHÚS	2 HERBERGI	85.1 m²
VERÐ: 37.9 M	TVEGGJA HERB. ÍBÚÐ Í ÞESSU VINSÆLA HVERFI	
	ÚLFAR DAVÍÐS 788 9030 OG GUNNLAUGUR 844 6447	

BÓKIÐ SKOÐUN

HJALLAVEGUR 11, ÍB. 201 — **260 REYKJANESBÆR**

FJÖLBÝLISHÚS	3 HERBERGI	66,6 m²
VERÐ: 43.9M	VEL STAÐSETT OG FÍN 3JA HERBERGJA ÍBÚÐ	
	ÚLFAR DAVÍÐS 788 9030 OG GUNNLAUGUR 844 6447	

OPIÐ HÚS SUNNUDAG 16.FEB KL 14.00- 14.30

FURUGRUND 52 — **200 KÓPAVOGUR**

FJÖLBÝLISHÚS	4HERBERGI	86 m²
VERÐ: 39.9M	VEL SKIPULÖGÐ ÍBÚÐ Í GÓÐU HVERFI	
	ÞÓRA BIRGISDÓTTIR	777 2882

Láttu drauminn um nýtt hús verða að veruleika með vandaðri og hagkvæmri byggingu frá Húseiningu

Íslensk hönnun íslensk framleiðsla.

Húseining býður einingahús við verksmiðjudyr með ákominni láréttri álbáru á allar einingar sem sett er á í verksmiðju við bestu aðstæður. Allir REHAU gluggar og hurðir eru komin í einingar ásamt vatnsbrettum. Innifalið í verði er allt þakvirki, þakkantur og þakrennur, steinullareinangrun í útveggjum og þak. ***Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að bera á eða mála.*** Húsin eru fljótreist þar sem einingar eru tilbúnar til reisingar frá verksmiðju og því lánshæf fyrr.

Sól sumarhús 66-111m²
Sól sumarhús eru gæðahús á góðu verði, framleidd samkvæmt íslenskum stöðlum. Öll hús fást afhent á ýmsum byggingarstigum, stærð og innra skipulag í samvinnu við kaupendur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins 103.000 kr. pr/m² m. vsk

Sól sumarhús 66-111m²
Sól sumarhús eru heilsárshús, útveggir eru byggðir úr styrktarflokkuðu timbri 45x145mm, steinull er 145mm, rakavarnarlag ásamt lagnagrind fyrlgir með. Þakvirki er byggt úr uppteknum kraftsperrum sem eykur lofthæðina til muna. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Verönd ekki innifalin.

Verð aðeins 103.000 kr. pr/m² m. vsk

Klassik einbýlishús 100-400m²
Klassik einbýlishús með láréttri álbáru við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur, flytja má útveggjaeiningarnar á traustum vagni frá verkmiðju á byggingastað sem við lánum okkar kaupendum. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði. Lofthæð allra Klassik húsanna er 2,8m.

Verð aðeins 108.700 kr. pr/m² m. vsk

Funk einbýlishús 100-400m²
Funk húsagerðin er alltaf skemmtilegur kostur, mikil lofthæð sem er yfir 3 metar, einbýlishús við verksmiðjudyr er hagkvæmur kostur. Allir milliveggir og loftaklæðning eru innifalin í verði.

Verð aðeins 135.800 kr. pr/m² m. vsk

Gluggar og hurðaprófílar koma frá hinu þekkta þýska fyrirtæki REHAU og eru úr PVC. Gluggarnir eru fáanlegir í mörgum litum.

Sökklar: Gerum tilboð í sökkla með öllum lögnum og hita í gólfi samkvæmt teikningu.

Reising: Gerum tilboð í reisingu á húsi á byggingarstað.

- **Íslensk hönnun og framleiðsla.**
- **TwinWall tveggja þátta húseiningar.**
- **Framleidd samkvæmt staðli úr völdu gæðatimbri C 18-24.**
- **Hús með mikilli loftun í öllu burðarvirki sem tryggir gæði og endingu.**
- **Timburhús eru heilnæmur íverustaður.**
- **Sterkari hús.**
- **Lofthæð húsanna inni er 2,8 metrar.**
- **Þýskir gluggar og hurðir úr PVC, lágmarks viðhald.**
- **Með réttu efnisvali verður til hús sem aldrei þarf að mála.**

HANNAÐ OG BYGGT FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

Twin Wall

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is sala@huseining.is

Húseining getur nú boðið fjölbreytta modular framleiðslu Forta Pro á Íslandi, Færeyjum og Grænlandi

Hagkvæmni - Fjölbreytni - Skjótur byggingartími

FORTA PRO

WE BUILD MODULAR

Húseining ehf. getur nú boðið framleiðslu Forta Pro sem eru (modular) á eftirtalda markaði: Ísland Færeyjar og Grænland.

<u>Forta Pro er einn stærsti modula framleiðandi í Evrópu.</u>

FORTA PRO notar modular byggingartækni sem gerir þeim kleift að byggja vistfræðilega hreinar og sjálfbærar byggingar, en sparar orku og tíma. FORTA PRO framleiðir hágæða modula sem henta byggingu margra hæða íbúðarhúsa, hótela, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og fjölda annarra útfærsla.

- **FJÖLBÝLISHÚS**
- **HÓTEL OG GISTISTAÐIR**
- **STÚDENTAÍBÚÐIR**
- **DVALARHEIMILI**
- **BAÐHERBERGJA MODULAR**
- **GOLFHERMA MODULAR**

FORTA PRO

WE BUILD MODULAR

HÚSEINING

Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is sala@huseining.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

15. FEBRÚAR 2020 LAUGARDAGUR

†

Okkar ástkæri

Guðmundur Örn Guðbjartsson

sem lést 21. janúar sl. verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju mánudaginn 17. febrúar kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.

Ingifríður Ragna Skúladóttir
Guðbjartur Vilhelmsson
Ásdís Erna Guðmundsdóttir
Grétar Örn Guðmundsson
Patrik Birnir Guðmundsson
Alexía Ýr Magnúsdóttir
Guðmundur Dór Guðmundsson
Hrafnkell Skúli Guðmundsson
Vilhelm Guðbjartsson
Eydís Erna Guðbjartsdóttir

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Óskar Veturliði Grímsson

Núpalind 8, Kópavogi, áður Njarðvíkurbraut 12, Innri-Njarðvík,

lést miðvikudaginn 12. febrúar.
Útförin fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi föstudaginn 21. febrúar kl. 15.00.

Margrét Gestsdóttir
Atli Már Óskarsson — **Steinunn Árnadóttir**
Gestur Pétursson — **Bjarney María Hallmannsdóttir**
Olga Alexandersdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ólöf Ingibjörg Haraldsdóttir

Laugardælum,

lést á hjúkrunarheimilinu Fossheimum, laugardaginn 8. febrúar.
Útför fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 20. febrúar, kl. 13.00.
Jarðsett verður frá Laugardælakirkju.

Sigríður Þórarinsdóttir — **Óli Sverrir Sigurjónsson**
Haraldur Þórarinsson — **Þórey Axelsdóttir**
Kristín Þórarinsdóttir — **Garðar Sverrisson**
Ólafur Þór Þórarinsson — **Malin Widarson**
barnabörn og barnabarnabörn.

†

Ástkær eiginkona mín, tengdamóðir, amma og langamma,

Ásta Kristjánsdóttir

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 10. febrúar. Útför hennar fer fram frá Lindakirkju í Kópavogi, fimmtudaginn 20. febrúar, klukkan 11.00.

Hákon Torfason
Hallgrímur Þór Ingólfsson
Hákon Hallgrímsson — **Hrefna Guðmundsdóttir**
Unnur Hallgrímsdóttir
Þór Hallgrímsson — **Sandra Heimisdóttir**
og barnabarnabörn.

†

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

Þórunn Árnadóttir

Tjörn, Álftanesi,

lést á Litlu-Grund mánudaginn 3. febrúar. Útförin fer fram frá Bessastaðakirkju mánudaginn 17. febrúar kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim er vildu minnast hennar er bent á að láta dvalar-og hjúkrunarheimilið Grund njóta þess.

Anna Ólafsdóttir Björnsson — **Ari Sigurðsson**
Jóhanna Aradóttir — **Hörður Bragason**
Ólafur Arason — **Shui Kay Ma**

Torfhildur heitir eftir fyrstu skáldkonu Íslands en er alltaf kölluð Tolla og hrökk í kút ef hún var nefnd fullu nafni sem barn.

Man eftir mér tveggja ára

Torfhildur Hólm Torfadóttir, hagyrðingur frá Hala í Suðursveit, verður sjötíu og fimm ára á morgun, 16. febrúar. Hún man vel Þórberg og alla andana sem honum fylgdu.

Torfhildur Hólm, kölluð Tolla, býr á Höfn í Hornafirði. Flutti þangað með manni sínum, Þorbergi Bjarnasyni (Bía) fyrir tveimur árum frá Gerði í Suðursveit. Hún er elst tíu barna hjónanna Ingibjargar Zophoníasdóttur og Torfa Steinþórssonar sem bjuggu á Hala og fagnar sjötíu og fimm ára afmæli á morgun.

Hvenær manstu fyrst eftir þér, Tolla?

„Það trúa því ekki allir en ég man eftir mér tveggja ára. Þá fór ég með mömmu norður í Svarfaðardal að heilsa upp á fólkið okkar þar og man mörg atriði úr þeirri heimsókn.“

Heitir þú eftir fyrstu skáldkonu Íslands?

„Já, svo er mér sagt. Hún fæddist öld á undan mér og ólst upp í Suðursveit. Pabbi hennar var prestur á Kálfafellsstað. En svo var ég alltaf kölluð Tolla, kannski hef ég byrjað á því sjálf, en þegar ég var nefnd Torfhildur tók ég voðalegan kipp, það var einhver alvara í því.“

Kynntist þú Þórbergi vel?

„Já, hann var afabróðir minn og var oft á Hala þegar ég var barn og alveg fram á mín fullorðinsár. Kom á hverju sumri og þau hjónin bæði. Mér fannst þau ekkert voða skemmtileg þegar ég var minni en þegar ég fékk meira vit kunni ég að meta þau.“

Er þér eitthvað minnisstætt úr samskiptum þínum við Þórberg?

„Það voru auðvitað blessaðir andarnir sem hann var alltaf að koma með. Það voru nautsandinn og vatnsandinn og margir fleiri sem hann hræddi okkur

> **Svo fór hann allt í einu að öskra og snúast í hringi og Óskar frændi varð svo hræddur að ég hef aldrei séð barn hlaupa eins hratt.**

á. Einu sinni þóttist hann ætla að grafa andana og daginn eftir ætlaði hann svo að fara að vekja þá upp. Þá vafði hann um sig kaðli og gekk niður á túnið með járnkarl í hönd. Við krakkarnir fórum í humátt á eftir honum. Svo fór hann allt í einu að öskra og snúast í hringi og Óskar frændi varð svo hræddur að ég hef aldrei séð barn hlaupa eins hratt. Við vorum mishrædd, innst inni fannst okkur þetta spennandi.“

Var Halaheimilið fjölmennt í þínum uppvexti?

„Já, við erum tíu systkinin og ég byrjaði snemma að eignast börn með mínum manni. Árið sem mamma fæddi síðasta barnið sitt, eignaðist ég þriðja mitt. Við Bíi bjuggum á Hala fyrst í samkrulli við foreldra mína með okkar þrjú litlu börn, þá voru þrjár yngstu systur mínar litlar. Svo voru Steinunn amma og Steinþór afi líka á heimilinu. Auk þess var mikill gestagangur og margir dvöldu daga og vikur yfir sumarið. Það þótti bara sjálfsagt. Ég hef oft minnst á það við mömmu að það sé merkilegt að hún skyldi halda heilsu með allt sem hún hafði að gera. Svo kom að því að við Bíi fluttum að Gerði, sem er á sömu torfu og Hali, og fórum að búa út af fyrir okkur.“

Hafðir þú gaman af búskapnum?

„Já, hann var það skemmtilegasta sem ég vissi, ég hafði svo gaman af skepnunum, bæði kindum og kúm.“

Fannst þér þá ekki erfitt að skilja við sveitina?

„Nei, veistu, þegar við fluttum austur á Höfn fyrir tveimur árum þá fannst mér það ekkert erfitt, það eina sem ég saknaði var garðurinn minn á Gerði. Núna langar mig eiginlega aldrei að fara vestur í sveit. Er bara mjög ánægð hér. Við búum í Ekrunni og höfum hér dýrðlegt útsýni, allan fjallahringinn.“

Hvað eigið þið Bíi af afkomendum?

„Við eigum sex börn, nítján barnabörn, tíu langömmu og langafabörn og sjö fóstur-barnabörn.“

Er eitthvað af þessu fólki í kringum ykkur?

„Bara Bjössi með sína fjölskyldu á Gerði, hitt er allt á höfuðborgarsvæðinu. En tvö systkini mín búa hér á Höfn og þrír bræður á Hala. Svo er mamma hér á hjúkrunarheimilinu, á 97. aldursári.“

Ertu alltaf að yrkja?

„Nei, ég er lítið í því, þó kemur það fyrir. Var eiginlega búin að fá mig fullsadda af því, því ég var svo oft að yrkja eftir pöntunum, fyrir þorrablót og hitt og annað.

Hver eru helstu áhugamálin núna?

„Þau eru mörg. Ég hef gaman af blómum, það er gott pláss hér við húsið og ég var með heilmikla blómarækt þar í fyrrasumar. Svo les ég mikið og nýt mín við handavinnu. Heimsæki móður mína og sit hjá henni. Ég hef alltaf nóg að gera.“ **gun@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 18. FEBRÚAR 2006

Sylvía Nótt kom, sá og sigraði

Lagið To hamingju Ísland eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson sigraði með yfirburðum í hinni íslensku undankeppni fyrir Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva þennan dag árið 2006. Þar með var afráðið að það yrði fulltrúi Íslands í keppninni sem fram undan var í Aþenu í Grikklandi.

Söngkonan Silvía Nótt flutti lagið

með tilþrifum en bak við gervi hennar leyndist leik-og söngkonan Ágústa Eva Erlendsdóttir. Til hamingju Ísland fékk yfir 70 þúsund atkvæði af þeim ríflega 100.000 sem greidd voru af íslensku þjóðinni. Lagið Þér við hlið eftir Trausta Bjarnason varð í öðru sæti og í þriðja sæti var lagið Það verður, eftir Hallgrím Óskarsson.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lilja Þórðardóttir

Njarðarvöllum 2, Njarðvík,

lést á Hrafnistu Nesvöllum, föstudaginn 7. febrúar.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, fimmtudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

Hrafnhildur Jónsdóttir
Númi Jónsson
Sigurveig Una Jónsdóttir
Sif Jónsdóttir
Karl Antonsson
Ásdís Gunnlaugsdóttir
Jónas Pétursson
ömmubörn og langömmubörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurbjörn Friðrik Ólason

Lyngbergi 19, Þorlákshöfn,

lést á Landspítalanum 10. febrúar.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Guðmunda Þórhildur Einarsdóttir
Einar Óli Sigurbjörnsson
Hafdís Gerður Guðmundsdóttir
Svanur Þór Sigurbjörnsson
Reynir Sigurbjörnsson
Helga Ögmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ragnhildur Einarsdóttir

Sólheimum 25, Reykjavík,

lést á Landspítalanum, Fossvogi, sunnudaginn 9. febrúar.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 17. febrúar klukkan 15.00.

Einar Albertsson
Ólafur Albertsson
Albert Albertsson
Imelda Caingcoy
barnabörn og barnabarnabarn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gísli Ragnar Sigurðsson

fæddur 19.09.43
Vallarási 5,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 9. febrúar síðastliðinn.
Hann verður borinn til grafar frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 21. febrúar kl. 13.00.

Guðmundur Stefán Gíslason
Sigurður Ragnar Gíslason
Róbert Örn Diego
Elín María Thayer
Valgerður Steindórsdóttir Briem
Halldóra Guðrún Jóhannsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Óskar Vigfús Markússon

húsgagnasmíðameistari, frá Rofabæ í Meðallandi,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Klausturhólum 5. febrúar sl.
Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 17. febrúar klukkan 15.00.

Ólafur Ingi Óskarsson
Ásdís Óskarsdóttir
Erna Björg Baldursdóttir
Jón Daði Ólafsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær frænka okkar,

Kolbrún Jensdóttir

hjúkrunarfræðingur,

sem lést mánudaginn 10. febrúar, verður jarðsungin frá Áskirkju í Reykjavík, miðvikudaginn 19. febrúar, klukkan 13.00.

Katrín María Elínborgardóttir
Þorlákur Jónsson
Ísak Jónsson
Sóley Kristín Jónsdóttir
Axel Viðar Egilsson
Pétur Már Egilsson

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Ruth Pálsdóttir

lést á hjúkrunarheimilinu Eir í Reykjavík föstudaginn 7. febrúar og verður jarðsungin frá Háteigskirkju miðvikudaginn 19. febrúar klukkan 13.00.

Brynja Vermundsdóttir
Kristín Fenger Vermundsdóttir
Páll Ómar Vermundsson
Sigurbjörg Ingunn Vermundsdóttir
Logi Úlfarsson
Helgi Benediktsson
Öystein Moe
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Júlíus G. Bjarnason

lést 12. febrúar á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útför hans verður frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, föstudaginn 21. febrúar, klukkan 15.

Magnfríður Júlíusdóttir
Bjarni Már Júlíusson
Björn Starri Júlíusson
Ragna Valdís Júlíusdóttir
Jóna Björg Björgvinsdóttir
Bozena Teresa Bialk
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar og amma,

Sigurrós M. Steingrímsdóttir

(Rósa)

Fannafelli 8, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 9. febrúar. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 21. febrúar klukkan 13.

Henning Árni Jóhannsson
Þorsteinn Stefán Jóhannsson
Dagur Már Jóhannsson
og barnabörn.

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Einar Sverrisson

viðskiptafræðingur, Hlíðarhúsum 5, Reykjavík,

lést 2. febrúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju fimmtudaginn 20 febrúar kl. 13.00.

Þorgeir Einarsson
Sverrir Einarsson
Vilborg Rósa Einarsdóttir
Sigurlaug Vigdís Einarsdóttir
Sigrún Unnur Einarsdóttir
Halla Kristín Þorsteinsdóttir
Tryggvi M. Baldvinsson
Sigurjón Bragason
og afabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Siggeirsdóttir

áður til heimilis að Boðagranda 7,

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 11. febrúar sl. verður jarðsungin frá Langholtskirkju, þriðjudaginnn 18. febrúar nk. og hefst athöfnin kl. 13.00.
Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin.
Starfsfólki öllu á 3. hæð Hrafnistu í Hafnarfirði eru færðar innilegar þakkir fyrir hlýhug og ómetanlega umhyggju sem það sýndi hinni látnu.

Hulda Imad Khalidi
Linda Ýr
Ómar, Aden og Matthew Timothy

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Gróa Valdimarsdóttir

sem lést á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum miðvikudaginn 29. janúar, verður jarðsungin frá Neskirkju miðvikudaginn 19. febrúar klukkan 13.00.

Valdimar Bjarnason
Berta Karen Rumens
Kristmundur Már Bjarnason
Bjarni Steinar Bjarnason
Arnar Bjarnason
Unnur Edda Müller
Áslaug Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginkona, móðir, amma og langamma,

Elísabet G. Jónsdóttir

lést miðvikudaginn 5. febrúar á Borgarspítalanum.
Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 18. febrúar kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á að styðja Krabbameinsfélagið.

Sævar Hallgrímsson
Ædís B. Einarsdóttir
Brynjólfur Einarsson
Sigríður H. Sævarsdóttir
Sóley Sævarsdóttir
Ingólfur Magnússon
Sigríður S. Guðbrandsdóttir
Rafn Hjaltason
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Aðalsteinn Páll Guðjónsson

Sóltúni 1,

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 2.2. 2020.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð.

Viðir Aðalsteinsson
Burkni Aðalsteinsson
Rósar Aðalsteinsson
Ingveldur Eyjólfsdóttir
Lára Pétursdóttir
Corazon Valeriano
afabörn, langafabörn og langalangafabörn.

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Önnu Sigfúsdóttur

áður til heimilis að Árskógum 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sólteigs á Hrafnistu í Reykjavík fyrir hlýja og góða umönnun.

Gréta Viðars Jónsdóttir
Guðrún Rögn Jónsdóttir
Sólbjörg Alda Jónsdóttir
Sigfús Kristinn Jónsson
Guðjón Jónsson
Ragnhildur Guðnadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

ÖRYGGISGÆSLA

S	Æ	N	G	U	R	V	E	R	■	H	■	L	■	B	■	S	■	E	■
K	■	A	■	P	■	E	■	I	L	L	R	Æ	Đ	I	S	M	A	N	N
A	R	F	A	P	R	I	N	S	■	U	■	K	■	Đ	■	Á	■	D	■
K	■	N	■	H	■	Đ	■	L	A	T	Í	N	U	L	E	S	T	U	R
K	U	K	L	A	R	I	■	A	■	A	■	A	■	E	■	Ö	■	R	■
A	■	U	■	L	■	M	■	U	M	V	I	L	L	I	N	G	A	N	A
F	A	N	G	A	L	A	U	S	■	E	■	Ö	■	K	■	U	■	A	■
A	■	N	■	R	■	N	■	A	■	L	A	G	A	S	K	R	Á	R	■
L	A	U	G	A	R	N	A	R	■	T	■	■	Đ	■	R	■	L	■	G
L	■	G	■	N	■	■	L	■	H	A	L	L	A	M	Á	L	I	N	U
A	F	S	K	A	P	L	E	G	U	■	Í	■	L	■	A	■	T	■	F
■	Ó	■	A	■	O	■	I	■	G	Á	F	U	M	E	R	K	I	N	U
S	T	Ó	R	S	T	Í	G	U	R	■	S	■	E	■	H	■	N	■	B
■	V	■	A	■	T	■	U	■	A	F	S	K	I	P	A	■	N	■	Á
T	Í	G	R	I	S	S	N	Á	K	■	Ý	■	N	■	L	Ó	A	S	T
■	S	■	F	■	T	■	N	■	K	Y	N	K	A	L	D	A	■	V	■
V	A	R	A	S	E	M	I	N	A	■	■	L	■	■	A	R	K	A	R
Í	■	■	S	■	I	■	■	Ú	R	S	N	A	R	A	R	■	■	R	■
S	P	Ý	T	U	K	A	R	L	■	E	■	K	■	■	A	F	Æ	T	U
A	■	■	A	■	T	■	■	L	E	T	T	I	N	N	■	■	■	Á	■

LAUSNARORÐ: Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist náttúrulegt kennileiti.
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 21. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „15. febrúar “.

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Hnífur** eftir **Jo Nesbø** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Katrín Magnúsdóttir, Seltjarnarnesi**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Lipur en leiftrar vart án leiðsagnar og æfinga (9)
11 Vill staldra við voða á Ægisíðu, enda hallur undir háskaspil (12)
12 Svona á að skrifa þetta! (9)
13 Heldur þú ræður um laxana sem þú veiðir, fjölda þeirra og stærð? (9)
14 Veirusýking er fyrir hinar, ég leita einnar slíkrar (9)
15 Þetta er alveg glatað orð (4)
16 Lentu á svæðum fyrir aðkomufólk (9)
17 Sætta sig við næturúða og umhverfið allt (9)
18 Í augnablikinu sé ég frú á leið úr nuddi (4)
21 Þjóti hér þýður klár, þá skal hann þaulþýður vera (10)
23 Víst er hann þurrausinn, þessi brunnur (7)
27 Taka aum grey og hrella alla þeirra skólagöngu (6)
28 Efla varðstöðu A milli óvæntra vinnulota (9)
33 Fram á ystu brún æxlunarsellu (8)
34 Eimað kók eða eldur í sjó? (7)
35 Skelli tveimur umferðum á hanabjálka milli miðnættis og miðmorguns (7)
36 Stækka má storm við refsingu boltaliðs (8)
37 Rækta sæg af svínum og nota leðrið í skó (7)
39 Þessi orðmynd er uppspretta flestra samræðna minna við mig (7)
40 Innvols sem skíthæll í fiskimjölsverksmiðjunni þekkir vel (8)
41 Þið sem drekkið áfengislausa kokteila eruð nú svolítið viðkvæm blóm (7)
43 Var að logskera bíl og er enn með læti (7)
44 Leita brota móðurleifðar með hjálp munnmæla (8)
45 Sá fúli finnur leiðindavökva (7)
47 Hrakti ála þig í vel lyktandi en ódrekkandi áfengi? (8)
48 Fæ ég verðlaun ef ég felli kóng? (8)
49 Munstra Örn til að róa mér heim (6)
50 Tjúllað tvíeyki með beittar skoðanir (7)

LÓÐRÉTT

1 Renna yfir dirfsku þeirra gulu (9)
2 Hámaðir í þig kvensamt hvarfið (9)
3 Bjarga ber geymslu frá bófum (9)
4 Tókst að finna net á ráðstefnum í skjóli myrkurs (11)
5 Nei, ekki froskpadda sem lifir í sjó, heldur sæsnigill (10)
6 Varða bíður vöktum að sinna (10)
7 Áður var þessari gangbraut deilt niður á almúga og fyrirfólk (10)
8 Smá reyk og lítinn bor, og þurr tuggan minnir á kryddlausan fiskinn (9)
9 Riðum í vík vegna alls sem vantar (9)
10 Hví drekkur Anna gin? Jú, einhvern veginn er ilmurinn ómótstæðilegur (7)
19 Í þjóðsögum er klukka forboði félagaflótta (7)
20 Hvort leita frísk í AA-samtökin eða senegalska sól? (7)
22 Dreg grænmeti úr ljósum logum og gef ungviðinu (8)
24 Átján ára og þegar á sneplunum (12)
25 Dóp og deilur valda fljótfærni minni út af lækningajurtinni (12)
26 Verkfæri heimskingja leita kjafta fyrir feitina (12)
29 Fólk sem etur urt keisara verður prúðmannlegra (10)
30 Tilfinning fyrir vísindum er tilgangur vísindanna? (11)
31 Býr til vitleysing vegna vitleysisgangs (11)
32 Lúta stjórn óbreyttrar en strangrar konu (9)
38 Ólofuð og svallsöm nota belti til málamynda (8)
42 Fýla veldur klígju (6)
46 Þegar þessi hætti í Smiths varð mikið brak (4)

LÉTT

1							5	9
8				3	7	1		
			4					2
						7	3	
	5	9	6	7		2	8	
6		1		8			4	5
			5	1		6		
	6		8					3

MIÐLUNGS

				5			9	
			4		9	5		
	3	5		8				6
	6	2	1	9				
8					4	6		
	9				7			2
2	8	9		1				
4	1		6					
	7	6			2			3

ÞUNG

		8	3					
	1	6	8		7			3
		4			2	6		
		9		3			1	5
5			1			2		
8	3							
				2	6			
			7			3	9	
			4	8				

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

3	1	8	5	6	9	4	7	2
5	9	2	7	1	4	8	6	3
6	4	7	2	8	3	9	1	5
7	2	1	8	9	6	5	3	4
4	3	6	1	5	2	7	9	8
8	5	9	3	4	7	6	2	1
2	6	4	9	3	5	1	8	7
9	8	3	4	7	1	2	5	6
1	7	5	6	2	8	3	4	9

4	6	1	3	7	9	5	8	2
7	5	2	4	6	8	9	1	3
8	9	3	5	2	1	4	6	7
1	2	9	6	8	3	7	4	5
3	4	8	7	9	5	6	2	1
5	7	6	1	4	2	3	9	8
6	1	4	8	3	7	2	5	9
9	3	5	2	1	4	8	7	6
2	8	7	9	5	6	1	3	4

4	2	6	3	5	7	1	9	8
5	9	3	8	6	1	2	4	7
1	8	7	9	2	4	5	3	6
6	4	8	2	7	5	3	1	9
9	3	2	4	1	8	6	7	5
7	5	1	6	9	3	4	8	2
8	6	4	5	3	9	7	2	1
2	7	9	1	4	6	8	5	3
3	1	5	7	8	2	9	6	4

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik

Ruderfer átti leik gegn Manin í Taschkent árið 1979.

1. Bh3!! Dxh3 2. Hxf4!! 1-0.

www.skak.is: Allt um skák á Íslandi

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

SVEIFLUSPIL

Danska sveitin Ballebo náði fyrsta sætinu í sveitakeppni Bridgehátíðar. Hún náði 143,26 stigum en sveit Hótel Hamars lenti í öðru sætinu með 137,39 stig. Spilarar í sveit Ballebo voru hjónin Morten-Dorte Bilde og hjónin Sabine Auken-Roy Welland. Sveit Ballebo var alltaf í hópi efstu sveita og keppti jafnan á efstu borðum. Í níundu umferð mótsins (af 10) voru andstæðingarnir sveit Brimsack, sem kenndi sig við Bandaríkin. Sveit Ballebo vann þann leik sannfærandi 16,97-3,03 og 25-0 í impum. Segja má að grunnurinn að sigrinum hafi verið lagður í þeim leik. Í þessu spili í leiknum græddi sveit Ballebo 13 impa. Austur var gjafari og allir á hættu.

Norður
♠ -
♥ ÁK65
♦ 742
♣ ÁG10965

Vestur
♠ 864
♥ G10872
♦ KD986
♣ -

Austur
♠ ÁG753
♥ 94
♦ G1053
♣ K4

Suður
♠ KD1092
♥ D3
♦ Á
♣ D8732

Suður vakti yfirleitt á spaða og norður geimkrafði með tveimur laufum. Eins og sést, er laufslemma næsta örugur samningur í NS, en það dró úr mörgum að vakning suðurs var á spaða og margir punktar þar. Margir létu því nægja að spila laufgeim eins og var niðurstaðan hjá Brimsack sveitinni. Ballebo sveitin var hins vegar metnaðarfyllri, enda með 6-5 samlegu og fór alla leið í 6 ♣. Álíka margir fóru í laufslemmu og létu geim duga í salnum. Hæsta skorið í NS var 1540 fyrir 6 ♣ dobluð, en hæsta skorið í AV var 670 (tvö borð) sem fengust fyrir að standa 3 ♦ doblaða. Sveit Skjanna (sem var að spila á fyrsta borðinu gegn dönsku sveitinni Randers) fékk 16 impa í gróða á þessu spili. Fengu 800 fyrir skorið í NS í opnum sal fyrir 3 ♠ doblaða í austur og bjuggust ekki við að græða á því. En 670 kallinn til viðbótar þyddi 16 impa gróða. Það borgar sig fyrir AV að fara í 6 ♦ doblaða (1100), yfir 6 ♣. Sá samningur var hins vegar ekki spilaður á neinu borði!

RE/MAX Fjörður

Ertu í söluhugleiðingum ?

Vertu í sambandi ég vil vinna fyrir þig.
Sími **695-3502**

Sigrún Matthea Sigvaldadóttir
Löggiltur fasteignasali
Sími: 695 3502
sms@remax.is

RE/MAX Senter

Kornsá í Vatnsdal
541 Blönduós
Sögufrækt hús (Agnes & Friðrik)

Stærð: 124,8 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 1879
Fasteignamat: 4.370.000

Bókið skoðun hjá Skúla s. 8994831 | **Verð: 46.000.000**

RE/MAX Senter kynnir einstakt 210 m2 hús með sál og sögu (í hringiðu um síðustu aftökuna á Íslandi). Lárus Blöndal sýslumaður byggði upprunalega húsið árið 1879, en það var endurnýjað af núverandi eiganda árið 2000-2014 og var það gert í samvinnu við Minjastofnun. Upprunalegum arkitektúr og byggingarstíl var haldið og er sumt sem er í húsinu í dag upprunalegt, s.s. hurðar og gólf að hluta.
Húsið er um 80 m2 að grunnfleti og er á þremur hæðum. Jarðhæð og 1. hæð eru um 160 m2 og rishæð 50 m2. Eignin skiptist í forstofu, borðstofu, stofu, eldhús, fjögur svefnherbergi, baðherbergi og geymslur.
Úr húsinu er útsýni yfir Vatnsdalinn og Vatnsdalsánna (laxá) sem svo rennur í Húnavatn.
Á lóðinni er einnig fallegt A-hús með torfþaki.
Innbú og tæki geta fylgt.
3ja tíma akstur frá Reykjavík og hálftíma akstur á Blönduós.
Nánari upplýsingar veitir Skúli eigandi í síma 8994831 og Sigrún fasteignasali í síma 8640061.

Sigrún Gréta H.
Lögg. fasteignasali
864 0061
sigrun@remax.is

RE/MAX Senter

Klapparhlíð 30
270 Mosfellsbær
Góð fjögurra herbergja endaíbúð

Stærð: 99 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2002
Fasteignamat: 4.315.000

Opið hús á mánudag 17. febrúar frá kl. 17:30-18:00 | **Verð: 48.900.000**



Vel skipulögð og vel staðsett fjögurra herbergja endaíbúð á 2. hæð með sérgeymslu í sameign við Klapparhlíð 30, 270 Mosfellsbær. Íbúðin er skráð samtals 99 fm, þar af er 7,5 fm geymsla í sameign.

Skipulag er eftirfarandi: Anddyri, þrjú svefnherbergi, stofa/borðstofa og eldhús. Baðherbergi með þvottahús inn af baðherbergi. Sér geymsla í sameign. Góðar svalir sem snúa í suð/vestur.

Góð staðsetning, þar sem stutt er í alla helstu þjónustu svo sem skóla, leikskóla, frístunda og íþróttaiðkun, sundlaug, heilsugæslu, verslanir ofl.

Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
661-6056
gulli@remax.is

RE/MAX Senter

Arkarholt 16
270 Mosfellsbær
Einbýli á vinsælum stað

Stærð: 193 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1977
Fasteignamat: 70.050.000



Sunnudaginn 16 feb. kl.16.00 - 16.30 | **Verð: 72.900.000**

Virkilega skemmtilegt einbýli á einni hæð með bílskúr í lokuðum botnlanga. Eignin samanstendur af andyri með gestasnyrtingu, holi, eldhúsi, stofu//borðstofu, þremur herbergjum og fjölskylduherbergi, baðherbergi og þvottahúsi/geymslu. Bílskúr er er 55 m2 með gönguhurð og búið að skipta honum upp og er núna stórt rými inn af honum með salernisaðstöðu og útgengi út í garð. (möguleiki á auka íbúð). Stutt er í fallegar gönguleiðir meðfram sjávarsíðunni og flesta þjónustu, skóla og verslanir.

Kristín Ósk
Lögg. fasteignasali
8226800
kor@remax.is

RE/MAX Senter

Veghús 17
112 Reykjavík
5-6 svefnher. Með bílskúr

Stærð: 190,5 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1990
Fasteignamat: 57.950.000
Bílskúr: Já

Mánudag 17.feb. kl.17.00-17.30 | **Verð: 59.900.000**

Virkilega góð 5 svefnherb íbúð á tveimur hæðum auk bílskúrs á góðum stað í Grafarvogi. Eignin samanstendur af andyri og holi, eldhús, baðherbergi með baðkari og sturtu, borðstofu/stofu með útgengi á suðursvalir, þrjú svefnherbergi á neðri hæð og tvö á efri hæð ásamt sjónvarpsholi og baðherbergi með sturtu, þvottahús. Mögulegt að bæta það við sjötta svefnherberginu. Sér bílskúr fylgir eigninni. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Fallegt útsýni yfir Esjuna. Stutt er á stofnbrautir.

Kristín Ósk
Lögg. fasteignasali
8226800
kor@remax.is

RE/MAX Senter

Logafold 147
112 Reykjavík
Tvö svefnherbergi - Sérinngangur

Stærð: 71,5 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1990
Fasteignamat: 35.550.000

Opið hús á sunnd.16.feb kl.12:00-12:30 | **Verð: 37.900.000**

Vel skipulögð þriggja herbergja 71,5 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi í fallegu vel staðsettu tvíbýlishúsi (parhúsi) við Logafold 147, 112 Reykjavík. Íbúðinni fylgir geymsluskúr á lóð bak við húsið. Íbúðin er laus til afehdningar við kaupsamning.



Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
661-6056
gulli@remax.is

RE/MAX Senter

Keilugrandi 8
107 Reykjavík
Gott skipulag og sér verönd

Stærð: 52,2 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1982
Fasteignamat: 30.950.000

Opið hús á sunnd.16.feb kl.16:00-16:30 | **Verð: 34.900.000**

Vel skipulögð og snyrtileg tveggja herbergja 52,2 fm íbúð á jarðhæð með sér verönd við Keilugranda 8, 107 Reykjavík.

Guðlaugur Jónas
Lögg. fasteignasali
661-6056
gulli@remax.is

bauhaus.is

BAUHAUS®

Allt að

70%

afsláttur

af öllu parketi sem hættir í sölu

Mv. almennt verð

Allt að

70%

afsláttur

af öllum flísum sem hætta í sölu

Mv. almennt verð

EKKI MISSA AF LAGERHREINSUN BAUHAUS

Allt að

50%

afsláttur

af öllum garð- og verkfærum sem hætta í sölu

Mv. almennt verð

30%

afsláttur

af Camargue Skårgård baðinnréttingum og sturtuþiljum

Mv. almennt verð

Camargue®

OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

Ert þú búinn að kynna þér verðvernd BAUHAUS?

Hjá BAUHAUS getur þú verið viss um að fá alltaf lægsta verðið á markaðnum!

Þess vegna erum við með verðvernd. Það þýðir að ef þú finnur sömu vöru ódýrari hjá samkeppnisaðila okkar lækkum við okkar verð. Þú finnur nánari upplýsingar inn á heimasíðu okkar: bauhaus.is/verðvernd.

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP!

Lagerhreinsun af völdum vörum og vörum sem hætta í sölu.
Komdu og gerðu frábær kaup! Takmarkað magn.

Lagerhreinsun

Allt að
70%
afsláttur
af smávöru fyrir baðherbergi
Mv. almennt verð

Allt að
50%
afsláttur
af grillum og kamínum sem hætta í sölu
Mv. almennt verð

Tilboð á lagerhreinsun gilda til og með sunnudeginum 16. febrúar.

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi

391

„Nú mala ég ykkur,“ sagði Kata glottandi þegar hún sá sudoku gáturnar. „Ég er orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. Konráð horfði á gáturnar. „Allt í lagi, til er ég.“ „Og ég,“ sagði Lísaloppa sem var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ bætti hún við. „Allt í lagi,“ sagði Kata montin. „En ég vara ykkur við,“ bætti hún við. „Ég mun mala ykkur,“ sagði hún og glotti en meir.

			2	1	3	6	5	8
		8						1
5				8				9
		1		2	9			7
3		9						4
	1	5			2		8	
				7	8		4	2
7			4		1		3	

	4	6		5		2		
			2			7		
		5	7	3		8		
4	6		8		9			
3		2	4					
8	5				7		2	1
			6					
6	2	7		8	3			9
			1	9			3	

Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?

Brandarar

„Palli, þú ættir að þvo þér í framan. Það sést á andlitinu á þér hvað þú varst að borða í hádeginu.“
„Jæja, og hvað borðaði ég svosem í hádeginu?“
„Spagettí.“
„Nei, það var í gær.“

Ferðamaðurinn: „Er húsið þarna sumarbústaður?“
Bóndinn: „Já, ef einhver vill leigja það. Annars verður það svínastía áfram.“

„Ég vil ekki segja að maðurinn minn sé grindhoraður en þegar hann fór með dóttur okkar niður að Tjörn á laugardaginn hentu endurnar brauði til hans.“



Dýr vikunnar

Laufhalaeðlan er alger sérfræðingur í að forðast stærri dýr.

Laufhalaeðla

Laufhalaeðla (e. satanic leaf-tailed gecko) lifir á Madagaskar. Hún er fimm til fimmtán sentimetrar að lengd. Hali hennar er flatur og líkist mjög laufi, eins og nafn hennar bendir til. Það hjálpar henni að dyljast óvinum sínum á daginn og liggja í leyni fyrir bráð sinni að nóttu til. Hún hefur engin augnlok en notar langa tunguna til að hreinsa óhreinindi úr augunum.

Laufhalaeðlan er næturdýr. Hún veiðir sér skordýr til matar, meðal annars krybbur og meli.

Sjálf er hún sérfræðingur í að forðast stærri dýr. Það gerir hún með feluhalanum sínum og hefur líka ýmis önnur ráð. Hún getur, til dæmis, gert sig marflata, til að minnka skuggann sem hún annars varpar; hún getur opnað skoltinn á sér upp á gátt, þannig að við óvininum blasi ógnvekjandi eldrautt munnholið og svo getur hún misst halann, vísvitandi, til að villa um fyrir þeim sem ætla að veiða hana.



„Ég er sko ekki orðinn gamall, ég verð það bara þegar ég verð eldri.“

Stundum get ég verið klaufi

Hans klaufi er sýndur í glænýjum búningi í Tjarnarbíói, af leikhópnum Lottu. Hann var króaður af í viðtal:

Hvað heitir þú fullu nafni og hversu gamall ertu? Ég heiti Hans, Hans klaufi, og ég er sko ekki orðinn gamall, ég verð það bara þegar ég verð eldri.

Ertu klaufabárður eða af hverju hefur þú viðurnefnið klaufi? Á ég að segja þér, stundum get ég verið klaufi en ekkert alltaf. Eins og til dæmis ef maður heitir Þröstur, þá er maður ekkert alltaf fugl.

Ertu sonur karls og kerlingar í koti sínu – eða hverra manna ertu? Já, foreldrar mínir eru karl og kerling.

Áttu einhver systkini – og þá hver? Á ég að segja þér, ég á sko systur sem heitir Gréta og við erum sko systkini og við heitum Hans og Gréta.

Hver er besti vinur þinn? Á ég að segja þér, hann heitir sko Aron, Aron prins. Aron er sko mjög góður (hann er eiginlega bara bestur). Hann á sko heima í kastala í Ævintýraskóginum.

Áttu einhverja óvini? Nauts, af hverju ætti maður að vilja eiga svoleiðis?

Hverja umgengst þú helst í þessu leikriti um Hans klaufa sem er í Tjarnarbíói núna? Aron, ég er sko aðstoðarmaðurinn hans, ég er samt ekki aðstoðarmaðurinn minn. Þegar ég segi að ég sé aðstoðarmaðurinn hans þá þýðir sko hans Arons en ekki Hans klaufa. Enda gæti ég ekkert verið aðstoðarmaðurinn hjá sjálfum mér, hahahahahahaha. Svo hitti ég líka Öskubusku og stjúpsystur hennar og frosk og systkini hans Arons, þau heita Ríkey og Sölvi.

„ÁÐUR EN ÉG FER AÐ SEGJA ÞÉR, ÉG Á SKO SYSTUR SEM HEITIR GRÉTA OG VIÐ ERUM SKO SYSTKINI OG VIÐ HEITUM HANS OG GRÉTA.

Hvað finnst þér langskemmtilegast að gera? Leika mér og baka og skrifa sögur og á ég að segja þér, núna er ég að skrifa sögu sem heitir Hans klaufi.

Hvað finnst þér best að borða? Baka bollur og borða þær, til dæmis rjómabollur og fiskibollur og kjötbollur og berlínarbollur og svo á ég líka afmæli á bolludaginn. Aron segir að það sé ekki hægt, hann segir: „Hans, bolludagurinn er ekki alltaf á sama degi.“ Þá segi ég alltaf... uuu... jú, bolludagurinn er alltaf á bolludegi!

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór? Kannski bollubakari í höllinni eða – hey – kannski verð ég ekkert stærri og þá verð ég kannski bara áfram aðstoðarmaðurinn hans Arons og ef ég verð alltof stór þá kannski verð ég bara RISASTÓR HANS KLAUFI.



LOKAÞÁTTARÖÐ

SUNNUDAG

Homeland

Lokaþáttaröð þessara mögnuðu spennuþátta þar sem við höldum áfram að fylgjast með Carrie Mathison takast á við allar þær áskoranir sem fylgja því að starfa hjá leyniþjónustu Bandaríkjanna.

stod2.is 1817

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 10 ←	-2 °C | 14 ↙	-3 °C | 1 ←
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-2 °C | 4 ↓	4 °C | 17 ↙	-6 °C | 12 ↙

Gengur í austan og norðaustan 13-20 m/s, en 20-25 um tíma syðst á landinu. Rigning eða slydda um landið sunnan- og austanvert, en snjókoma á Vestfjörðum. Þurrt á Norður- og Vesturlandi framan af degi, en dálítil úrkoma þar seinnipartinn. Hiti 0 til 7 stig, hlýjast syðst.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík	1 °C | 1 ↙	-1 °C | 4 ↙	-2 °C | 5 ←	0 °C | 4 ↖	2 °C | 6 →
Ísafjörður	0 °C | 7 ↙	-2 °C | 4 ↙	-5 °C | 4 ←	-5 °C | 4 ↖	-1 °C | 6 ↓
Akureyri	-3 °C | 1 ↑	-4 °C | 2 ↘	-7 °C | 1 ↑	-7 °C | 2 ↑	-7 °C | 2 ↑
Egilsstaðir	-4 °C | 1 →	-2 °C | 5 ↘	-5 °C | 1 ↘	-5 °C | 1 ↑	2 °C | 2 ↑
Kirkjubæjarklaustur	0 °C | 2 ↓	0 °C | 2 ↙	-6 °C | 2 ↙	-2 °C | 3 ↙	2 °C | 2 ↗
Hveravellir	-12 °C | 2 ↘	-6 °C | 6 ↓	-10 °C | 4 ↑	-7 °C | 5 ↑	-3 °C | 3 ↑

Miðstöð íslenskra bókmennta auglýsir eftir styrkumsóknum

Útgáfustyrkir

Til útgáfu og miðlunar íslenskra ritverka, þar sem kappkostað er að styrkja verk sem hafa menningarlegt og þekkingarfræðilegt gildi.

Þýðingastyrkir

Til að þýða á íslensku mikilvæg verk úr samtímanum, erlendar fagurbókmenntir og fræðirit. Einnig myndríkar bækur fyrir börn og ungmenni.

Barna- og ungmennabóka–sjóðurinn Auður

Til útgáfu vandaðra bóka sem skrifaðar eru á íslensku, fyrir yngri lesendur.

Umsóknarfrestur er til 16. mars 2019

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar á www.islit.is

MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÞÍN ÚTIVIST
ÞÍN ÁNÆGJA

HELLY HANSEN®
DAGAR

Mikið úrval af vönduðum Helly Hansen fatnaði í verslunum Icewear Magasín fyrir herra, dömur og börn.

40% afsláttur

af öllum Helly Hansen úlpum.

@icewearmagasin

ICEWEAR MAGASÍN
SMÁRALIND · LAUGVEGUR 91

Ekkert í heiminum göfugra en hin verklega ást

Eiríkur Örn Norðdahl sendir frá sér nýja skáldsögu sem nefnist Brúin yfir Tangagötuna. Ástarsaga sem gerist á Ísafirði í húsinu þar sem hann býr. Segir að fyrir sér sé Ísafjörður fyrst og fremst staður núsins.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

„Maður ætti aldrei að skammast sín fyrir að þrá," segir Eiríkur Örn Norðdahl sem hefur skrifað ástarsögu. Sjálfur segist hann vera rómantískur.

Brúin yfir Tangagötuna er ný skáldsaga eftir Eirík Örn Norðdahl. „Hún gerist fyrir vestan, á Ísafirði, í húsinu mínu," segir Eiríkur. „Þegar ég byrjaði að skrifa hana sat ég við eldhúsborðið mitt og borðaði morgunmat og hún hefst þannig að þarna er maður sem situr við eldhúsborðið mitt og borðar hafragraut. Svo skilja leiðir. Hann býr einn, er eirðarlaus í vinnslustoppi í rækjunni og smám saman kemur í ljós að þetta er persóna sem ég hef skrifað um í annarri bók, Eitur fyrir byrjendur. Tangagatan, þar sem ég bý, er mjög lítil og þröng gata, og var öll grafin upp fyrir nokkrum árum. Þá var lögð brú frá útidyrunum mínum að útidyrunum hjá Begga nágranna mínum. Í sögunni er lögð brú frá húsi Halldórs að húsi Gyðu sem hann fær skyndilega á heilann. Gatan er mjög þröng, það eru ekki nema níu og hálft skref á milli þeirra, og einhvern veginn færast þau nær hvort öðru við tilkomu brúarinnar."

